

# FRÉTTATÍMINN

frettatiminn.is  
ritstjorn@frettatiminn.is  
auglysingar@frettatiminn.is  
16. tölublað  
8. árgangur

Laugardagur 25.02.2017



**Hægrisinnadasti ráðherrann**  
Nærmynd af Sigríði Á. Andersen **8**



**INNBRASIN FRA TRAPPIST-1**  
**28**



**Vil bara gera það sem ég hræðist**  
Sigríður Lárusdóttir kafar dýpra **26**



**HUSFELAG.IS**

Heildarþjónusta  
í ræstingum húsfélaga  
S. 555 - 6855

## Mér er skítsama hvað þeir segja



Bernharð Máni Snædal er litríkur og skemmtilegur þrettán ára strákur, stundum með bleikt hár, stundum með gloss eða maskara. Hann er einhverfur og með kvíðaröskun og ákvað ungur að koma út úr skápnum.

**14**

Mynd | Hari



**Datt í það og skipti um nafn**  
Alice Brown heitir nú Aðalheiður Eyvör **38**



**Lögfræðingur á flóttu**  
Heba Aljaraki vill fá að lifa í friði **20**



**Fjórða bylgja fémínisma er stéttabaráttu**  
**12**

**FRÍSKLEGT OG LÉTTKRYDDAÐ**



**women's secret**  
womensecret.com  
Smáralind 2. hæð S: 519 3020

**Komdu með í ferðalag...**

Prófaðu frítt án skuldbindingar

Gígabit tenging

1000 Mb

Hefðbúndin tenging

100 Mb



Ótakmarkaður farsími  
Ótakmarkaður ljósleiðari

**Hringiðan**  
INTERNETÞJÓNUSTA

Sími 525 2400 - hringidan.is



## FRÉTTATÍMINN

Köllunarklettsveg 1, 104 Reykjavík.  
☎ 531 33 00. ritstjórn@frettatiminn.is.

Útgefandi: Gunnar Smári Egilsson.  
Ritstjórn: Gunnar Smári Egilsson og Þóra Tómasdóttir. Fréttastjóri: Þóra Kristín Ásgeirsdóttir. Ritstjórnarfulltrúi: Höskuldur Daði Magnússon. Dreifing: Póstdreifing. Framkvæmda- & auglýsingastjóri: Valdimar Birgisson.

Fréttatíminn er gefinn út af Morgundeggi ehf. og er prentaður í 83.000 eintökum í Landsprenti.

## LAUN BIRNU

Tjöldin dregin frá. (Trumbusláttur)

Kjararáð ætlar að lækka laun Birnu Einarisdóttur, bankastjóra Íslandsbanka, um 40 prósent.

Úrskurður kjararáðs um gríðarlegar hækkningar til þingmanna og ráðherra hefur sett vinnurkaðinn á annan endann og því kemur þessi snaggarlega afgreiðsla á launum bankastýrinnar á óvart.

(Lúðrar þeyttir) Laun Birnu verða eftir breytinguna rúmar 2 milljónir með fastri yfirvinnu og álagi. (Tjöldin dregin fyrir)

II þáttur.

Birna kemur fasmikil inn á sviðið og bankastjórnin í humátt á eftir henni. (Fiðlutónlist)

Birna segist vera ákaflega dugleg í vinnunni og hafi meðal annars einu sinni verið valin viðskiptafræðingur ársins.

(Trumbusláttur) Tilkynt er að úrskurður kjararáðs um laun Birnu hafi engin áhrif því laun hennar verði færð undan kjararáði 1. júlí. Birna heyrir ekki undir kjararáð og hafi aldrei átt að heyra undir kjararáð. Kjararáð hneigir sig og þakkar út af sviðinu. (Leiktjöld falla)

Boðskapur verksins er sá að ef þjóðin á banka og rekur sérstakt kjararáð sem ákveður að lækka laun bankastjórans, er henni bara sagt dingla sér.

Ef þjóðin á Alþingi og ákveður að lækka laun 63 fulltrúa sinna, er henni sagt að ákvarðanir kjararáðs séu yfirnáttúrulegar og ekki á færi dauðlegra að grípa inn í.

Of ef einhver vill frekari útskýringar, svarar kjararáð ekki í símann.

Þóra Kristín



baenda  
FERDIR

## Sumargleði á Sikiley

7. - 21. ágúst

Sumar 11

Fararstjóri: Hólmfríður Bjarnadóttir

Sólrika eyjan Sikiley er undurfögur. Fornar minjar bera vitni um 3.000 ára sögu hennar og hvísla um menningu þeirra þjóða sem hér ríktu í gegnum tíðina. Ásamt því að skoða Palermo verður farið til Monreale, Ragusa sem er barokkprýði eyjarinnar, forngrísku borgarinnar Sýrakúsa, Modica sem frægust er fyrir súkkuláðigerð sína og Catania sem stendur við rætur eldfjallsins Etnu, sem við skoðum auðvitað nánar.

Verð: 338.300 kr. á mann í tvíþýli.

Mjög mikið innifalið!



Bókaðu núna á baendaferdir.is

Sími 570 2790 | bokun@baendaferdir.is | Síðumúla 2, 108 RVK

## Fékk heilablæðingu eftir tilefnislausu líkamsárás

**Lögregla Ráðist var á þrjú ungmenni í miðbænum aðfaranótt sunnudags. Árásin var tilefnislaus og þekktist fólkioð ekkert. Einn slasaðist alvarlega og er nýkominn til meðvitundar eftir alvarlega heilablæðingu. Faðir hans segir að hann hafi útskrifast af spítala í gær. Enginn hefur verið handtekinn.**

Þóra Kristín Ásgeirsdóttir  
tka@frettatiminn.is

„Ég ætla ekki að lýsa þeirri angist, þeim ótta og því varnarleysi sem við fjölskyldan upplifðum við sjúkrahæð sonar meðan við biðum milli vonar og ótta um hverjar afleiðingar þessa



Aðstoðarmaður Óttarrs Proppé segir að ekki liggja fyrir hvernær ákvörðun um hið einkarekna sjúkrahúsið Klíníkurinnar liggja fyrir.

## Óttarr undir feldi

Óttarr Proppé heilbrigðisráðgjafi liggur enn undir feldi og íhugar hvaða ákvörðun hann eigi að taka varðandi einkarekna sjúkrahúsið sem Klíníkin vill opna í Ármúlanum. Þetta segir aðstoðarmaður Óttarrs, Unnsteinn Jóhannsson, aðspurður um stöðu málsins. Ákvörðunin er komin inn á borð til Óttarrs, eins og Fréttatíminn greindi frá í lok janúar, eftir að Embætti landlæknis komst að þeirri niðurstöðu að rekstur Klíníkurinnar á fimm daga legudeild fyrir sjúklinga uppfyllti faglegar kröfur. Ákvörðunin er fordæmalaus í sögu íslenska heilbrigðiskerfisins þar sem sá möguleiki hefur aldrei áður verið fyrir hendi að einkarekið sjúkrahúsið opni á Íslandi. | *ifv*



Runólfur Ágústsson segist hafa lifað erfiðustu daga lífsins meðan hann beið eftir að sonurinn kæmist til meðvitundar.

hroðalega verknáðar yrðu,” segir Runólfur Ágústsson, íbúi í miðbænum, en sonur hans, kærasta hans og vinur þeirra urðu fyrir alvarlegri líkamsárás um helgina, aðfaranótt sunnudags.

Kvöldið áður höfðu Runólfur og Áslaug Guðrúnardóttir, sambýliskona hans, haft matarboð fyrir

börnin sín en þau eldri fóru út á lífið seinna um kvöldið.

„Þegar þau komu út af skemmtistað réðist hópur fólks sem þau þekktu ekki á þau í Hafnarstræti og misþyrmdi þeim. „Karen og vinurinn sluppu með mar og skrámur en Eyvindur var ekki svo heppinn. Hann fékk heilablæðingu,” segir Runólfur.

Sonur Runólfs er kominn til meðvitundar og var að útskrifast í gær. Runólfur segist sjaldan hafa upplifð að verri daga. Enginn hefur verið handtekinn vegna málsins en það er til rannsóknar hjá lögreglunni. Runólfur segir ekki flókið að bæta veru-



Eyvindur Runólfsson og kærasta hans, Karen Gígja Agnarsdóttir, urðu fyrir alvarlegri líkamsárás ókunnugs fólks í Hafnarstræti um helgina.

lega öryggi íbúa í borginni. „Börnin okkar eiga rétt á því að þeim sé ekki misþyrmt, að þeim sé ekki nauðgað eða að þau séu ekki drepin. Þetta gildir um okkur hin líka.“

## Mér fannst þetta liggja nokkuð ljóst fyrir

**Sakamálið „Mér fannst þetta liggja nokkuð ljóst fyrir,” segir Einar Bollason, bróðir Erlu Bolladóttur um þá niðurstöðu endurupp-tökunefndar að taka upp mál allra sakborninga nema Erlu Bolladóttur og allar sakargiftir nema þær sem snúa að röngum áburði. „Hún laug upp á fjóra menn og rústaði fjölskyldulífi þeirra. Ég veit ekki af hverju niðurstöðan hefði átt að vera önnur.“**

Þóra Kristín Ásgeirsdóttir  
tka@frettatiminn.is

„Mér finnst sem fjölmiðlar geri stundum lítið úr þessu máli. Það er ekki léttvægt að rústa fjölskyldum með lygum og fráleitum áburði. En auðvitað hefði þurft sérstaka rannsókn á því hvernig lögreglan og ákærvaldið trúðu þessum lygum,” segir Einar Bollason. „Fyrir mér er þetta sagan endalaus, fjölskyldan fær aldrei frið.“

En nú var hún mjög ung og ráðvillt og haldið frá kornabarni eftir að hún var handtekin. Er ekki margt sem bendir til að hún hafi ekki verið með sjálfri sér?

„Myndir þú hafa samúð með manneskju sem lygi upp á þig þáttöku í tvöföldu morði og hefði orðið þess valdandi að þú sast 102 daga í einangrun,” segir Einar. Hann seg-



Einar Bollason segist kominn yfir haturog reiði.

ist þó kominn yfir haturog reiði, en þau systkinin hafa einungis ræðst tvisvar við í síma eftir að málið kom upp og hist einu sinni, en það var við jarðarför systur þeirra. „Ég er sammála þessari niðurstöðu en er þó kominn nógu langt í minni endurhæfingu til að geta óskað henni alls hins besta,” segir hann.

Í sama streng tekur Magnús Leópoldsson.

„Það hefði komið mér mjög á óvart ef það ætti að fara að hreyfa við máli Erlu Bolladóttur,” segir Magnús. „Það hefði verið vægast



Erla Bolladóttir fær mál sitt ekki endurupptekið.

sagt sérstakt. Hún bar mig röngum sökum og ég sat saklaus í fangelsi í fjóra mánuði, hennar vegna. Það er bara ekki flóknara en það,” segir Magnús.

## „Pabbi, loksins er komið að því!“

Endurupp-tökunefnd hefur úrskurðað að heimilad sé að taka upp öll dómáttal sem tengdust hvarfi og morði á Guðmundi Einarssyni og Geirfinni Einarssyni. Hins vegar var ekki fallist á að taka upp mál Erlu Bolladóttur og aðra dóma um rangar sakargiftir.

„Við systkinin getum loksins fagnað því að mannorð þitt verður hreinsað,” sagði Hafþór Sævarsson, sonur Sævars Ciesielski, á Facebook skómnu eftir að úrskurðurinn var birtur.

43 árum eftir að Geirfinnur Einarsson hvarf frá heimili sínu í Keflavík og 37 árum eftir að dómur voru kveðnir upp yfir sex sakborningum í Guðmundar- og Geirfinnsmálum, hefur endurupp-tökunefnd kveðið upp þann dóm að forsendur séu til þess að taka málið upp að nýju.

Fimm manns hlutu dóma fyrir að eiga hlut í dauða Guðmundar Einarssonar og Geirfinns Einarssonar en lík þeirra fundust aldrei. Sævar Ciesielski, Kristján Viðar Viðarsson, Albert Klahn Skaftason, Tryggvi Rúnar Leifsson og Guðjón Skarphéðinsson.

Erla Bolladóttir hlaut einungis dóm í málinu fyrir rangar sakargiftir. Hafnað er beiðni um endurupp-töku dóms Hæstaréttar hvað varðar sakfellingu hennar, Kristjáns Viðars Viðarsson og Sævars Marinós Ciesielski fyrir að hafa borið rangar sakir um hlutdeild í dauða Geirfinns Einarssonar, á Einar Gunnar Bollason, Magnús Leópoldsson, Sigurbjörn Eiríksson og Valdimar Olsen.

Sævar reyndi að fá málið endurupptekið árið 1994 en því var hafnað. 1997 viðurkenndi Hæstiréttur að Sævar hefði sætt harðdræði í Síðumúlafangelsinu en taldi skilyrðum til endurupp-



Sævar Ciesielski barðist ótullega fyrir endurupptöku allt frá því um miðjan tíunda áratuginn.

töku þó ekki fullnægt. Árið 2011, sama ár og Sævar Ciesielski lést, skipaði Ögmundur Jónasson, þáverandi innanríkisráðgjafi, starfshóp til að fara yfir málið í heild sinni.

Árið 2013 skilaði starfshópurinn skýrslu um að veigamiklar ástæður væru til að taka málið upp að nýju. Árið 2014 skilaði Davíð Þór Björgvinsson áliti sínu um að forsendur væru til að endurupptaka málið. Málið var sent til endurupp-tökunefndar sem hefur nú komist að niðurstöðu.

Úrskurður nefndarinnar er endanlegur og ekki hægt að áfrýja honum. Fimmmenningarnir, eða afkomendur þeirra, verða nú að snúa sér til dómstóla vilji þeir taka málið upp að nýju. Tveir eru látnir, þeir Tryggvi Rúnar Leifsson og Sævar Ciesielski.

„Faðir okkar barðist alla ævi fyrir sannleikanum í þessum málum og að sakleysi hans yrði viðurkennt,” segir Hafþór, sonur Sævars. „Mannshvörf tveggja manna voru misnotuð af rannsóknaraðilum.

Við vildum óska þess að pabbi væri með okkur í dag en svo er því miður ekki.“



# PEUGEOT

---

# 308 SW

---

## GÆÐIN HEILLA ÞIG STRAX



KOMDU OG KEYRÐU PEUGEOT Í DAG

VERÐ FRÁ:

**3.020.000** kr.

Eyðsla frá 3,3 l/100 | CO<sub>2</sub> losun frá 85 g/km

### BÍLL ÁRSINS Í EVRÓPU

Gæði Peugeot 308 SW heilla þig strax enda var hann valinn bíll ársins í Evrópu. Einstakt innanrými, nægt fótarými og stórt farangurspláss hámarka notagildið. Útlit hans fangar athygli þína og við nánari kynni fellur þú kylliflatur fyrir smáatriðunum. Stílhrein og djörf útlitseinkennin, skilvirku vélarnar og framúrskarandi tæknin gera hann að bíl sem uppfyllir allar kröfur þínar og væntingar. Upplifðu Peugeot 308 SW og þú munt sannfærast um gæði hans.

## PEUGEOT 308 STATION

MOTION & EMOTION



PEUGEOT



Öruggur staður til að vera á

**Brimborg Reykjavík**  
Bíldshöfða 8  
Sími 515 7000

**Brimborg Akureyri**  
Tryggvabraut 5  
Sími 515 7050

**Nýir og notaðir bílar:**  
Söluveildir eru opnar virka daga kl. 9-17  
og laugardaga kl. 12-16



# Segir rasista hafa brotið rúður á heimili sínu með hamri


**Sakamáli** Tónlistarmaðurinn Gunnar Waage hefur mátt sæta ofsóknum síðustu mánuði vegna skrifa sinna gegn rasisma á vefsíðunni Sandkassinn.com.

Þannig braut óprúttinn aðili þrjár rúður á heimili Gunnars, með hamri, í síðustu viku. Þá voru einnig framin skemmdarverk á heimili Gunnars fyrir áramót, en hann segir það hafa gerst skömmu eftir að útvarpskonan Arnþrúður Karlsdóttir birti heimilisfang hans á spjallsíðu Íslensku Þjóðfylkingarinnar á Facebook.

„Það var tekin ákvörðun hérna

um að tjá sig ekki um þetta og mýkja skrifin,“ sagði Gunnar þegar blaðamaður hafði samband við hann en hann kaus að tjá sig ekki efnislega um málið. Hann staðfestir að hann hafi kært skemmdarverkin til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Hann lýsir hinsvegar málinu á Facebook og segir þar:

„Það er í framhaldi sameiginleg ákvörðun okkar hér heima að öryggis vegna, þá mun ég breyta skrifum mínum á Sandkassanum, enda er það ráðlegging þessa lögreglufulltrúa í stað þess að hefja rannsókn á morðhótunum og skemmdarverku-um.“



Gunnar Waage hefur haldið úti skoðanasíðunni Sandkassinn.com

Gunnar hefur haldið vefnum Sandkassinn úti um hríð sem má lýsa sem herskáum skoðanavef gegn rasisma hverskonar. Efni síðunnar hefur ratað fyrir dómstóla, en kona var sýknuð í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir skömmu fyrir að deila grein af síðunni um Pétur Gunnlaugsson, útvarpsmann á Útvarpi Sögu, með



Þrjár rúður voru brotnar á heimili Gunnars Waage. Þetta er í annað skiptið sem það gerist á nokkrum mánuðum.

fyrirsögninni: „Kúkur mánaðarinn“. Stjórnendur Útvarps Sögu hafa kveinkað sér vegna skrifa Gunnars og kallað hann netniðing og gagnrýnt hann harðlega.

Gunnar gerir athugasemdir við

vinnubrögð lögreglunnar í færslunni og segir í lokin: „Það er sem sagt málfrelsi rasista og ofbeldisfólks sem þarf að verja, við hin eigum samkvæmt ráðleggingum lögreglu að láta lítið fyrir okkur fara.“

## Ölfus lánar Hreiðari Má 33 milljónir

**Viðskipti** Sveitarfélagið Ölfus samþykkti að lána Hreiðari Má Sigurðssyni og félögum 33 milljónir til fasteignakaupa í bænum.

**Valur Grettisson**  
valur@frettatiminn.is

„Í fyrsta lagi er sveitarfélagið ekki banki,“ bókaði Ármann Einarsson, bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í sveitarfélaginu Ölfusi, en bókunin er tilkomin vegna óvanalega hagstæðs láns sveitarfélagsins til kaupa á Rásarhúsinu svokallaða í Þorlákshöfn. Bæjarstjórn samþykkti sölu á fimmtudaginn.

Á bak við kaupin standa meðal annars Hreiðar Már Sigurðsson, fyrrverandi bankastjóri Kaupþings, ásamt Finnboga Gylfasyni, framkvæmdastjóra fjármálasviðs 66° Norður.

Ármann segir að það skipti hann litlu máli hverjir kaupi húsið, sem á að nýta undir ferðaþjónustu og fleira, hann hafi hinsvegar áhyggjur af því sem hann kallar „óeðlileg kjör“ í bókuninni.

Í fundargerð bæjarstjórnar kemur fram að kaupandinn er SF2014 ehf., og að eignin sé seld á 33 milljónir króna. Ármann, ásamt Guðmundi Oddgeirssyni, bæjarfulltrúa Samfylkingarinnar, gera hinsvegar athugasemdir við að sveitarfélagið lánar þeim félögum allt fé til kaupa á húsinu með verðtrygðu veðskuldaþréfi til 5 ára með 25 ára endurgreiðsluferli sem ber 5% vexti. Að auki veitir bæjarfélagið kaupanda greiðslufrest í 6 mánuði frá undirritun kaupsamnings.



Húsið er við Selvogsbraut 4 í bænum.



Hreiðar Már Sigurðsson fékk lán hjá sveitarfélaginu til þess að kaupa Rásarhúsið í Þorlákshöfn.

„Ég hefði talið eðlilegra að lánið væri veitt til eins árs,“ segir Ármann sem þykir sveitarfélagið fara þarna nokkuð út fyrir tilgang sinn með því að lána fyrir kaupunum. Ármann áréttar að hann hafi engar athugasemdir við starfseminu eða þá sem að málinu koma, en bendir á það sé óhefðbundið að sveitarfélag láni alfarið fyrir eign sem það selur og það með svona góðum kjörum.

„Eðlilega leiðin væri að setja húsið í almennt sölufrelsi hjá fasteignasölu, þannig væri málið hafið yfir gagnrýni,“ segir Ármann.

Hreiðar Már og Finnbogi eiga fyrir Hótel Búðir á Snæfellsnesi, en Hreiðar hefur keypt upp allnokkur hótél víða á landinu síðustu misseri, ásamt eiginkonu sinni.



Frá Hruni hefur hagnaður bankanna numið um 3,5 prósent af landsframleiðslu. Þetta er miklu hærra hlutfall en þekktist í nágrannalöndum okkar.

## 28. hver króna endar sem hagnaður banka

**Bankamál** Hagnaður íslensku bankanna er enn gríðarlegur þótt hann hafi mikið minnkað frá því sem mest var. Þrátt fyrir að skrífa að hafi verið fyrir vöxt íslenskra banka erlendis eru þeir enn mun fyrirferðarmeiri í efnahagslífinu en í öðrum löndum. Þrátt fyrir það eru engar hugmyndir um að minnka þá áður en ríkið selur hluta af eign sinni í bönkunum.

**Gunnar Smári Egilsson**  
gunnarsmari@frettatiminn.is

Samanlagður hagnaður stóru viðskiptabankanna þriggja, Arion-, Lands- og Íslandsbanka, var tæp 57 milljarðar króna í fyrra. Það er næstum helmingi minni hagnaður en árið á undan, þegar hann var tæplega 110 milljarðar króna. Áhrif endurmats eigna vó minna í fyrra en mörg undanfarin ár. Segja má að bankarnir séu að mestu búnir að innleysa hagnaðinn af því að hafa tekið við miklu af eignum og lánasöfnun á lágu verði við stofnun, eignum sem síðan hafa reynst verðmeiri og lánnum sem hafa reynst tryggari.

Samanlagður hagnaður bankanna þriggja frá 2009 er um 568 milljarðar króna á núvirði. Það er rétt tæplega 3,5 prósent af uppsafnaðri landsframleiðslu yfir tímabilið, 28. hver króna sem fór um íslenska hagkerfið var dregin upp sem hagnaður í gegnum starfsemi bankanna.

Þetta hlutfall er stjarnfræðilegt. Samanlagður hagnaður bandaríska bankakerfisins er yfirleitt um og undir einu prósent af landsframleiðslu. Og er fyrirferð bankakerfisins þó eitt af heitustu pólitísku málunum í Bandaríkjunum. Krafa Kára Stefánssonar, forstjóra Íslenskrar erfðagreiðningar, og tæplega 90 þúsund annarra Íslendinga um aukin framlög til heilbrigðismála, snerist um að 11 prósent landsframleiðslu rynnu í heilbrigðiskerfið. Bankarnir hafa tekið um þriðjung þess til sín í gegnum hagnað af rekstri og endurmat eigna.

Í fyrra, þegar endurmat eignasafna hafði að mestu þegar skilað sér í hagnað fyrri ára, var hagnaður bankanna um 2,4 prósent af landsframleiðslu, nærri þrisvar

sinnum hærra en bandaríska hlutfallið.

Fyrirferð íslensku bankanna í efnahagslífinu hefur verið til umræðu á Íslandi árum og áratugum saman. Það hefur lengi legið fyrir að þeir eru of stórir, starfsmenn of margir, vaxtamunur of mikill og völd þeirra of mikil svo að hollt geti talist fyrir efnahagslífið. Þessi umræða hefur þó ekki verið fyrirferðarmikil að undanförun, jafnvel þótt núverandi ríkisstjórn sé með það á stefnuskrá sinni að selja hlut sinn í bönkunum. Engin áform eru um að minnka bankana áður, kljúfa á milli fjárfestingabankastarfsemi og viðskiptabanka eða setja þeim einhverjar hömlur.

Eiginfjárlutfall íslensku bankanna er óvenjuhátt, bæði í sögulegu samhengi og í samanburði við banka í nágrannalöndum okkar. Með því að færa það niður í um 15 prósent, sem er um tvöfalt hærra en var árin fyrir Hrun, mætti greiða hluthöfum út mikið fé og kæmu þá um 140 milljarðar króna í hlut ríkisins.

## Á huldu hver keypti hlutinn í Arnarlaxi

**Viðskipti** Norskir fjárfestar eignast enn stærri hlut í Arnarlaxi með sölnunni á bréfum Tryggingamiðstöðvarinnar.

**Ingi F. Vilhjálmsson**  
ingi@frettatiminn.is

Engar upplýsingar liggja fyrir um hvaða fjárfestar það eru sem hafa keypt þriggja prósent hlut í norsku móðurfélagi laxeldisfyrirtækisins Arnarlax, Kvitholmen AS, af Tryggingamiðstöðinni. Viðskiptin voru tilkynnt í Kauphöll Íslands í vikunni þar sem Tryggingamiðstöðin er skráð félag. Viðskiptin fóru fram í gegnum norska verðbréfafyrirtækið Arctic Securities og miðlara hjá því fyrirtæki sem heitir Alexander Borgen.

Liklegt þykir, samkvæmt heimildum Fréttatímans, að norskir hluthafar í Kvitholmen hafi keypt hlut



Hlutfé Arnarlax er nær alfarið í eigu norskra fjárfesta og bæta þeir enn við eignarhluti sína með kaupnum á nær helmingi af hlutabréfum Tryggingamiðstöðvarinnar í fyrirtækinu. Víkingur Gunnarsson er framkvæmdastjóri Arnarlax.

inn og að Arnarlax sé því að enn stærra leyti komið í eigu norskra aðila. Kvitholmen á 100 prósent hlut í Arnarlaxi og er stærsti hluthafi þess norska laxeldisfyrirtækis Salmar AS. Söluverð hlutarins var tæplega 465 milljónir íslenskra króna. Tryggingamiðstöðin heldur eftir 4,4 prósent hlut í Kvitholmen.

Kjartan Ólafsson, stjórnarformaður Arnarlax og Kvitholmen, segir að hann viti ekki sjálfur hver keypti hlutabréfin af Tryggingamiðstöðinni. Hann segir að það muni koma í ljós þegar hlutahafaliði Kvitholmen verði uppfærður í norsku kauphöllinni. Sigurður Viðarsson, forstjóri Tryggingamiðstöðvarinnar, segir að fyrirtækið hafi engar upplýsingar um hverjir keyptu hlutabréfin sem farið hafi fram í gegnum umræddan verðbréfamíðlara.

Fréttatíminn hefur fjallað um það að norsk laxeldisfyrirtæki horfi nú auknum mæli til Íslands þar sem verð laxeldisleyfa í Noregi er orðið mjög hátt enda framleiðslan þar 1,3 milljónir tonna á ári meðan hún er um 20 þúsund tonn á Íslandi. Viðskiptin með hlutabréf Tryggingamiðstöðvarinnar renna enn frekari stöðum undir þetta.

## HANDKLÆÐAOFNAR

Hvítir og króm, beinir og bogirnir, margar stærðir!

### Verðdæmi:

Beinn hvítur  
50x80cm kr. 7.890

Boginn hvítur  
60x120cm kr. 10.890

Beinn króm  
50x120cm kr. 16.890

Boginn króm  
50x80cm kr. 12.890



**MURBÚÐIN**  
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Kletthálsi 7, Reykjavík  
Fuglavík 18, Reykjanesbæ



RÚMFÖT FRÁ  
**2.990**

# LAGERSALA LÍN DESIGN

BARNAFÖT  
**70%**  
AFSLÁTTUR

LAUGAVEGI 176

Eldhúsvörur

Barnaföt

Rúmföt

Dúkar

Lök

**LAUGAR- OG SUNNUDAG**  
KL. 10-17

Barna dúnúlpur

Handklæði

Barnavörur

Smávörur

Púðar

ALLT AÐ

**80%**  
AFSLÁTTUR

**Lin**  
DESIGN

**LAUGAVEGI 176**

LAUGARDAG 10-17 | SUNNUDAG 11-17



# Stilti landsliðskonum ekki upp við vegg

**Knattspyrna** Freyr Alexandersson, A-landsliðsþjálfari kvenna í fótbolta, segist aldrei hafa gert landsliðskonum að velja milli landsliðsins og atvinnumennsku í Kína. Sigurður Ragnar Eyjólfsson, fyrrum landsliðsþjálfari, vildi fá landsliðskonur til Kína og gagnrýndi Frey fyrir að segja að atvinnumennska þeirra í Kína myndi hafa áhrif á landsliðsval sitt.

Þóra Tómasdóttir  
thora@frettatiminn.is

Sigurður Ragnar Eyjólfsson er þjálfari eins ríkasta kvennaknattspyrnuliðs í heimi, Jiangsu Suning í Kína, og hefur boðið íslenskum landsliðskonum atvinnumannasamninga við liðið. Í Fréttatímanum í gær gagnrýndi hann Frey Alexandersson fyrir að tala niður kínversku deildina og fyrir að segja að það hefði áhrif á val sitt í landsliðið ef leikmenn kysu að spila í Kína. Sigurður Ragnar sakaði Frey um fordóma fyrir kínverskum fótbolta en sendi frá sér yfirlýsingu í kjölfarið og sagðist hafa hlaupið á sig. Hann bað Frey afsökunar á þessu orðalagi.

„Ég upplifði orð hans á dapurlegan hátt. Hann hefur reyndar beðist afsökunar á gildishöðnum orðum eins og að ég sé með fordóma. Slíkt á ekki við í umræðu um kvennalandsliðið. Hann má hafa sína skoðun á styrkleika kínversku deildarinnar en við erum bara ekki sammála þar.“

„Telur þú kínversku ofurdeildina vera óheppilegan stað fyrir landsliðskonur í fremstu röð? „Það mun reyna á það í framtíðinni, því þetta er nýfarið af stað og er enn á tilraunastigi. Mjög fáir evrópskir leikmenn hafa spilað þarna og styrkleikinn er óljós. Upphæðirnar sem

um ræðir í kínverska kvennaboltanum eru ekki nálægt upphæðunum sem um ræðir í karlaboltanum þar.“

–Þú sagðir það myndi hafa áhrif á val þitt í landsliðið, ef leikmenn kysu að spila í Kína. Hvaða áhrif? „Samtöl okkar leikmannanna um Kína, snerust um framkvæmdina. Við höfum yfirleitt þrjá daga til að undirbúa hvern landsleik og það er stuttur tími fyrir þann sem þarf að ferðast lengi og snúa sólarhringnum við. Það þýðir ekki að leikmaðurinn geti ekki spilað fyrir landsliðið, en hann gæti orðið undir í samkeppni. Auk þess voru



Freyr Alexandersson landsliðsþjálfari vísar gagnrýni Sigurðar Ragnars, forvera síns í starfi, á bug.

leikmennirnir búnir að gera upp hug sinn um tilboð frá Kína, áður en þær töluðu við mig.“

## Píratar klaga kjararáð til umboðsmanns

**Kjararáð** hefur hafnað beiðni þingflokks Pírata um gögn er varða ákvörðun ráðsins um tæplega 45% launahækkun kjörinna fulltrúa enda telur ráðið þingmenn ekki aðila að málinu. Þetta kemur fram í svari kjararáðs við fyrirspurn Þórhildar Sunnu Ævarsdóttur, þingkonu Pírata, sem óskaði upplýsinga sem aðili máls með vísan til stjórnvísulaga.

Atli Þór Fanndal  
ritstjorn@frettatiminn.is

Þórhildur Sunna Ævarsdóttir ætlar að leita til umboðsmanns Alþingis vegna málsins og segir vinnubrögð kjararáðs sýna að það telji sig í engu þurfa að svara þingi eða þjóð vegna starfa sinna. Viðhorf kjararáðs til umleitanar Pírata sýni að ráðsmenn telji stjórnvísulög ekki gilda um þeirra störf.

Þórhildur Sunna sendi beiðnina í lok nóvember síðastliðins. Ákvæði stjórnvísulaga kveða á um upplýsingarétt til handa þeim sem ákvarðanir stjórnvalds hafa bein áhrif á. Sérfræðingar í upplýsingarétti sem Fréttatíminn ræddi við undrast mjög þá túlkun kjararáðs að þingmenn séu aðilar að eigin launum. Kjararáð hefur aldrei hækkað laun jafn mikið á einu bretti líkt og gert var á kjördag í október. „Aftaða kjararáðs



Tryggvi Gunnarsson þarf að taka afstöðu til þess hvort kjararáð hafi mátt hafna erindi Pírata, á þeim forsendum að þingmenn séu ekki aðilar að málinu.

og gögnum sem kjararáði bærust vegna athugunar á kjörum þingmanna. „Sérstaklega er óskað afrita af bréfi sem kjararáði hafi mátt forsætisráðherra fyrir hönd ráðherra ríkisstjórnar Íslands, dagsett 16. október 2015; bréfi frá forseta Alþingis, dagsett 16. október 2015 og bréfi frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu dagsettu 3. desember,“ segir í beiðni Pírata. Þórhildur Sunna óskaði aðgangs að gögnum sem ráðið notaði til að meta „sérstaklega greiðslur“ til alþingismanna fyrir vinnu utan dagvinnutíma og hlutfall þeirra af heildarhækkun launa. Þingkonan óskar eftir gögnum sem sýna að ráðið hafi farið eftir eigin starfsreglum sem kveða á um samráð við aðila máls. Sú beiðni er lögð



Þórhildur Sunna Ævarsdóttir ætlar að leita til umboðsmanns Alþingis vegna málsins og segir vinnubrögð kjararáðs sýna að það telji sig í engu þurfa að svara þingi eða þjóð vegna starfa sinna. Viðhorf kjararáðs til umleitanar Pírata sýni að ráðsmenn telji stjórnvísulög ekki gilda um störf þess.

Ákvörðun kjararáðs hefur vakið talsverða óánægju. ASÍ hefur sagt að kjarasamningar séu í uppnámi og að forsendunefnd kjarasamninga muni ákveða þann 28. febrúar hvort samningar standi enn. Samtök atvinnulífsins og Viðskiptaráð segja ákvörðunina stuðla að „upplausn á vinnumarkaði“. VR hefur krafist þess að launahækkunin verði „tafarlaust dregin til baka“. Aðalsteinn Baldursson, formaður stéttarfélagssins Framsýnar, sagði úrskurð kjararáðs brot á lögum um störf þess og krafðist afsagnar ráðsins. Hjördís Þóra Sigþórsdóttir, formaður AFLS, sagði „allt vitlaust“ vegna málsins og að símar á skrifstofu félagsins hefðu ekki stoppað „þar sem óánægðir félagsmenn hafi hringt inn og krafist aðgerða.“ Dagskrártillaga Pírata um að málið fengi umræðu var felld á fimmtudag með atkvæðum þingmanna Sjálfstæðisflokks, Framsóknarflokks, Vðreisnar og Bjartrar framtíðar. Umræða um áfengi í matvöruverslanir hófst skömmu síðar.

Þingfararkaup hefur hækkað um 905 þúsund krónur á mánuði síðan 1996. Það samsvarar 464% hækkun, úr 244 þúsund í 1101 þúsund. Samhliða hefur lægsti launataxti verkafólks hækkað úr 60 þúsund á mánuði í 195 þúsund. Það er hækkun sem nemur um 300% í óverðtrygðum krónum. Þetta kemur fram í útreikningum sem Verkalýðsfélag Akraness lét vinna fyrir sig í kjölfar úrskurðar kjararáðs á kjördag. Árið 1996 var þingfararkaup fjórfalt lægsti taxti en árið 2017 er þingfararkaupið orðið tæplega sexfalt lægstu grunntaxtar. Í minnisblaði sem dreift var á skyndifundi ASÍ, sem fór fram 2. nóvember í kjölfar þess að tilkynnt var um hækkun kjararáðs, kemur fram að þingfararkaup hefur frá árinu 2013 hækkað um 471.000 krónur á mánuði sem eru 75%, laun forsætisráðherra hafa hækkað um 790.733 krónur sem eru 64% og laun ráðherra hafa hækkað um 713.667 krónur, það er 64 prósentu hækkun.

„Það er álit kjararáðs að einstakir þingmenn geti ekki samkvæmt ákvæðum laga um kjararáð talist eiga aðild að umræddu máli kjararáðs, hvorki hver fyrir sig né nokkrir saman,“ segir í svarbréfi til Pírata.

til beiðni um aðgengi að göngum sýnir nauðsyn þess að hafa fengið í gegn breytingartillögu við lög um kjararáð í desember þar sem kveðið er á um að ráðinu beri að fylgja stjórnvísulögum og upplýsingalögum við störf sín,“ segir Þórhildur Sunna. „Þessi neitun sýnir nauðsyn þess að fá skýrari svör við því hvaða reglur kjararáð telur gilda um störf sín.“

„Það er álit kjararáðs að einstakir þingmenn geti ekki samkvæmt ákvæðum laga um kjararáð talist eiga aðild að umræddu máli kjararáðs, hvorki hver fyrir sig né nokkrir saman,“ segir í svarbréfi til Pírata. Þessi túlkun ráðsins virðist þó í beinni andstöðu við kjararáð sjálft sem í úrskurði sínum vísar til samskipta við forseta Alþingis, fjármála- og efnahagsráðuneytið og forsætisráðuneytið. Þar sem leitad er álit þeirra aðila enda varði ákvörðun ráðsins þá beint.

Píratar óskuðu eftir fundargerðum kjararáðs, fundargögnum og fundarboðum ráðsins. Þá óskaði þingflokkurinn afrita af bréfum

fram með sérstakri vísan til þess að ákvörðun ráðsins var tekin á kjördag og því ljóst að ekki var hægt að gera nýjum þingmönnum né ráðherrum kunnugt um væntanlega ákvörðun. Hún óskar þeirra gagna sem kjararáð nýtti til að tryggja að ákvörðun ráðsins gengi ekki í berhöggi við lög um kjararáð þess efnis að: „Kjararáð skuli ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði.“ Að lokum er óskað úrskurðar sem kjararáð vísar í að liggja til grundvallar ákvörðunar ráðsins að laun alþingismanna skuli vera sambærileg launum hér- aðsdómara. Þessu hafnar kjararáð að öllu leyti á þeim forsendum að þingmenn séu ekki aðilar að eigin launum.

Á þriðjudag kynnti þingflokkur Pírata frumvarp til breytinga á lögum um kjararáð þar lögfest er skylda á ráðið að fella fyrri ákvörðun úr gildi og kveða upp nýjan úrskurð er feli í sér launahækkun alþingismanna og ráðherra svo laun þeirra fylgi almennri launapróun frá 11. júní 2013.

### Colonic Plus

Kehonpuhdistaja

Netlu-, túnífíla- og birkilaufstöflur örva brennslu og meltingu og eru bjúglosandi. Sérstaklega er mælt með vörnunni til að hreinsa líkamann.

www.birkiaska.is



### Redasin Strong

- Redasin bætir vellíðan hjarta- og æðakerfis og stuðlar að lægra kólesteróli.
- Redasin Strong inniheldur Q10, rauð hrísgrjónager, Fólínsýru, B12 og B6.
- Daglegur skammtur af Redasin Strong er tvær töflur á dag.

www.birkiaska.is



### Birkilaufstöflur

Birkilauf (Betulic) hefur góð áhrif á bæði vökvafjfnvægi líkamans og húð, örvar starfsemi nýrna og þvagfæra. Hraðar efnaskiptum og losar vatn úr líkamanum, dregur úr bólgum og afeittrar líkamann (detox).

www.birkiaska.is



### Bodyflex Strong

Bodyflex Strong vinnur gegn stirðleika og verkjum í liðamótum og styrkir heilbrigði burðarvefja líkamans. 2 hylki tvisvar á dag í tíu daga. Síðan er hægt að minnka skammt í 2 hylki á dag. Inniheldur hvorki laktósa, ger, glúten né sætuefni.

www.birkiaska.is



### Evonia

Evonia eykur hárvöxt með því að veita hárrótinni næringu og styrk.

Evonia er hlaðin bætiefnum sem næra hárið og gera það gróskumeira.

Bætiefni ársins í Finnlandi 2012.

www.birkiaska.is



### Minnistöflur

Bætir skammtímaminnið. Nýttist fólki sem er undir álagi og fæst við flókin verkefni. Hentar vel fyrir eldri borgara, lesblinda og nemendur í prófum. Dregur úr streitu, eykur ró og bætir skap.

www.birkiaska.is







# Kræktu þér í draumajeppann

Jeppasýning í Öskju, Krókhálsi



**Í dag, laugardag, frá kl. 12–16.**

Komdu í Öskju, Krókhálsi og kynntu þér úrval glæsilegra jeppa frá Mercedes-Benz og Kia. Í sýningarsalnum okkar finnur þú Kia Sorento, Kia Sorento Arctic Edition og Kia Sportage, auk GLA, GLC, GLE, GLS og G-Lander frá Mercedes-Benz.

**Komdu í kaffi og kökur, við hlökkum til að sjá þig.**

**Kaupauki á sýningardag**

Þeir sem staðfesta kaup á jeppa fá veglegan kaupauka. Auk þess verður 25% afsláttur af aukahlutum og þurrkublöðum.



ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is  
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz og Kia á Íslandi.





# Hægrisinnaðasti ráðherrann

Sigríður Á. Andersen er almennt talinn sá stjórnarliði sem er lengst til hægri. Hún er róttæk frjálshyggjukona en málflutningur hennar þykir stundum ekki ósvipaður teboðshreyfingunni í Bandaríkjunum, allavega á frumbýlisárum hennar. Hún espar upp ráðherra samstarfsflokka í ríkisstjórn með því að viðra skoðanir á jafnréttismálum og umhverfismálum sem ganga í berhögg við stjórnarsáttmálann eða yfirlýsingar annarra ráðherra. Hún þykir þó varla líkleg til að ganga lengra en það enda kann hún vel við embættið.

Dóra Kristín Ásgeirsdóttir  
tka@frettatiminn.is

Það kom mörgum á óvart þegar Sigríður Á. Andersen var gerð að dómsmálaráðherra en Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, virtist í talsverðum vandræðum við að koma saman ríkisstjórn þar sem ekki hallaði að verulegu leyti á konur.

Sigríður Á. Andersen er 45 ára, búin að starfa í flokknum alla sína tíð, bæði í ungliðastarfi flokksins og ötull boðberi frjálshyggjunnar sem einn stofnenda þjóðmálafélagsins Andriks og ritstjórnar meðlimur Vefþjóðviljans. Þá hefur hún verið þingmaður frá árinu 2015 en hún var varaþingmaður frá árinu 2007 og kom inn á þing þegar Pétur Blöndal féll frá. Fyrir síðustu kosningar skipaði hún fjórða sæti í Reykjavík suður.

Sigríður er lögfræðingur, en



Birgir Ármannsson, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins, segir að menn séu ekki dæmdir til að vera sammála um allt en það sé á ábyrgð allrar ríkisstjórnarinnar að leiða mál sem hún leggur fram til lykta.



Hannes Hólmsteinn Gissurason, prófessor í stjórnmálafræði, segist ekki sammála því að Sigríður sé lengst til hægri af þingmönnum flokksins.

foreldrar hennar eru Brynhildur Kristinsdóttir skrifstofumaður og Geir R. Andersen blaðamaður. Hún er gift Glúmi Jóni Björnssyni efnifræðingi en þau eiga tvö börn.

Þeir sem til þekkja segja að kjarninn í kringum Sigríði Á. And-

ersen sé rökfastasti og sjálfstæðasti armur Sjálfstæðisflokksins. Hún sé töffari, elski að vera umdeild og láti flokksvaldið ekki aftra sér.

## Eykur við breiddina

„Ég er búinn að þekkja hana í 30 ár og er samstiga henni í ýmsu,“ segir Birgir Ármannsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, sem kynntist henni í Menntaskólanum í Reykjavík. „Hún var strax með ákveðnar skoðanir og lifandi áhuga á pólitík. Hún varð fljótt virk í starfi flokksins og óhrædd við að fara eigin leiðir og tala hug sinn allan. Ég held að kynferði hafi ekki skipt meginmáli þegar Bjarni ákvað að velja hana í embætti heldur eykur hún við breiddina í ráðherraliðinu sem er gott.“

Birgir segir að Sigríður hafi alltaf þótt í hópi róttækustu þingmanna og þeirra sem eru lengst til hægri ef frjálshyggja sé mælikvarði á það. Hann segist þó ekki sammála samlíkingu við teboðshreyfinguna því áhersla hennar á trúmál og siðferðisgildi eigi ekki við í íslenskrí pólitík. „Hún hefur tileinkað sér þann stíl að vera mjög beinskeytt og róttæk og stundum höfum við orðið ósammála,“ segir Birgir. „En það hefur alltaf verið í lagi. Hún hefur þann hæfileika að taka gagnrýni ekki persónulega.“

„Helsti galli hennar er sá að hún er ekki nema 1.10 á hæð,“ segir Brynjar Nielsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins. „Svo kemur hún stundum bratt á fólk þegar hún segir sínar meiningar afdráttarlaust, en mér finnst það frekar kostur en galli.“

## Róttæk frjálshyggjukona

Alger afneitun Sigríðar Á. Andersen á jafnréttisbaráttu kynjanna, ótrú á gagnsemi aðgerða gegn mengun í loftslagsmálum og ótull baráttu fyrir einkabílnum og lægri sköttum á eldsneyti hefur vakið athygli. Sigríður flokkar ekki rusl, að eigin sögn, og þegar hjúkrunarfræðingar voru í verkfalli til að krefjast hærri launa, komst hún í fréttirnar fyrir ummæli sín um að í þessu fælust tækifæri til einkavæðingar.

Hannes Hólmsteinn Gissurason, prófessor í stjórnmálafræði, segist þó ekki sammála því að Sigríður sé lengst til hægri af þingmönnum flokksins án þess að hann vilji gefa upp hver standi hægra megin við hana. „Ég held, að rangt sé að segja, að hún sé meðal

hægrisinnaðustu þingmanna flokksins,“ segir Hannes. „Hún er hins vegar tvímælalaust meðal frjálslýndustu þingmannanna. Hún mun auðvitað, eins og aðrir stjórnámalmenn, haga seglum eftir vindi, enda vandseð, hvernig ella á að sigla. Ein sér breytir hún eflaust ekki öllu, enda ráðast breytingar af tíðaranda og aðstæðum frekar en einstökum mönnum, en ég geri fastlega ráð fyrir, að hún verði farsæll ráðherra, gætinn, en samt ákveðinn. Ég held, að bestu vinir hennar séu skattgreiðendur og neytendur, en

„Hún var strax með ákveðnar skoðanir og lifandi áhuga á pólitík. Hún varð fljótt virk í starfi flokksins og óhrædd við að fara eigin leiðir og tala hug sinn allan.“

hún er ótraudur talsmaður þessara tveggja hópa, sem oft eru vanræktir í stjórnámalum.“

„Hún er alveg öfgalaus, að mínu mati, og mjög tryggur flokksmaður,“ segir Brynjar Nielsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins. Hann ber henni vel söguna og segir hana hafa gott skopskyn og vera blátt áfram í öllum samskiptum. Hún komi ekki í bakíð á neinum. „Hún er í frjálslýndari armi flokksins með sterkt gildismat hvað varðar frelsi einstaklingsins til orða og athafna. Ég veit ekki ▶

## Stækkunarglerslampar



kr. 39.990,-



kr. 14.990,-



kr. 19.900,-

Vandaðir stækkunarglerslampar í föndur og fína vinnu. Góð birta.

**Glóey** - gerir lífið bjartara

Ármúla 19 · Sími 568 1620 · www.gloey.is · gloey@gloey.is



**HONDA**  
The Power of Dreams

# BETRI AFKÖST SPARNEYTNI OG TÆKNI



Hvort sem þú vilt öryggi, sparneytni og lipurð í borgarsnúningana eða þægindi, rými og útsýni í skoðunarferðina þá er Honda CR-V fyrir þig. Bættu við hagstæðu verði og 5-stjörnu öryggi og þú sérð heildarmynd hagkvæma borgarjéppans sem hefur rakað að sér verðlaunum í öllum heimsálfum. Heildarmyndin endurspeglast í háu endursöluverði og verðlaunum sem áreiðanlegasti bílaframleiðandi heims í tæp 10 ár í röð.

**CR-V** - ENDALAUST BETRI



[www.honda.is](http://www.honda.is)



Vatnagörðum 24-26 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • [www.bernhard.is](http://www.bernhard.is)

Umboðsaðilar: Reykjanesbæ, Bernhard, sími 421 7800 • Akranesi, Bílver, sími 431 1985 • Akureyri, Höldur, sími 461 6020 • Vestmannaeyjum, Bragginn, sími 481 1535



► hvort hún er lengst til hægri en þetta er stelpa með skýra pólitíska sýn.“

#### Önnur nálgun á jafnrétti

Flokkskonur Sjálfstæðisflokksins riðu ekki feitum hesti frá prófkjörum flokksins í síðustu kosningum og Ólöf Nordal, vinsælasta stjórnmalakonnan, var ekki tiltæk vegna veikinda en hún er nú látin. Unnur Brá Konráðsdóttir kom ekki til greina sem ráðherra en hún hafði fallið í ónáð innan flokksins eftir að hafa ein flokksmanna greitt atkvæði með þingföri og kosningum eftir að aflandseyjamál fyrri ríkisstjórnar komust í háamæli. Hún hafði þó unnið sig hratt í álit aftur og var gerð að forseta þingsins, mikil virðingarástafa, en fremur eyrnamerkt þeim sem eru á útleið úr pólitík.

Sigríður hefur talað gegn kynjakvóta líkt og mörgum öðrum jafnréttismálum. Hún var einnig eini stjórnarþingmaðurinn sem greiddi atkvæði gegn því að settur yrði á fót sérstakur jafnréttissjóður í til efni af hundrað ára afmæli kosningaréttar kvenna og því má segja að það sé kaldhæðnislegt að andstæð sjónarmið yrðu óbeint til að gera hana að dómismálaráðherra.

Útnefning hennar í ráðherraembætti vakti mikla athygli og einnig hrifningu þeirra sem eru lengst til hægri í flokknum. Og Sigríður hefur ekki valdið aðdáendum sínum vonbrigðum. Eftir einungis sex vikur í embætti hefur hún náð að marka sér afgerandi sérstöðu innan stjórnarinnar.

#### Öfgalaus að mínu mati

„Ég myndi ekki segja að hún væri ekki hlynnt

Unnur Brá Konráðsdóttir, forseti Alþingis, segist ekki telja að skoðanir Sigríðar á jafnréttismálum muni skapa vandamál en vafalaust verði einhverjir ósáttir.

jafnrétti, en hún hefur vissulega aðra nálgun á jafnréttisbaráttuna en ýmsir aðrir, til að mynda ég,“ segir Unnur Brá Konráðsdóttir, forseti Alþingis. „Hún gengur út frá því að allir hafi jöfn tækifæri og eigi jafna möguleika á því að láta að sér kveða.“

Hún segir að það hafi ekki beinlínis komið á óvart að Sigríður yrði ráðherra. „Svarið er bæði já og nei. Aðferðafræðin kom mest á óvart. Síðast skipaði Bjarni einungis oddvita á lista, við áttum aldrei séns sem lentum neðar á lista. Það var nýtt að manneskja í fjórða sæti á lista kæmi til greina. En sem einstaklingur er hún vel að embættinu komin.“

Brynjarniélsson var ofar en Sigríður á lista flokksins og lögfræðingur, eins og hún. Hann var endá oftast einu sinni orðaður við dómismálin í ríkisstjórn. Hann segir að formaður flokksins hafi staðið frammi fyrir því að ríkisstjórnin þyrfti að endurspeglar bæði kynin og hann hafi verið heppinn að hafa Sigríði enda hafi hún dýrmæta reynslu og þekkingu í embættið.

Kunnugir segja að ráðherraembætti hafi hinsvegar komið Sigríði sjálfri mest á óvart og hún sé enn að fagna ásamt félögum sínum í Andríki. Hún komi til með að halda reglulegar flugeldasýningar til að halda fólki á tánum og fríða stuðningsmenn sína í harðlínulíðinu en hún muni ekki ganga lengra og ekki gera neitt sem geti raunverulega ógnað stöðu hennar innan ríkisstjórnarinnar.

Þannig hafi hún komið með sínum hætti í umræður um launamun kynjanna. Hún hafi náð að stuða marga, ekki síst úr

samstarfsflokkunum í ríkisstjórn. Hún gæti þess hinsvegar vandlega að bjóða ekki upp á umræður um málið eða svara gagnrýni frá félögum sínum í stjórnarliðinu.

#### Ótrú á jafnlaunavottun

Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks, Bjartrar framtíðar og Viðreisnar hefur nú verið við völd í 6 vikur og þegar slegið met í óvinsældum en aldrei hefur nein ríkisstjórn átt jafn litlu fylgi að fagna í upphafi ferils síns. Stjórnarandstæðingar hafa slegið upp ágreiningi innan stjórnarinnar og af nógu er að taka og þar hefur Sigríður Á. Andersen ekki látið sitt eftir liggja. Hún hefur meðal annars lýst yfir vantrú á því að kynbundinn launamunur sé til staðar og ótrú á jafnlaunavottun ríkisstjórnarinnar sem þó er í stjórnarsáttmála og í raun eina málið þar sem samstarfsflokkurinn Viðreisn hafði náð að merja í gegn.

Birgir Ármannsson segist þó halda að Sigríður greiði atkvæði með þessu máli í þinginu líkt og öðrum málum sem ríkisstjórnin hefur komið sér saman um. „Það er heilbriggt að takast á um mismunandi sjónarmið, menn eru ekki dæmdir til að vera sammála um allt en það er á ábyrgð allrar ríkisstjórnarinnar að leiða mál sem hún leggur fram til lykta,“ segir Birgir.

Unnur Brá Konráðsdóttir segist ekki telja að sýn Sigríðar á jafnréttismál komi til með að skapa vandamál í stjórnarsamstarfinu en það verði sjálfsagt margir ósáttir.

Brynjarniélsson segist hafa svipaða skoðun á jafnréttismálum og Sigríður. „Hún er í eðli sínu mikill jafnréttissinni en hefur sínar skoðanir á því hvaða leiðir eru bestar til að uppræta mismunun. Hún lítur á jafnlaunavottun og kynjakvóta sem mismunun.“

Fleiri þingmenn í stjórnarliðinu

Brynjarniélsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, segir að Sigríður sé öfgalaus manneskja.



**Kunnugir segja að ráðherraembætti hafi hinsvegar komið Sigríði sjálfri mest á óvart og hún sé enn að fagna ásamt félögum sínum í Andríki. Hún komi til með að halda reglulegar flugeldasýningar til að halda fólki á tánum og fríða stuðningsmenn sína í harðlínulíðinu en hún muni ekki ganga lengra og ekki gera neitt sem geti raunverulega ógnað stöðu hennar innan ríkisstjórnarinnar.**

eru ósammála jafnlaunavottun og vegna þess hve meirihluti stjórnarinnar er naumur myndi frumvarp um slíkt vart hafa brautargengi nema með stuðningi stjórnarandstöðunnar. Það er því viðkvæmt að ráðherra blandi sér í hóp gagnrýnenda.

„Það er nú ekkert frumvarp komið fram enn um jafnlaunavottun,“ segir Unnur Brá. „Það er dálítið snemmt að fara að velja því fyrir sér hvernig atkvæði falli um mál sem er ekki búið að koma fram. Það er vissulega fjallað um það í stjórnarsáttmálanum en það skiptir máli hvernig það lítur út í endanlegri mynd. En ég á ekki von á öðru en að allir ráðherrar ríkisstjórnarinnar muni bakka það upp.“

#### Mikil útivistarkona

Björt framtíð fer með umhverfismálin. Björt Ólafsdóttir umhverfisráðherra lýsti því yfir strax í upphafi að stóriðjustefnunni væri lokið. Ekki yrðu gerðir fleiri ívilnandi samningar við stóriðju.

En umhverfismálin hafa ekki farið varhluta af fréttáflutningi um sérstæðar skoðanir nýja dómismálaráðherrans. „Hún er einfaldlega að velja upp nýjum fleti á umhverfismálunum, hvar mesti vandinn í losun gróðurhúsalofttegunda liggur. Hún virkar mjög sannfæranda á mig,“ segir Brynjarniélsson.

Sigríður hefur verið ötul við að benda á að framræst land sé stærsta uppspretta losunar gróðurhúsalofttegunda hér á landi en gert minna úr áhrifum stóriðju og mengunar frá umferð enda geti fyrirtæki og einstaklingar kolefnisjafnað starfsemi sína með endurheimt votlendis. Þá hefur hún haldið því á lofti að mikil vernd sé fölgin í skýrum nýtingar- og eignarrétti einstaklinga á landi og auðlindum.

„Eitt af því sem kom mér á óvart við Sigríði, þegar við fórum að vinna saman, er hvað hún er mikil útivistarkona,“ segir Unnur Brá Konráðsdóttir. „Ég hafði einhvernvegin aldrei tengt hana við neitt áhugamál utan stjórnmalanna. En hún er mikill náttúruunnandi og gengur á fjöll í öllum sínum frístundum,“ segir Unnur Brá. „Hún hefur líka gríðarlega mikinn áhuga á umhverfismálum og hefur talað mikið um það frá því ég hitti hana fyrst. En hún hefur aðra nálgun en þeir sem hafa hæst í þessum málum, það er alveg rétt.“

#### Engin bylting

Mikill styrir hefur staðið um málefni hælisleitenda og hafa á undanförunum árum sett ráðuneytið í neikvætt ljós. Brynjarniélsson segist telja að einnig þar sé breytinga að vænta. „Ég hugsa að hún reyni að bæta vinnubrögðin í kringum afgreiðslu hælisumsókna og stuðla að því að vinnubrögð Útlendinga-

stofnunar verði hraðari, gagnsærri og betri.“

Hörðustu stuðningsmenn Sigríðar Á. Andersen eru almennt stuðningsmenn þess að herða frekar reglur um hælisleitendur og útlendinga en hitt. Hún er meira óskrifad blað í þeim efnum. Það má þó ganga að því nokkuð vísu að hún styðji ekki aukin opinber framlög til málaflökksins.

„Ríkisstjórnin ætlar ekki að láta það átövlulaust að menn misnoti velvild Íslendinga gagnvart stríðshrjáðu fólki, með tilhæfalausum hælisumsóknum.“

Þetta sagði hún í viðtali við RÚV og átti þá við hælisleitendur frá Makedóníu og Albaníu. Hún sagði þó að Íslendingar hefðu svigrúm til að taka á móti fleiri flóttamönnum frá stríðshrjáðum löndum en gert hefur verið til þessa en nauðsynlegt væri að hraða málsmeðferð, til að stemma stigu við tilhæfalausum hælisumsóknum.

Birgir Ármannsson segir að stærsta málið framundan hjá dómismálaráðuneytinu sé að koma á fót sérstöku millidómstigi en undirbúningur þess hafi tekið mörg ár. Hann segist halda að það sé ærið verkefni. „Ég held ekki að það verði neinar grundvallarbreytingar í málaflöknum. Það er hvorki stefna hennar né ríkisstjórnarinnar að snúa ráðuneytinu á hvolf. Hún mun ekki standa að neinni byltingu þar.“

Í sama streng tekur Unnur Brá Konráðsdóttir. „Ég held að þessi mál þurfi mikla athygli og alúð. Dómismálin snúast ekki um byltingar en millidómstigið verður grundvallarbreyting á dómkerfi landsins.“

Mikil áhersla hefur verið lögð á að ná þverpólitískri samstöðu um frumvarp um millidómstig. Áhersla Sigríðar í jafnréttismálum varð hinsvegar til þess að frumvarpið var afgreitt úr nefndinni í ágreiningi. Meirihlutinn neitaði að fallast á kröfu minnihlutans um að áréttingu um að gætt yrði jafnræðis við skipan dómara. Ástæðan er ummæli ráðherrans um að hún telji að aukin áhersla á kynjasjónarmið við skipan dómara leiði ekki til velfarnaðar.

Unnur Brá segist telja að Sigríður Á. Andersen geti náð lengra innan flokksins ef hún gegni þessu embætti vel og hafi trú á því sem hún er að gera. „Já, ég held að henni gætu orðið allir vegir færir innan flokksins.“

Í sama strengt tekur Birgir Ármannsson sem segir hana að öllum líkindum eiga framundan langt líf í pólitík. Hversu langur ráðherraferillinn verður innan þessarar ríkisstjórnar sem haltrar áfram með eins manns meirihluta við takmarkaðan fögnuð landsmanna, verður tíminn að leiða í ljós, það er allavega ljóst að það verður engin lognmolla í kringum Sigríði Á. Andersen.



# KJÓLAR FYRIR FERMINGUNA

Stærðir 14-26 eða 42-54

Skoðaðu úrvalið á [curvy.is](http://curvy.is) eða kíktu til okkar í Fákafen 9

Opið alla virka daga frá kl. 11-18 & Laugardaga frá kl. 11-16

Kjöll  
Verð: 8.990 kr

PÓSTSENDUM FRÍTT  
HVERT Á LAND SEM ER

Fákafeni 9 | Sími 581-1552 | [www.curvy.is](http://www.curvy.is)





2016

ÚR ÁRSREIKNINGI

**EFNAHAGSREIKNINGUR Í ÁRSLOK**  
í milljónum króna

	2016	2015
Innlend skuldabréf	244.091	247.611
Sjóðfélagalán	61.694	36.532
Innlend hlutabr. og hlutd.skirteini	129.732	139.733
Erlend verðbréf	158.920	152.914
Verðbréf samtals	594.437	576.790
Bankainnstæður	5.321	4.263
Rekstrarfjármunir og aðrar eignir	597	835
Skammtíma kröfur	2.826	2.358
Skammtímaskuldir	-796	-570
Eignir sameignardeildar	591.276	573.021
Eignir séreignardeildar	11.109	10.655
Eignir samtals	602.385	583.676

**BREYTING Á HREINNI EIGN**  
í milljónum króna

	2016	2015
Iðgjöld	25.650	22.214
Lífeyrir	-12.281	-11.253
Fjárfestingartekjur	6.164	64.358
Rekstrarkostnaður	-824	-712
Breyting eigna	18.709	74.607
Eignir frá fyrra ári	583.676	509.069
Eign samtals	602.385	583.676

**KENNITÖLUR**

	2016	2015
Ávöxtun	0,9%	12,4%
Hrein raunávöxtun	-1,2%	10,2%
Hrein raunávöxtun (5 ára meðaltal)	6,4%	7,3%
Hrein raunávöxtun (10 ára meðaltal)	1,2%	2,5%
Hrein raunávöxtun (20 ára meðaltal)	4,4%	4,9%
Rekstrarkostnaður í % af eignum	0,14%	0,13%
Rekstrarkostnaður í % af iðgjöldum	3,2%	3,2%
Lífeyrir í % af iðgjöldum	47,9%	50,7%
Fjöldi virkra sjóðfélaga	35.077	33.859
Fjöldi lífeyrisþega	14.672	13.639
Stöðugildi	41,0	35,1
Ávöxtun verðbréfa leiðar	0,9%	12,4%
Hrein raunávöxtun verðbréfa leiðar	-1,2%	10,2%
Ávöxtun innlánsleiðar	3,8%	3,4%
Hrein raunávöxtun innlánsleiðar	1,6%	1,4%

- » Ávöxtun 0,9%
- » Raunávöxtun -1,2%
- » Jákvæð tryggingafræðileg staða 4,2%
- » Tekjur af fjárfestingum 6 milljarðar
- » Eignir 602 milljarðar
- » 12 milljarðar í lífeyrisgreiðslur
- » 15 þúsund lífeyrisþegar
- » 50 þúsund sjóðfélagar greiddu iðgjöld

**Starfsemi á árinu 2016**


**AFKOMA**

Ávöxtun á árinu 2016 var 0,9% og hrein raunávöxtun -1,2%. Fjárfestingartekjur sjóðsins námu 6,2 milljörðum. Raunávöxtun var að meðaltali 6,4% sl. 5 ár, 1,2% sl. 10 ár og 4,4% sl. 20 ár.

**TRYGGINGAFRÆÐILEG STAÐA**

Staðan segir til um heildareignir sjóðsins umfram heildarskuldbindingar. Hún var jákvæð um 4,2% í árslok 2016 samanborið við 8,7% árið áður.


Þróun tryggingafræðilegrar stöðu



**EIGNIR**

Eignir sjóðsins námu 602,4 milljörðum í árslok samanborið við 583,7 milljarða árið áður og nemur hækkun eigna því tæpum 19 milljörðum. Eignasafnið er vel áhættudreift. Þannig eru um 26% af eignum sjóðsins í dreifðu safni erlendra verðbréfa, 25% í innlendum ríkistryggðum skuldabréfum, 16% í öðrum skuldabréfum, 10% í safni sjóðfélagalána og 1% í bankainnstæðum og öðrum eignum. Innlend hlutabréfaeign nemur 22% af eignum sjóðsins.


Skipting eignasafns




**LÍFEYRISGREIÐSLUR**

Á árinu 2016 nutu að meðaltali 14.672 sjóðfélagar lífeyrisgreiðslna úr sameignardeild að fjárhæð 11.570 milljónir. Árið áður námu þær 10.464 milljónum og hækkuðu því um 11%.

Lífeyrisgreiðslur sameignardeildar



Eignir samtals



**SÉREIGNARDEILD**

Séreign í árslok 2016 nam 11.109 milljónum. Lífeyrisgreiðslur úr séreignardeild voru 498 milljónir á árinu. Ávöxtun verðbréfa leiðar var 0,9% og hrein raunávöxtun -1,2%. Ávöxtun innlánsleiðar var 3,8% sem samsvarar 1,6% raunávöxtun.

**FJÁRFESTINGAR**

Kaup á innlendum skuldabréfum umfram sölu námu 31.407 milljónum á árinu og sala innlendra hlutabréfa og hlutdeildarskirteina umfram kaup 6.467 milljónum. Kaup erlendra verðbréfa umfram sölu námu 24.613 milljónum.

live.is

**Ársfundur**

Ársfundur sjóðsins verður haldinn þriðjudaginn 21. mars nk. kl. 18 á Grand Hótel Reykjavík.

**STJÓRN**

- Guðrún Hafsteinsdóttir, formaður
- Ólafur Reimar Gunnarsson, varaformaður
- Auður Árnadóttir
- Benedikt K. Kristjánsson
- Guðný Rósa Þorvarðardóttir
- Ína Björk Hannesdóttir
- Magnús Ragnar Guðmundsson
- Úlfar Steindórsson

Frankvæmdastjóri,  
Guðmundur Þ. Þórhallsson





Önnur bylgja kvenréttindabaráttu varð til á sjöunda áratugnum. Markmiðið var að draga úr áhrifamætti feðraveldisins og meðfæddum rétti karlmansins til þess að ríkja yfir konum. Ljósmyndin er eign Kvennasögusafnsins og tekin á Kvennafrídeginum 1975 í Reykjavík.

# Silfurhærðir femínistar snúa aftur og blása lífi í baráttuna

Bandarískar kvenréttindakonur biðla til kvenna um allan heim að safnast saman 8. mars og mótmæla. Angela Davis og Gloria Steinem, sem voru háværar á sjöunda áratugnum, boða 4. bylgju femínisma. Tilefnið er að yfirgefa „Lean-in“ femínisma, 3. bylgjuna, og taka upp kvenréttindabaráttu sem höfðar til 99% kvenna.

Alda Lóa Leifsdóttir  
aldalooa@frettatiminn.is

Ýmislegt bendir til þess að Trump sé að þjappa saman konum (og körlum) gegn þeim öflum sem komu honum í forsetastólinn fyrir nokkrum vikum. Þann 21. janúar, daginn eftir innsetninguna, voru skipulögð mótmæli í rúmlega 60 löndum og rúmlega 5 milljónir manns fóru út á götu að mótmæla. Þar á meðal í Serbíu, Myanmar, Líbanon og Reykjavík. Mótmælin voru ýmist skipulögð eða haldin að frumkvæði amerísku samtakanna Women's March on Washington. Öflug þátttaka í Bandaríkjunum kom á óvart en hún var miklu fjölmennari en búist var við í aðdraganda mótmælanna. Einkenni-merki andstöðunnar er bleik húfa

með kisueyrum „Pussyhat“ skírskotun til kvenfyrirlitningar núverandi forseta Bandaríkjanna.

## Mótmælin halda áfram

Baráttukonur í Bandaríkjunum hafa ekki látið staðar numið og eru þegar að skipuleggja næstu mótmæli sem verða á alþjóðlegum baráttudegi kvenna, þann 8. mars. Mótmælunum síðastliðinn janúar var beint að Trump og setu hans í Hvíta húsinu.

Mótmælin sem verða 8. mars eru hinsvegar samstaða við verkakonur og konur í þjónustu- og umönnunarstörfum, konum í engum störfum og konunum sem gátu aldrei tekið þátt í rússíbanareidinni um best launaða starfið. Mótmælin eru viðbragð við kapitalisma og nýfrjálslyggju og viðbragð við femínisma sem þróaðist á tímum nýfrjálslyggjunnar og hvatti konur áfram í keppni um forstjórastóla frekar en

samstöðu gegn ofríki fyrirtækja og hnattvæðingu.

## Ákall bandaríska femínista

„Á síðustu 30 árum, hafa lífskjör verkakvenna og fólks almennt versnað,“ segir í yfirlýsingu frá 8 bandarískum baráttukonum sem boða 4. bylgju femínisma og skrifa undir yfirlýsingu sem ber yfirskriftina: Beyond Lean-in Feminism.

Hugtakið „Lean-in“ má meðal annars rekja til titils á einskönar sjálfshjálparbók hjá sjálfskipaða femínistanum Sheryl Sandberg, sem er ein af stjórunum á Facebook. Sheryl, sem er vellauðug, leggur til að konan vinni sig upp metorðastigann eins og hún sjálf gerði. Sheryl þessi gaf út bókina Lean in: woman, work and will to lead.

Hugmyndir hennar um kvenfrelsi eru miðaðar út frá heimi stórfyrirtækjanna, og þar sem konur í þjónustustörfum, verkakonur, einstæðar mæður, atvinnulausar konur, innflytjendur og blankar konur og flestar konur hafa ekki skilyrði til þátttöku.

## Hvað er „Lean-in“ femínismi?

Hugtakið Lean-in er samofið 3. bylgju femínisma sem að sumu leyti endurómáði tugguna um eflingu kvenna og þá sérstaklega um hæfni þeirra að vinna sig upp metorðastiga stórfyrirtækja, lögfræðistofa,

3. bylgju femínismi er stundum talinn eiga sér bólstað í félagslegri menningu kvenna á aldrinum 15 til 30 ára en skeytti ekki um aðstæður kvenna í barnauppeldi á aldrinum 30 til 50 ára, hvað þá eldri kvenna.

stofnana á alþjóðlegum eða opinberum grundvelli. Hinn sameiginlegi heimur og réttindi misstu vægi og hver kona fyrir sig háði sína eigin kvenréttindabaráttu heima hjá sér eða í atvinnulífinu. Konur kepptust að því að verða fullkomnar á öllum sviðum án þess að nokkuð breyttist í samfélaginu til þess að létta undir með þeim.

Að sumu leyti ómur af hugmyndum nýfrjálslyggjunnar þar sem samstaðan splundraðist og darwinisminn tók yfir.

## Stétta- og mannréttindabarátta

Átta bandarískar kvenréttindakonur staðfesta að nýr femínismi hafi þegar litið dagsins ljós og sé starfandi í heiminum. Í yfirlýsingu sinni nefna þær í því sambandi mótmæli kvenna í Póllandi gegn föstureyðingarbanni, mótmæli í Suður-Ameríku gegn ofbeldi karla á konum, fjöldamótmæli ítalskra kvenna í nóvember á síðasta ári og mótmæli á Írlandi og Suður-Kóreu um axlunarrétt þeirra.

En það sem er til tíðinda í þessum mótmælum, er það að þau snúast ekki eingöngu um ofbeldi gegn konum heldur er herna víðari skírskotun á ferðinni þar sem verið er að mótmæla launamisrétti og ójöfnuði, hatri og ómannúðlegri meðferð og stefnum gegn samkynhneigðum, transfólki og innflytjendum. Sem sagt stéttar- og mannréttindabarátta sem konurnar átta telja vera teikn



Þriðja bylgja kvenréttindabaráttu leggur áherslu á forystu- og leiðtoga-hæfni kvenna. Baráttu sem var miðuð út frá velgengi einstaklings í stað sameiginlegrar velferðar. Sheryl Sandberg hjá Facebook hefur sætt gagnrýni fyrir femínisma sem hentar aðeins ríku forréttindakonum. Mynd | Reuters



Pussyhat er einkenni-merki 21. janúar mótmælanna. 5 milljónir manns mótmæltu innsetningu Trumps um allan heim.

um nýja alþjóðlega kvennahreyfingu með breiðari boðskap sem rúmar andspyrnu gegn kynþáttahyggju, heimsvaldastefnu, nýfrjálslyggju og gagnkynhneigðarhyggju.

## Ni Una Menos

Konurnar sem skrifa undir yfirlýsninguna segjast starfa undir áhrifum frá Ni Una Menos sem þýðir „hver ein og einasta skiptir máli“. En það er kvenréttindahreyfing sem á rætur sínar í Argentínu. Ni Una Menos beinir athyglinni að því að ofbeldi á sér margar hliðar. Heimilisofbeldi og ofbeldi gegn konum er eitt, en ofbeldi er til staðar víðar í samfélaginu. Ni Una Menos bendir meðal annars á ofbeldið komi fram í kapitalísku stjórn- og hagkerfi þar sem konur verða undir og ofbeldi ríkisins sem kemur fram í lagalegum mismun gagnvart samkynhneigðum- og transkonum.

## Konur allra landa sameinist

Ákallið er að konur sameinist þann 8. mars og leggi niður vinnu. Þegar hafa kvennahreyfingar í 30 löndum boðað verkfall á þessum degi. Hugmyndin er að virkja konur og transkonur og stuðningsmenn þeirra til að halda alþjóðlegan mótmæladag, fara út á götur, brýr og borg. Ganga út og yfirgefa heimilisstörfin, umhyggju- og kynlífsstörf. Úthrópa kvenhatara meðal stjórnmálamanna og fyrirtækja, og mótmæla í menntastofnunum. Þessar aðgerðir eiga að leggja áherslu og benda á þarfir þeirra kvenna sem áttu ekki upp á pallborðið í kvennabaráttu síðustu þrjá tugi ára og áttu aldrei séns í „Lean-in“ femínismann: Verkakonur, konur í umönnunarstörfum, atvinnulausar og konur í viðkvæmum aðstæðum, segir í yfirlýsingu. Konurnar sem kvitta undir yfirlýsninguna eru þær, Angela Davis, Barbara Ransby, Cinzia Arruzza, Keeanga-Yamahtta Taylor, Linda Martín Alcoff, Nancy Fraser, Rasmee Yousef Odeh og Tithi Bhattacharya.

Stuðst við Womens Leadership and third wave feminism eftir Kathleen Iannello.

# BELGRAD

Beint flugt í fyrsta skiptið frá Keflavík til Belgrad höfuðborgar Serbíu

29. SEPTEMBER - 2. OKTÓBER

Belgrad er ein af elstu borgum Evrópu, hún hefur orðið fyrir áhrifum frá fjölmörgum þjóðum, sem gerir borgina gríðarlega spennandi fyrir ferðamenn. Sjá þennan suðupott mismunandi menningar koma saman á einum stað. Glæsilegur arkitektúr er þar að finna frá fyrri öldum. Verðlag á mat, drykk og í verslunum er mjög gott. Þá er hægt að gera góð kaup á einhverjum á Hinum mörgu mörkuðum sem eru í borginni.



VERÐ 99.800.-

per mann í 2ja manna herbergi, innifalið er flug, hótél með morgunamat, isl. fararstjóri rúta til og frá flugvelli.

WWW.TRANSATLANTIC.IS SÍMI: 588 8900



# FRAMKVÆMDA-DAGAR

23. FEBRÚAR - 13. MARS

Nýtt  
blað

Valdar  
vörur á  
afslætti

Allt  
borðplötu- og  
sólbekkjaefni\*  
**-30%**  
\*plastlagt

Allt  
**TORIN**  
fyrir bílinn  
**-25%**

Allar  
iðnaðarryksugur  
**-25%**

Allt  
**SONAX**  
**-20%**

Skoðaðu  
blaðið á  
**byko.is**

ÞAR SEM FAGMENNIRNIR  
VERSLA ER ÞÉR ÓHÆTT

## 25% AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM GÆLUDÝRAVÖRUM FRÁ 23.-27. FEBRÚAR  
KYNNING Á ROYAL CANIN OG JOSERA LAUGARDAGINN 25. FEBRÚAR Í BYKO GRANDA FRÁ 14-18

ROYAL CANIN

Josera.



byko.is

AUÐVELT AÐ VERSLA Á BYKO.IS  
SENDUM ÚT UM ALLT LAND

**BYKO**  
GERUM PETTA SAMAN



Þegar Máni kom út úr skápnunum fór honum að líða betur, en áreiðu í skólanum hefur hins vegar aukist.  
Myndir | Hari

# Ég fylgi draumum mínum og vil lifa venjulegu lífi

Máni hefur átt erfitt uppdráttar í skólanum vegna eineltis, en að sögn móður hans verður hann fyrir stöðugu áreiti ákveðins hóps skólafélaga. Hann hefur engan áhuga á því að falla í inn hópin eða eiga marga vini, en þráir að fá að vera í friði eins og hann er. Máni er einhverfur, greindur með add og kvíðaröskun. Hann er öðruvísi. Síðasta sumar kom hann út úr skápnunum og móðir hans segir áreiðu þá hafa versnað til muna.

Sólrún Lilja Ragnarsdóttir  
solrunlilja@frettatiminn.is

Bernharð Máni Snædal er litríkur og skemmtilegur 13 ára drengur sem kemur til dyranna eins og hann er klæddur. Stundum með bleikt hár, stundum með gloss og jafnvel maskara. Hann vill bara fá að vera hann sjálfur, en skólafélagarnir gera honum erfitt fyrir, að hans sögn. Máni, eins og hann er alltaf kallaður, er einhverfur og greindur með add og kvíðaröskun sem hefur ágerst upp á síðkastið. Fimm ára gamall var hann orðinn að skotmarki jafnaldra sinna sem uppnefndu hann og áreittu því

hann var öðruvísi. Og ekki batnaði ástandið þegar hann kom út úr skápnunum fyrir ári.

## Sagt að drepa sig

Að sögn Natalíu Óskar Ríkarðsdóttur Snædal, móður Mána, hafa verið tveir forsprakkar í gerendahópnum og hafa þeir gengið hvað lengst í áreitinu og ofbeldinu. „Svo fylgja hinir því þeir eru svo töff.

Hann er með einhverfurófsröskun og þetta byrjaði í tengslum við það. Hann er öðruvísi og kannski veikari fyrir stríðni vegna þess. Þeir

áreittu hann fyrst út af því,“ segir Natalía. Áreiðu hefur svo ágerst með árunum, en dalaði þó aðeins þegar umræddir forsprakkar skiptu um skóla í tvö ár. Svo komu þeir aftur og þá var fjandinn laus á nýjan leik, að sögn mæðginanna.

„Þá var komin ný ástæða því ég var nýkominn út úr skápnunum,“ segir Máni. „Þá varð þetta bara ofbeldisfyllra og andlega og líkamlega ofbeldið hefur verið rosalegt síðan. Það er veist að honum og hann kallaður öllum illum nöfnum. Honum er sagt að fara heim að drepa sig. Hann fær skilaboð um að hann eigi ekki skilið að lifa. Þetta er orðið mjög þreytt.“

## Ráðlagt að stuða ekki

Máni opnaði sig um líðan sína á facebook nýlega eftir atvik á skólaskemmtun sem að hans mati var kornið sem fyllti mælinn. Hann segir skólafélaga hafa veist að sér með einhverju sem brenndi hann, líklega kveikjara. „Það var atburðurinn sem varð til þess að ég vildi fella grímuna og segja frá,“ segir Máni einlægur. Natalía styður að sjálfsögðu son sinn í að opna umræðuna, enda hefur hún barist gegn eineltinu með honum síðustu árin. „Við höfum stanslaust reynt að uppræta þetta en það hefur gengið illa,“ segir Natalía og það fer ekki á milli mála að hún er orðin langþreytt á ástandinu „Það hefur verið talað við þessa drengi en það gerist ekki neitt og þeir halda áfram,“ segir Máni sem ber sig vel, þrátt fyrir allt.

„Honum er bara sagt að passa sig. Að hann eigi að passa hvornig hann hagar sér og kemur fyrir. Stundum langar hann að vera málaður en honum er bent á að það sé kannski betra að sleppa því. Hann fær þær leiðbeiningar frá skólastarfsfólki. Honum er ráðlagt að stuða ekki krakkana,“ segir Natalía.

„Þegar ég var nýkominn út úr skápnunum þá sögðu þau að ég ætti

„Það er veist að honum og hann kallaður öllum illum nöfnum. Honum er sagt að fara heim að drepa sig. Hann fær skilaboð um að hann eigi ekki skilið að lifa. Þetta er orðið mjög þreytt.“

ekki að vera að mála mig strax. Ég ætti frekar bíða með það. Ég vil mála mig til að líta fallega út. Mér er skítsama hvað þeir segja. Þetta er óþarfa hatur,“ segir Máni.


„Hann er búinn að standa sig ótrúlega vel þó kvíðaröskunin hafi versnað. En hann er ekkert að reyna að falla inn í hópin. Hann vill bara fá að vera hann sjálfur í friði. Hann þarf ekkert að eiga marga vini. Hann er ekkert að leitast eftir því. Hann er bara að leitast eftir því að fá að vera til og vera með sínum vini,“ segir Natalía. „Ég vil bara eiga gott líf,“ bætir Máni við, en hann á einn góðan vin í skólanum sem hann er mikið með.

## Krakkarnir hafa áhyggjur

„Þetta er rosalega ömurlegt. Mér líður mjög illa yfir þessu. Ég er búinn að hitta sálfræðing undanfarið og er í listmeðferð. Þetta er hægt og rólega að brjóta mig, hefur haldið mér niðri,“ segir hann aðspurður um eigin líðan.

„Við erum búin að fara í skólastjórnendur og ræða við þá. Við höfðum bara verið að ræða við starfsfólk skólans og héldum að það kæmi þessu áleiðis, en skólastjórn kom af fjöllum. Við erum búin að vera að reyna að uppræta ofbeldið í mörg ár í samstarfi við starfsfólk sem við töldum vera að koma þessu áleiðis. En okkar upplifun er sú að málinu hafi verið sópað til hliðar og honum þínulítið kennt um að vera of litríkur karakter.“

Við erum búin að hafa samband við skóla- og frístundaráð en eigum eftir að heyra frá þeim. Við ætlum að sjá hvornig verður tekið á þessu núna áður en við tökum næstu ▶



## ÚT Í HEIM MEÐ OKKUR!

### HIÐ ÓÞEKKTA INDÓKÍNA

8. - 23. apríl | 15 nætur

598 000 kr.

Víetnam, Kambódía+ Moskva

ÆVINTÝRALJÓMI 8 nætur  
19. - 26. maí **TRANSILVANÍU**

Rúmenía - í fótspor Drakúla greifa

161 700 kr.

### SIGLING KEISARALEIÐIN

30. júlí - 09. ágúst | 10 nætur

Moskva-Pétursborg

298 000 kr.

### INDVERSKT SUMAR 11 nætur

14.-25. nóvember **UM HAUST**

Gullni þríhyrningurinn+strandir GOA

339 000 kr.

### SILKILEIÐIN MIKLA

7. - 19. október | 12 nætur

Úzbekistan og Túrkménistan

488 000 kr.

### GEORGIA OG AZERBÆDSJAN

9. - 19. september | 10 nætur

Kákasusfjöll

379 000 kr.

www.bjarmaland.is sími 770 50 60  
bjarmaland@bjarmaland.is

Bjarmaland  
Reisubúskipti





**HÚSASMÍÐJAN**  
HLUTI AF BYGMA

# MÁLNING

## 20% AFSLÁTTUR

### alla helgina



Öll málning frá Jotun er umhverfisvottuð gæðamálning



blómaval

# POTTAPLÖNTUR

NÝ SENDING MIKIÐ ÚRVAL

-20%

Aloe vera  
11 cm pottur

**1.190kr**  
~~1.490kr~~

10005914



-22%

Burkni  
11 cm pottur

**999kr**  
~~1.290kr~~

11261829



-33%

Ástareldur  
10,5 cm pottur

**999kr**  
~~1.490kr~~

11328235



-23%

Friðarlilja  
17 cm pottur

**2.590kr**

~~3.390kr~~

11400010





# Hæ, kíktu út!

STOKKHÓLMUR frá

**6.999 kr.\***

Tímabil: mars - júní 2017

BARCELONA frá

**9.999 kr.\***

Tímabil: maí - júní 2017

MÍLANÓ frá

**9.999 kr.\***

Tímabil: júní - júlí 2017

TENERIFE frá

**16.999 kr.\***

Tímabil: apríl - maí 2017

EDINBORG frá

**5.999 kr.\***

Tímabil: mars - maí 2017

DÜSSELDORF frá

**8.499 kr.\***

Tímabil: maí - júlí 2017

**WOW**  
air

\*Verð miðast við flug aðra leið með sköttum ef greitt er með Netgíró.



► skref. Við stoppum allavega ekki hér," segir Natália, og af því málið er enn í farvegi vilja þau ekki geta skólans.

„Krakkarnir hafa sumir lýst áhyggjum sínum af þessu við kennara og skólustarfsfólk, sérstaklega stelpurnar. Ég veit að strákarnir hafa verið skammaðir en svo ganga þeir bara á hann og spyrja af hverju hann sé alltaf að klaga. Það vita því allir af þessu en það vantar meira aðhald.“

Natalíu finnst ömurlegt að sonur hennar geti ekki bara fengið að vera hann sjálfur. Hún biður ekki um neitt annað. „Þar sem hann er með þroskaröskun þá ættu þau líka að sinna honum sérstaklega vel og aðstoða hann.“

#### Stuðningur af Samtökunum

Þegar Máni kom út úr skápnunum leit uðu þau mæðginin til Samtakanna 78 og fengu aðstoð og ráðgjöf. Máni ræddi meðal annars við sálfræðing sem kom svo og talaði við krakkana í bekknum. Að sögn Natalíu vöru þau flest mjög áhugasöm en það dugði ekki til. Bæði lofsama þau þó Samtökin fyrir sitt starf. „Það er mjög gott og öflugt ungliðastarf hjá Samtökunum og það hefur gert heilan helling fyrir hann.“

Máni kom út úr skápnunum sem tvíkyrnheigður en hann er ennþá að finna sig á réttum stað. „Hann er auðvitað ungur og óreyndur og það kemur bara í ljós þegar hann finnur manneskju sem hann elskar. Það liggur ekkert á," segir Natália og lítur brosandí á son sinn. „Ég er alveg viss um að hann finnur sinn sálufélaga, af hvaða kyni sem er.“

Þrátt fyrir að það hafi verið erfitt fyrir ungan dreng að koma út úr skápnunum þá styrkti það hann líka heilmikið. „Ég var mjög niurdreg-

„Krakkarnir hafa sumir lýst áhyggjum sínum af þessu við kennara og skólustarfsfólk, sérstaklega stelpurnar. Ég veit að strákarnir hafa verið skammaðir en svo ganga þeir bara á hann og spyrja af hverju hann sé alltaf að klaga. Það vita því allir af þessu en það vantar meira aðhald.“

inn og þungur, en þegar ég kom út þá varð ég jákvæðari og fór að blómstra," segir Máni og móðir hans tekur undir þetta. Breytingar á syninum hafa verið töluverðar síðasta árið. „Hann varð strax allur hressari og síðasta sumar var mjög gott, en það kom dálítið högg í skólanum í haust og þá dalaði það aðeins.“

Máni á rúm tvö ár eftir af grunn-skólagöngunni og Natália segir þau einfaldlega vera að þrúka, það sé gott að sjá fyrir endann á þessu. „Það hefur komið til tals að hann skipti um skóla en okkur finnst það ekki vera lausnin. Hann á góðan vin í skólanum og kunningja. Ef við flytjum hann í annan skóla þá finnst mér eins og við séum að refska honum fyrir það sem hann er að ganga í gegnum.“

#### Talaði um að vilja fara

Natalía viðurkennir að það taki á heimilislífið að búa við stöðugan ótta um hvað gerist næst. En á hverjum morgni krossar hún fingur og vonar að sonur hennar verði látinn í friði þann daginn. Hún þekkir

nefnilega eineltið af eigin raun og veit hvað hann er að ganga í gegnum. „Ég varð fyrir daglegu ofbeldi og áreiti sem barn og á tímabili hugsaði ég með mér að það væri best fyrir mig að láta mig hverfa út í sjó. En fyrir vikið er ég kannski betur í stakk búin til að hjálpa syni mínum og skilja hann. Það á enginn skilið að heyra það að hann sé einskis verður og eigi helst að drepa sig," segir Natália en hún þjáist af áfallastreituröskun eftir ofbeldið í æsku og hefur leitað sér aðstoðar vegna þess. „Þetta skilur eftir djúpt ör á sálinni," bætir hún við.

„Á tímabili var ég sjálfur að hugsa um að taka mig af lífi," segir Máni hreinskilinn og móðir hans grípur orðið. „Hann var kominn á þann stað. Hann vildi bara vera inni í herbergi og ekki gera neitt. Hann var hættur að læra heima og hættur að hirða um sjálfan sig. Hann talaði oft um að hann vildi fara.“ Hann er sem betur fer ekki jafn þungur í dag, enda fór honum að líða ör-lítið betur eftir að hann kom út úr skápnunum.

En þó Máni hafi átt erfitt er hann duglegur að láta drauma sína ræstast. Hann tók til að mynda þátt í Ísland Got Talent á síðasta ári og vakti töluverða athygli. Hann syngur og spilar sína eigin tónlist á gítar og þykir mjög hæfileikaríkur. „Hann stóð sig eins og hetja og það var ekki til feilnóta hjá honum," segir Natália stolt. Þá hefur hann einnig tekið þátt í keppni ungra tónskálda.

„Ég fylgi draumum mínum og vil lifa venjulegu lífi. Ég vil ekki þurfa að upplifa hindranir út af þessu áreiti," segir Máni ákveðinn. „Hann vill bara fá að vera til. Fá að vera í friði. Hann hefur sinn tilvistarrétt, eins og allir aðrir," bætir Natália við.



# GLÆSILEGAR ÍBÚÐIR Í MIÐBÆ REYKJAVÍKUR

**NÝTT**

## SALA Á 2. ÁFANGA SMÍÐJUHOLTS ER HAFIN

### VANDAÐAR OG FULLBÚNAR ÍBÚÐIR AF FJÖLBREYTTUM STÆRÐUM 2JA • 3JA • 4RA • 5 • 5-6 HERBERGJA



#### HEFUR ÞÚ KYNNT ÞÉR HVÆÐ ER INNIFALIÐ Í MÁNAÐARLEGU BÚSETUGJALDI?

- Fjármagnskostnaður
- Fasteignagjöld
- Bruna- og húseigendatrygging
- Fráveitugjöld
- Hiti íbúðar
- Hiti og rafmagn sameignar
- Rekstur bílageymslu
- Rekstur á tæknikerfum og lyftu
- Þrif á sameign
- Garðumhirða
- Sorphirðugjöld
- Þjónustugjald og framlag í viðhaldssjóði

#### VANDAÐUR FRÁGANGUR

- Íbúðir afhendast fullbúnar með gólfefnum
- Vandaðar innréttingar frá GKS
- Spanhelluborð og blástursofn
- Myndavéladyrasími
- Stæði í bílageymslu fylgir öllum íbúðum
- Rafmagnstengi við öll sérbílastæði
- Aðstaða til hjólaviðgerða í kjallara
- Afnot af sal og „laundromat“ Smíðjuholts
- Glæsilegur innri garður með dvalarsvæðum
- Fyrirmyndar aðgengi og hljóðvist

#### ÁVINNINGUR MEÐ BÚSETAÍBÚÐ

- Örugg búseta meðan þér hentar
- Þú festir minni fjármuni í fasteign
- Þú færð vaxtabætur líkt og eigandi
- Lægri kaup- og sölukostnaður
- Búseti sér um allt ytra viðhald á húsnæði
- Hátt þjónustustig

**Opið hús  
í sýningaríbúð  
í Einholti 10  
miðvikudaginn  
1. mars  
kl. 16-17:30**

#### HVAÐA KAUPLEIÐ HENTAR ÞÉR?

##### LEIÐ A:

##### FYRIR ÞÁ SEM ERU AÐ FÓTA SIG Á HÚSNÆÐISMARKAÐNUM

- Einungis í boði við fyrstu kaup á búseturétti
- Í boði fyrir stúdíó og 2ja herbergja íbúðir (á ekki við um þakíbúðir)
- Þú greiðir út 5% búseturétt en að lágmarki 2,0 millj.
- Eignaraukning upp í 20% rétt á 15 árum
- Eftir það verður mánaðargreiðsla eins og í leið C

##### LEIÐ B:

##### FYRIR ÞÁ SEM VILJA BÚA Í HAGINN

- Þú greiðir að lágmarki 10% búseturétt
- Eignaraukning upp í 20% rétt á 15 árum
- Eftir það verður mánaðargreiðsla eins og í leið C
- Í boði fyrir allar stærðir íbúða
- Hámarksfyrirgreiðsla 4,0 millj. eða 50% búseturéttar

##### LEIÐ C OG C+:

##### FYRIR ÞÁ SEM VILJA ÓBREYTTA EIGNARSTÖÐU OG LÆGRI GREIÐSLUBYRÐI

- Þú greiðir út 20% eða 30% búseturétt
- Í boði fyrir allar stærðir íbúða
- Hægt að fá lán hjá viðskiptabanka Búseta upp að 3,0 milljónum til allt að 8 ára

Allar nánari upplýsingar á [www.buseti.is](http://www.buseti.is) og á skrifstofu Búseta í síma 520 5788

BÚSETI húsnæðissamvinnufélag • Síðumúli 10 • 108 Reykjavík  
sími 520 5788 • [www.buseti.is](http://www.buseti.is) • [buseti@buseti.is](mailto:buseti@buseti.is)



RÝMUM FYRIR NÝJUM LITUM

**50%**  
AFSLÁTTUR



### COSTA

Tungusófi, hægri eða vinstri tunga.  
Vandað slitsterkt ljós- eða dökkgrátt áklæði og svart eða hvítt PU-leður.  
Stærð: 305 x 215 x 84 cm. Aukahlutir á mynd: Hnakkapúðar

**199.995 kr.**  
~~399.990 kr.~~



**20%**  
AFSLÁTTUR

### ELLY

Hægindastóll. Bleikt eða grátt slitsterkt áklæði.

**43.990 kr.** ~~54.990 kr.~~

### FRIDAY

Hornsófi 2H2  
Dökkgrár eða brúnn.  
Stærð:  
260 x 260 H 90 cm.

**25%**  
AFSLÁTTUR

**224.990 kr.** ~~299.990 kr.~~



### LARAMIE

Vinsælu sófarnir frá Broyhill. Ævintýrlega þægilegir með það að meginmarkmiði að láta þér líða vel. Klæddir slitsterku brúnu microfiber áklæði. Stærð 2ja sæta: 170 x 95 x 95 cm  
Stærð 3ja sæta: 220 x 95 x 95 cm

2ja sæta  
**139.990 kr.**  
~~179.990 kr.~~

3ja sæta  
**149.990 kr.**  
~~189.990 kr.~~



**20%**  
AFSLÁTTUR



**25%**  
AFSLÁTTUR

### DEVON

Einfaldur og traustur svefnsofi, grár og blóma.  
Stærð: 151 x 86 x 82 cm

**89.990 kr.** ~~119.990 kr.~~




**22%**  
AFSLÁTTUR

### ELLY

Þriggja sæta. Bleikt eða grátt slitsterkt áklæði. Stærð: 183 x 82 x 85 cm

**69.990 kr.** ~~89.990 kr.~~



**38%**  
AFSLÁTTUR

### CLEVELAND

Tveggja sæta sófi, ljóst eða dökkgrátt slitsterkt áklæði. Stærð: 180 x 86 x 81 cm

**49.990 kr.** ~~79.990 kr.~~

Reykjavík  
Bíldshöfði 20  
10 – 18 virka daga  
11 – 17 laugardaga  
13 – 17 sunnudaga

Akureyri  
Dalsbraut 1  
10 – 18 virka daga  
11 – 16 laugardaga

Ísafjörður  
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is  
558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.



L A Z B O Y *Live life Comfortably.*



### PINNACLE

Brúnt, dökkbrúnt, hvítt, svart eða  
vínrautt leður á slitflötum.  
Stærð: 84 x 90 x 100 cm

129.990 kr. ~~179.990 kr.~~

**28%**  
AFSLÁTTUR

# HELGAR SPRENGJA

**b**  
broste  
COPENHAGEN

ALLAR BROSTE VÖRUR

**30%**  
AFSLÁTTUR



26cm diskur **1.393 kr.** ~~1.990 kr.~~ 20cm diskur **1.043 kr.** ~~1.490 kr.~~ 17x6cm skál **1.183 kr.** ~~1.690 kr.~~



**20%**  
AFSLÁTTUR

### TUB

Hægindastóll. Rio Khaki áklæði.

**39.990 kr.** ~~49.990 kr.~~

### MANDAL

Borðstofustóll.

Rauður,  
hvítur,  
svartur og  
blár.



**50%**  
AFSLÁTTUR

**4.995 kr.** ~~9.990 kr.~~



**38%**  
AFSLÁTTUR

### DIMA

Borðstofustóll. Hvítur eða svartur  
með svörtum eða viðalíttum löppum.

**7.990 kr.** ~~12.990 kr.~~



**40%**  
AFSLÁTTUR

### NORA

Borðstofustóll. Svart PU leður.

**23.990 kr.** ~~39.990 kr.~~



HÚSGAGNA  
HÖLLIN



# Vertu memm!

ALICANTE frá

9.999 kr.\*

Tímabil: maí - júní 2017

LONDON frá

5.999 kr.\*

Tímabil: mars - maí 2017

VARSJÁ frá

19.999 kr.\*

Tímabil: júlí - október 2017

PARÍS frá

8.999 kr.\*

Tímabil: mars - júní 2017

LYON frá

9.999 kr.\*

Tímabil: júní & september 2017

KAUPMANNAHÖFN frá

6.499 kr.\*

Tímabil: mars - maí 2017

**WOW**  
air

\*Verð miðast við flug aðra leið með sköttum ef greitt er með Netgró.



Heba Aljaraki er sýrlenskur lögfræðingur með sérþekkingu í réttindum kvenna. Þegar stríðið braust út vann hún við að aðstoða konur sem misst höfðu eiginmenn sína.

Innflytjandinn:

## Langar bara að lifa í friði

Heba Aljaraki beið með börnin sín tvö í sprengjuregninu í Sýrlandi á meðan eiginmaðurinn leitaði að samastað fyrir fjölskylduna. Hún fluttist til Íslands fyrir rúmu ári og reynir að hugsa sem minnst um dauðann.

Halla Harðardóttir  
halla@frettatiminn.is

Leiðin hingað var mjög löng," segir Heba Aljaraki en hún fluttist til Íslands frá Sýrlandi fyrir rúmu ári.

„Maðurinn minn fór tvisvar yfir Miðjarðarhafid frá Lýbíu en í fyrri skiptið sökk báturinn. Báturinn var mjög lélegur og það voru 300 manns í honum. Hann byrjaði að leka stuttu eftir að þau voru komin út á haf en maðurinn minn náði að synda í land. Það voru bara nokkrir menn sem komust í land, allar konurnar og öll börnin drukkuðu.“

„Hann reyndi aftur mánuði seinna og þá náði hann til Ítalíu þaðan sem hann fór til Frakklands, svo til Belgíu og svo til Hollands. Frá Hollandi fór hann til Íslands. Þegar hann lenti á Íslandi átti að vísa honum til Ítalíu vegna Dyflinnarreglugerðarinnar en hann gat ekki hugsad sér að fara aftur til Ítalíu því þá hefði hann aldrei hitt okkur aftur. Lögfræðingar Rauða krossins aðstoðuðu hann og eftir eitt ár fékk hann íslenska kennitölu.“

Á meðan eiginmaður Hebu reyndi að finna henni og börnunum þeirra tveimur samastað beið Heba í Sýrlandi. „Það er hryllingur að ala börn upp í stríði. Á hverjum einasta

degi hlustuðum við á sprengjurnar og öskrin og ég reyndi að róa börnin mín. Þetta var ekkert líf," segir Heba en næstum tvö ár liðu frá því að maðurinn hennar fór yfir hafid og þar til hann fékk hæli hér á landi. Rúmu ári síðar kom Heba með börnin til Íslands. „Það er ekki hægt að lýsa muninum á því að vera með börnin þar og hér. Við erum svo hamingjusöm í dag. Börnin okkar eru svo glöð hérna. Núna reyni ég að hugsa sem minnst um dauðann, mig langar bara að lifa í friði.“

Heba er lögfræðingur að mennt. Þegar stríðið braust út ákvað hún að nýta krafta sína í að aðstoða konur sem misst höfðu eiginmenn sína. „Stríðið hafði tekið mikið frá okkur og margar konur stóðu einar eftir með börnin sín. Sumar voru ekkjur en aðrar höfðu misst eiginmennina

„Stríðið hafði tekið mikið frá okkur og margar konur stóðu einar eftir með börnin sín. Sumar voru ekkjur en aðrar höfðu misst eiginmennina í fangelsi, oftast án dóms og laga.“

í fangelsi, oftast án dóms og laga. Þessar konur voru án allra réttinda því í Sýrlandi hafa konur ekki mikil réttindi án eiginmanns. Þær þurftu aðstoð við að finna eiginmennina eða við að skipuleggja næstu skref, sem oftast voru að fara," segir Heba sem gat þó lítið unnið eftir að eiginmaðurinn fór yfir hafid.

Fyrstu mánuðina eftir að Heba kom til Íslands með börnin var hún mest heima við, að reyna að venjast nýju lífi. Hún segist þó ekki hafa þolað það lengi. „Ég þræði að vinna svo ég fór út að labba í leit að vinnu, bara hér í hverfinu. Ég bankaði upp á hjá allskonar fyrirtækjum og það um vinnu og að lokum fann ég þennan skóla, Lyngás. Ég sá börnin og hugsaði strax að hér langaði mig til að vinna og svo fékk ég vinnuna," segir Heba ánægð. Hún starfar bæði í eldhúsi skólans og í umönnun barnanna og líkar það einstaklega vel. „Ég var hissa fyrst að sjá hvað skatturinn hér er hár," segir hún og hlær. „Og svo þurfti ég að fara í smá aðgerð og þá var ég mjög hissa að sjá hvað það kostar mikið að fara á sjúkrahús á Íslandi, en ég er alin upp við það að heilsugæsla sé ókeypis. Fjölskyldan mín var alltaf með sama heimilislækninn og það kostaði ekkert að heimsækja hann. En það var auðvitað fyrir stríðið.“

## GRANADA

BEINT FLUG FRÁ  
AKUREYRI OG KEFLAVÍK

6. - 9. október

Hin stórfenglega Máraborg, Granada er ein allra fallegasta borg Spánar. Hún er staðsett við rætur Sjerra Nevada fjallanna í ægífögru umhverfi. Áhrif frá tímum Mára eru þar mjög sterk og má m.a. nefna Madraza, fyrsta arabíska háskólann frá 13. öld og arabísku böðin frá 11. öld.

Hæst ber þó að nefna Alhambra höllina sem talin er ein fegursta bygging heims. Ekki er síðra úrval verzlana, veitingahúsa og allt það sem hinn venjulegi ferðamaður þarfnast. Meðalhiti 20°C.



VERÐ 109.900.-

per mann í 2ja manna herbergi.  
Innfalið: Flug, hótél með morgunmat,  
íslenskur fararstjóri, rúta til og frá flugvelli.

WWW.TRANSATLANTIC.IS

SÍMI: 588 8900





Tannlæknafélag Íslands mælir með nokkun xylytols sem aðalsætufrnis í tyggigúmmii

Borða Drekka tyggja **Extra**<sup>®</sup>





Qing Zhou kom til Íslands að skoða norðurljósin og kynna sér skandinavíska músík. Myndir | Alda Lóa

# Raunheimar í föstu formi fást í plötubúð á Hlemmi

Vínylaðdáendur í Reykjavík leggja gjarnan leið sína í plötubúðina Lucky Records við Rauðarárstíg. Flestir þeirra eru hvorki haldnir fortíðarþrá né ganga þeir fyrir rómantík. En vínylaðdáendurnir hafna drasli og hraða nútímans sem rænir þá peningum og tíma og kjósa þess í stað traustan lífsstíl sem byggist á raunverulegu efni.

Alda Lóa Leifsdóttir  
aldalooa@frettatiminn.is

Hlemmur er áningarstaður notenda almenningvagna og á milli vagna er hægt að skreppa í Rauða krossbúðina og næla sér í bol með áletruninni „I am not a morning person.“ Það er líka hægt að panta Pad Thai í austurlensku matarbúðinni Mai Thai og förna næstu strætóferð. Hinsvegar er enginn svikinn af því að ganga fyrir hornið út á Rauðarárstíg. En skáhallt á móti utanríkisráðuneytinu er búðin Lucky Records

með vínlyplötur, diska og hljóðsnældur og ókeypis kaffi.

## Lucky records við Hlemm

Gestur Baldursson, starfsmaður Lucky Records til margra ára, opnar búðina klukkan 10 á hverjum morgni. Í þessum febrúar morgungráma býður fyrsti kúnni dagsins eftir inngöngu í musterid. „Hann kemur hingað reglulega,“ upplýsir Gestur. Fastakúnninn veit hvað og hvar í búðinni hann finnur sínar vörur og gengur rակleit að sínum rekka og velur fimm notaða geisladiska sem reynast vera að megninu til þýsk dægurlagamúsík. Maðurinn

borgar fyrir diskana og keyrir burt tíu mínútum síðar.

Gestur hefur aldrei halað niður af netinu. Hvorki músík né myndum. Hann segir líkt komið fyrir mörgum sem koma í Lucky Records og sér sjálfum að þau nota hvorki Netflix né Vod. „Fólk sem kemur hingað í myndaleit, er oft í leit að íslenskum myndum eða myndum með íslenskum textum. Eða jafnvel diskum með aukaefni sem fylgir myndunum. Aukaefni sem þú finnur ekki á netinu þegar þú halar niður mynd.“

## Gefa út á föstu formi

Mesta fjörið í Lucky Records er

seinnipartinn, segir Gestur, þegar búðin fyllist af vinum og kunningjum í spjall og kaffi. Ungur tónlistarmaður, Haraldur Guðmundsson bassaleikari, var að gefa út plötu. Hann kom í gær með bunka, heitar úr pressunni. Platan heitir Freaks of Funk sem Sigurður Guðmundsson mixaði. Hún var tekin í umboðssölu í búðinni eins og margar aðrar plötur eftir íslenska tónlistarmenn.

Því fer fjölgandi tónlistarfólkinu sem gefur út efni sitt á föstu formi, segir Gestur, og á þá við vínlyl, kasettur og geisladiska þegar hann talar um fast form. „Í dag er kasettan handhægasta, þægilegasta og ódýrasta formið til þess að geyma músík. Á síðasta ári komu út 40 íslenskir titlar á kasettum og að jafnaði komu út 300 nýir íslenskir titlar á föstu formi,“ segir Gestur. „Það er hátt í plata á dag og þetta hefur bara aukist á síðustu árum.“ Gestur segir söluina góða enda væru þeir ekki að reka búðina ef það væri ekki markaður fyrir vörurnar þeirra.

„Hljómsveitirnar fá lítið inn af sínum tekjum í dag þegar allir eru að hala niður,“ segir Gestur. „Þú sýnir ekkert „support“ með því að mæta ekki á tónleika en hanga heima og hala niður.“

## Ég vil halda á hlutunum

Gestur er bæði með geislapilara og kasettutæki í bílnum sínum (óhjá-



Gestur vill sitja með fólkinu sem hann talar við og halda á bókinni sem hann les.

kvæmilega veltir maður fyrir sér hvornig bíl hann keyrir) og þrjá plötuspilara heima hjá sér. „Ég les mikið og les þá bækur af því að ég vil fá að halda á hlutunum. Og ég nota takkasíma, segir hann og tekur upp lítinn svartan síma. „Kannski er þetta einhver andspyrna. „Call me old fashion“. Ég vil sitja með fólkinu sem ég tala við og halda á bókinni sem ég les. Ég er kominn yfir ferugt en hef aldrei notað kreditkort, hvorki tekið bílalán né námslán. Fólk er komið í eigu bankanna og Visa og með sífelldar áhyggjur um hver mánaðamót.“

„Viðskiptavinir okkar eru að koma hingað af sömu ástæðum og ég. Þeir vilja tengja græjurnar, standa upp og snúa við. Kannski er þetta nostalgía en þetta er líka athöfn gagnstætt þessu hérna sem er ekki nein athöfn,“ segir Gestur og mundar puttann eins og hann sé að fletta á skjá. „Það er athöfn að fara í bíó, fara á staðinn sitja með fólki og borða popp. Og það er himinn og haf á milli þessara athafna en það er til fólk sem lifir í hliðarveruleika og fer ekki úr húsi. Það halar nið- ▶



## Brahms Ein deutsches Requiem Söngsveitin Fílharmónía

Einsöngvarar:

Hallveig Rúnarsdóttir sópran og Ágúst Ólafsson barítón

28. febrúar kl. 20:00 í Norðurljósal Hörpu






Miðar á [www.harpa.is](http://www.harpa.is)



Það er hryllingur að sitja uppi með rispaðan geisladisk, það þekkja allir. En ef þú ert með rispaða plötu þá stendur þú bara upp og lyftir nálinni yfir rispuna, segir Ýmir, eigandi Vínlyl á Hverfisgötu.





[www.hrim.is](http://www.hrim.is)



meraki



Fæst aðeins á  
Laugaveg 25



  
VOID WATCHES



LAUGAVEGI 25 / LAUGAVEGI 32 / KRINGLUNNI  
S: 553-3003 / S:553-2002 / S:553-0500



► ur, deitar á netinu, vinnur jafnvel á netinu og er sagt upp á netinu.“ Gestur kallar það „Short Cut“ að lifa þannig lífi.

#### Bílfarmar af vínýl á haugana

Ýmir Einarsson er fastakúnni í Lucky Records. Hann býr í grenndinni og kíkir reglulega inn í búðina. „Þetta er „hangoutið“ mitt, það eru engar sjöppur lengur, þannig að einhversstaðar verður fólk að vera. Ýmir rekur kaffihúsið Vínýl á Hverfisgötu og einu horninu er hann með kassa af plötum til sölu. „Það var aldrei ætlunin að selja mikið, heldur meira hugsað sem skraut. En áhugi fyrir vínýl eykst jafnt og þétt og ég þarf reglulega að fylla á kassann.“

Hann flettir í gegnum plötu-stafla á gólfinu og segir þar gjarnan leynast plötur á niðursettu verði með útlitsgalla. Hann heldur á Jimi Hendrix plötu þar sem límingin á umslaginu hefur þornað upp og vantar innra umslagið. Sjálfur leigir hann geymslu út í bæ undir sínar eigin vínýlplötur sem eru í kringum tíu þúsund eintök.



Marco og Randolph frá Suður Þýskalandi eru komnir til landsins að skoða íslenska náttúru og leita upp þungarokk. Þeir komu við í Lucky Records og keyptu kasettu með hljómsveitinni skáphe2.

**„Þetta er svipað og munurinn á því að horfa á olíumálverk og mynd í photoshop á tölvunni. Auðvitað er hægt að vera með nógu marga kassa eða pixla þannig að þú heyrir bylgju, en þetta eru samt alltaf kassar.“**

„Á tímabili var fólk að henda heilu bílförmunum af vínýl og það munaði litlu að ég myndi henda plötusafninu mínu á sínum tíma. En það er að breytast, núna er miklu erfiðara að finna vínýl í til dæmis Góða hirðinum. Fólk passar betur upp á plöturnar sínar núna, af því að það er markaður fyrir þær.“

„Ég myndi ekki segja að þetta sé bara nostalgía. En vínýl býður upp á allt aðra stemningu,“ segir Ýmir. Platan og plötuspilari er miklu falgri hlutir en geislaspilari og diskur. Það er hægt að horfa og dást að plötualbúmi heila eilífð en það er ekki hægt að fara á svona disk,“ segir Ýmir og nær í geisladisk í hulstri og heldur honum uppi fyrir framan nefið á sér. „En notkun geisladiska er að vísu hverfandi á Íslandi með tilkomu Spotify og niðurhals af því að fólk nær í sína músík á netinu og hleður því beint á tölvuna.“

#### Munurinn á bylgju og kassa

„Vínýlplöturnar eru analog, sem býðir að þú hlustar á kassa þegar þú hlustar á geisladisk en bylgjur þegar þú hlustar á vínýl. Þetta er svipað og munurinn á því að horfa á olíumálverk og mynd í photoshop á tölvunni. Auðvitað er hægt að vera með nógu marga kassa eða pixla þannig að þú heyrir bylgju, en þetta eru samt alltaf kassar,“ segir Ýmir.

Annað sem réttlætir þennan vínýl lífsstíl er, samkvæmt Ými, það að fólk er að átta sig á því að það hefur ekki áhuga þessum hraða og að fólk situr uppi með drasl og engan tímaparnað. Ýmir tekur upp símann

sinn og dregur puttann yfir skjáinn og segist ekki þola þetta. „Mig langar í skífusíma aftur, eitthvað sem virkar. Þegar geisladiskarnir komu á markað þá var Ómar Ragnarsson með innslag í sjónvarpinu þar sem hann hélt því fram að það væri hægt að spila „frisbie“ með geisladiskum og allir svo ánægðir með þessa nýjung. En það er bara ekki þannig og það er hryllingur að sitja uppi með rispadaðan geisladisk, það þekja allir. En ef þú ert með rispadað plötu þá stendur þú bara upp og lyftir nálinni yfir rispuna,“ segir Ýmir og brosir sínu breiðasta og bætir við að: „Þótt að ég sé vínýlfrí þá er ég ekki Anal-log.“

#### 78 snúninga grammófónplatan

Björn kemur oft við í Lucky Records á leið sinni á Háskólabókasafnið. Hann er að leita að 78 snúninga plötum sem voru hérna um daginn en þær hafa verið færðar til, segir hann og skimar í kringum sig. „Ég er að leita að plötum á Pholyphone grammófóninn minn. Hann er með innbyggðan hátalara en tekur aðeins 78 snúninga grammófónplötur. Það er gífurleg vinna að spila 78 snúninga, þú þarf alltaf að vera að snúa við og trekkja upp, þú hlustar bara í eina og hálfá eða tvær mínútur í senn, það er ekkert hægt að leggjast fyrir með rauðvínsglas og láta líða úr sér.“

„Ég hef ekkert vit á músík, ég kann ekki að lesa nótur, þannig að ég er bara „amatör“. En ég held mikið upp á chileska píanóleikarann Claudio Arrau og túlkun hans á Chopin,“ segir Björn og snýr „volume“ takkanum á gömlum Philips magnara, árgærd 70. „Ætli það sé í lagi með magnarann?“ spyr Björn. „Já, já það er búið að fara vel yfir græjurnar áður en þær fara í sölu,“ svarar Þórir.

#### Nemi frá Pandabjarnalandi

Qing Zhou er nemandi í stjörnufræði í Hollandi en kemur upphaflega frá Chengdu í Sichuan í Kína sem er nánar tiltekið þar sem pandabjörninn heldur til og jarðskjálftinn var árið 2008, útskýrir hún. Qing Zhou kom til Íslands til að skoða norðurljósin, en hefur ekki haft heppnina með sér í þeim efnum þannig að hún settist niður í Lucky Records til þess að kynna sér skandinavíska músík sem er víst „besta músík í heimi“, eins og einhver sagði henni. Hún þekkti sænska músík áður en hún kom til landsins og er núna að kynna sér íslenska músík og list mjög vel á disk með „Ojbarasta“ sem hún er með í eyrunum í augnablikinu.

#### Tvær plötubúðir á Húsavík

Þórir Georg Jónsson hleypur stundum í skarðið og afgreiðir í Lucky Records þegar þá vantar aðstoð, eins og í dag. Jafnframt hefur Þórir gefið út heimlíkið af eigin músík og eitthvað af því er í hillunum hjá þeim í Lucky Records. Þórir lifir og hrærist í pönkinu.

Þórir segir að pönkbylgjunni hafi skolað til Íslands fjórum árum eftir að hún gerði garðinn frægan á Vest-



Þetta albúm með Iron Maiden er ástæðan fyrir því að ég fór að graffa, segir Þorsteinn Otti.



Þórir Georg hefur gefið út eigin músík á hljóðsnældum



Hekla erfði bítlaplötusafn ömmu sinnar.



Viðskiptavinur að leita að 78 snúninga plötum á Pholyphone grammófóninn sinn.

urlöndum en tíu árum síðar lagði hún leið sína norður á Húsavík. Þórir, sem er Húsvíkingur fæddur 1984, var þá tíu ára gamall. Þegar pönkið nam land á Húsavík voru tvær plötubúðir í kaupstaðnum. Þórir og félagar hans á Húsavík kolféllu fyrir pönkinu. Það var tónlistin frekar en einhver lífsafstaða, segir Þórir. Það var lítið um nælur og hanakamba á 10. áratugnum. „Ef það var einhver tíska þá var það andímynd, það þótti töff að vera „andkúl“ og „andtöff“. Notuð fót og þessi andstíll var mótsvar við rokktonlistina þar sem ímyndin er í forgrunni,“ segir Þórir.

#### Pönkið hverfur aldrei

„Við stofnuðum mörg bílskúrsbönd sem lifðu góðu lífi á Húsavík. Á meðan ég og vinir mínir hlustuðum á pönkmúsík voru aðrir í sveitinni fyrir norðan sem hlustuðu á Nirvana og Metalica. Átján ára flutti Þórir suður til Reykjavíkur að leita uppi pönkið. Þá var mikið að gerast í pönkinu fyrir sunnan. Mínus að byrja, sem var hörku pönkhljóm sveit til að byrja með, áður en þeir meikuðu það og urðu smart. Pönkið hverfur aldrei, segir Þórir, sem hefur meðal annars tekið þátt í pönkhljómssveitunum Adapt og Hryðjuverk. „Ég finn mér alltaf eitthvað að gera, segir Þórir. Í dag spila ég á gítar í hljómsveitinni Rot. Pönksenan hverfur aldrei,“ segir hann.

#### Albúmið er ástæðan fyrir graffinu

Þorsteinn Otti Jónsson er tídur gestur í Lucky Records. Hann segist oft koma bara til að skoða og fá innblástur en kaupa minna. Hann starfar sem grafískur hönnuður í dag, en eftir nokkra ára graff á unglingsárnum hóf hann nám í Lista-



78 snúninga vínýlplata.

**Gæði & glæsileiki**

Sérverslun með  
**Gabor**

Fákafeni 9 | sími 553 7060  
Opíð mánud. - föstud. 11-18 & laugard. 11-16  
www.gabor.is | facebook.com/gaborserverslun

**Grand Indókina**  
Vietnam, Laos og Kambódía | 14.- 31. okt.

**Verð frá: 655.900 kr.**  
og **12.500 Vildarpunktar.**  
Á mann m.v. 2 í herbergi.  
Verð án Vildarpunkta: **665.900 kr.**  
Farárstjóri er Héðinn Svarfdal Björnsson.

VITA | Skógarhlíð 12 | Sími 570 4444 | VITA.IS



*Sirius*   
Súkkulaðipáskaegg  
45% DÖKKT SÚKKULAÐI

  
NÓIR SÍRIUS



Gleðilega páska



# Að yfirstíga óttann er mikilvægast

Sigríður Lárusdóttir er ein fárra Íslendinga sem stunda fríköfun. Hún kafar á 30 metra sjávardýpi án nokkurs búnaðar, fyrst og fremst til að sigrast á sínum eigin ótta.

Halla Harðardóttir  
halla@frettatiminn.is

Það er ákveðið ástand sem maður kemst í við fríköfun sem er heillandi. Þetta er eins og með öll önnur öfgasport þá snýst þetta fyrst og fremst um að skora á sjálfan sig“ segir Sigríður Lárusdóttir sem prófaði fyrst að kafa í sólarferð á Krít fyrir tíu árum. Eftir að hafa upplifað dýpið ákvað hún að læra köfun og síðan hefur hún hægt og rólega skipt um starfsvettang og starfar í dag sem köfunarleiðsögumaður. Ástríða hennar er þó fyrst og fremst fríköfun. „Ég hef alla tíð heillast af vatni og sem krakki var ég stöðugt að sula í vatni. Mig langaði alltaf til að læra að kafa en svo gleymdist það á leiðinni í gegnum lífið og ég

var komin á gamalsaldur þegar ég prófaði þetta fyrst.“

## Erfiðar aðstæður á Íslandi

„Eftir að ég kláraði kafaranámskeiðið skildi ég við manninn minn og þá fór ég út í þetta af fullum krafti. Ég skræði mig í Sportkafarafélagið og bætti við mig helling af viðbótarþekkingu og næsta skref er að fara til Möltu og læra að verða köfunarkennari því mig langar ekki til að vinna við neitt annað,“ segir Sigríður. Í Sportkafarafélaginu kynntist hún Birgi Skúlasyni en hann er eini maðurinn á Íslandi sem kennir og keppir í fríköfun. Sigríður heillaðist algjörlega af sportinu.

„Fríköfun snýst um að kafa án nokkurs búnaðar og hefur auðvitað verið stunduð alla tíð, án þess að kallast fríköfun. Þetta er frekar



Eftir að Sigríður Lárusdóttir kláraði kafaranámskeiðið skildi hún við mann sinn og fór út í köfun af fullum krafti.  
Myndir | Halli

## „Púlsinn hægist svo mikið að hann getur farið niður í 25 slög svo það er mjög mikilvægt við þessar aðstæður að panikka ekki.“

ungt sport en það er keppt í því út um allan heim, bæði í laugum og sjó, og þá er annaðhvort keppt í að kafa djúpt á einum andardrætti eða í tímalengd á kafi. Þegar það er keppt í sjó þá er það gert á stöðum þar sem eru náttúrulega djúpar holur, svokallaðar blue holes, ein sú þekktasta og þar sem keppt er á hverju ári er við Egyptaland,“ segir Sigríður sem sjálf hefur lengst verið á kafi í 5,17 mínútur og komist á 33,3 metra dýpi en það var í sjónum við Tenerife. „Það er aðeins erfiðara að kafa á Íslandi því það er svo kalt. Ég hef lent í því að vera með fólki í Silfru sem hefur kafað niður á 60 metra dýpi úti en kemst varla niður í Silfru vegna kulda. Það eru mjög harðar aðstæður hér á landi,“ segir Sigríður sem ferðast mikið um landið með félaginu. Þau fríkafa mikið í ferskvötnum auk þess að fara í sjóinn við strendur Íslands. Síðasta sumar köfðu þau í þrjá daga við Breiðafjarðareyjarnar sem Sigríður segir hafa verið stórkostlegt ævintýri.

## Betri í að takast á við erfiðleika

„Það er nauðsynlegt að undirbúa sig vel áður en farið er á kaf, fyrst og fremst með slökun og hugleiðslu til að reyna að spara alla orku. Þegar þú ert svona



„Hver og einn hefur sínar forsendur til að stunda köfun,“ segir Sigríður, „en fyrir mér snýst þetta um að gera eitthvað sem ég er ofsalega hrædd við.“

lengi ofan í á þetta miklu dýpi þá hægir á hjartslættinum og allri líkamsstarfsemi. Blóðið byrjar að dragast úr útlimunum og inn í kjarnann til að hlífa líffærunum og allra síðast rennur mest allt blóð til höfuðsins en það gerist ekki nema eftir langan tíma á kafi. Púlsinn hægist svo mikið að hann getur farið niður í 25 slög svo það er mjög mikilvægt við þessar aðstæður að panikka ekki. Maður þarf að vera ofboðslega þjálfður í hugsun og hreyfingum og um það snýst þjálfunin. Að yfirstíga óttann er mikilvægast, að geta stjórnað huganum þegar aðstæður valda ótta. Það er heilmikið nám að læra

að hlusta á líkamann og vita sín mörk.“

„Hver og einn hefur sínar forsendur til að stunda köfun en fyrir mér snýst þetta um að gera eitthvað sem ég er ofsalega hrædd við. Það fylgir þessu rosaleg hugarstjórn og ég finn hvað ég er miklu betri í því að takast á við erfiða hluti í lífinu eftir að ég byrjaði í þessu,“ segir Sigríður sem stefnir á að gera lítið annað en að kafa í framtíðinni. „Það er alls ekki óraunhæfur draumur því ég er nú þegar komin með réttindi til að leiðsegja og þegar ég get líka kennt verður lítið mál að ferðast um heiminn og kafa.“



Um tíu manns mæta reglulega á æfingar hjá Fríköfunarfélaginu sem kafar bæði í ferskvatni og sjó. Félagarnir voru nýverið á Ítalíu að æfa sig í 40 metra djúpri keppnislaug. Fjórir úr hópnum náðu að kafa niður á botn laugarinnar á einum andardrætti þar sem þrýstingur er fjórfaldur miðaða við yfirborðið og hefur gríðarleg áhrif á líkamann. Í sumar verður alþjóðlega köfunarmótið Nordic open haldið á Íslandi í fyrsta sinn.

# HÖFÐAHÖLLIN

Funahöfði 1 | 110 Reykjavík | Sími 567 4840 | www.bilo.is | bilo@bilo.is

Komdu í BÍLÓ!

 <p><b>AUDI Q7 4,2 L QUATTRO PREMIUM</b> Árg. 2007, ekinn 71 þ.km, bensín, sjálfskiptur, leður, glertoppur. Einn eigandi! <b>TILBOÐSVERÐ 3.100.000 kr.</b> Raðnr. 255982</p>	 <p><b>AUDI A5 SPORTBACK 2</b> OTDI 02/2011, ekinn 154 þ.km, dísel, sjálfskiptur. <b>TILBOÐSVERÐ 3.590.000 kr.</b> Raðnr. 255845</p>	 <p><b>TOYOTA AVENSIS</b> S/D SOL 03/2012, ekinn 77 þ.km, bensín, sjálfskiptur. <b>TILBOÐSVERÐ 1.890.000 kr.</b> Raðnr. 256106</p>	 <p><b>AUDI A3 SPORTBACK E-TRON 2016</b> ekinn 6 þ.km, bensín/rafmagn, sjálfskiptur. Mjög vel búinn af aukahlutum! <b>Verð 4.970.000 kr.</b> Raðnr. 255653</p>	 <p><b>CHEVROLET CAPTIVA 2</b> 2TDI nýskr. 06/2013, ekinn 108 þ.km, dísel, sjálfskiptur, 7manni. <b>Verð 3.490.000 kr.</b> Raðnr. 256109</p>
---	---	--	---	---

Þú finnur bílinn á [bilo.is](http://bilo.is) Auglýstir bílar eru á staðnum [Skráðu bílinn á bilo.is](http://bilo.is)



# N Ý J A R V Ö R U R



25% AFSLÁTTUR AF ÖLLU FRÁ ETHNICRAFT OG NOTRE MONDE



25% AFSLÁTTUR AF  
PÚÐUM OG VÆÐRAVOÐUM



habitat 



TEKK COMPANY OG HABITAT  
SKÓGARLIND 2, KÓPAVOGI  
SÍMI 564 4400 | OPIÐ MÁN-LAU KL. 10-18  
OG SUN KL. 13-17  
VEFVERSLUN Á [WWW.TEKK.IS](http://WWW.TEKK.IS)





# INNDRÁSIN FRÁ TRAPPIST-1

Í vísindaskáldsögum sjáum við hvernig hugmyndir okkar um líf á öðrum hnöttum endurspeglar samtíma okkar. Fréttir um mögulegt líf í áður óþekktu stjörnukerfi vekja upp gamla geimveruklassík í samtali við kvikmyndafræðinginn Björn Þór Vilhjálmsson.

Halla Harðardóttir  
halla@frettatiminn.is

Nú hefur hópur stjörnufræðinga fundið áður óþekkt sólkerfi sjö reikistjarna á stærð við jörðina í kringum dvergstirnið TRAPPIST-1. Þrjár reikistjarnanna hafa mögulega fljóttandi vatn á yfirborði sínu sem þýðir að þar gæti verið líf. Nasa birti þessa teiknuðu mynd hér að ofan af mögulegu lands-

lagi reikistjarnanna á vefsíðu sinni í vikunni. En hvernig gæti lífið á reikistjörnunum litið út, í ljósi fyrri hugmynda okkar um líf á öðrum hnöttum? Koma þaðan vélmenni sem vilja vinna í samstarfi við jarðarbúa eða jafnvel ósýnilegar öreindir sem vilja yfirtaka líkama okkar? Við því er enn ekkert svar en sé litið til kvikmyndaögunnar veltur það allt á pólitísku landslagi okkar eigin heimkynna.



## War of the Worlds.

„Í einni frægustu vísindaskáldsögu allra tíma, War of the Worlds eftir H. G. Wells frá 1897, sem Orson Welles flutti í útvarpi árið 1938, birtast geimverurnar sem stórar verur með anga og glóandi augu. Það er samt í raun miklu óhugnanlegra að vita ekki hvernig geimverur líta út, og að okkar rökhugsun og vopn hrifi ekki á geimverurnar.“



## The Thing 1984

„Þessi mynd gerist í bækistöð vísindamanna á Suðurlandnum og er algjör lykíl-„eightismynd“. Það fara undarlegir hlutir að gerast og það kemur í ljós að það er vegna geimvera sem eru öreindir, sem geta fjölgað sér á augabragði. Ef þú sýkist þá veit enginn af því í byrjun, en ef þú ógnar hylkinu utan um öreindina, þá breytist hún í rosalet skrímsli. Einhverjir í bækistöðinni eru sýktir en það þarf að reikna út hvernig geimverurnar eru að breiða úr sér og það kemur í hlut Kurt Russel að gera það. Myndin endar með því að allir deyja en á þessum tíma komu í fyrsta sinn fram þannig myndir, sem sýndu afleiðingar kjarnorkustyrjaldar.“



## Barbarella 1968

„Þetta er í raun frönsk kynlífskómédia í geimnum en það eru samt engar sérstakar geimverur í myndinni. Barbarella endurspeglar í raun þennan „swinging sixties“, hippamenninguna og frjálsar ástir. Allur geimurinn er orðinn eitt stórt Soho í London. Þetta líf sem hneykslaði á þessum tíma, og sem skapaði ógn við ákveðinn þjóðfélagshóp, er sett inn í myndina og birtist þar sem framandi veruleiki. Barbarella flakkar um sólkerfið og hittir allskonar lífverur sem eru ekkert endilega framandi geimverur, Barbarella er sjálf alveg jafn mikil geimvera og þær.“




## ET er sennilega ein vinalegasta geimvera sögunnar.

Mennirnir hafa alla tíð verið uppteknir af lífi á öðrum hnöttum. Ótalmargar bækur, kvikmyndir og sjónvarpsþættir fjalla um viðbrögð okkar við heimsókn frá verum úr öðrum sólkerfum eða um ferðalag okkar til framtíðar heima. Í flestum þessara sagna svipar geimverunum til manna í útliti og koma úr samfélögum sem eru lík okkar. Þær eiga það til að vera grænar og slímugar og þó þær séu kannski ekki með tíu fingur þá eru þær í flestum tilfellum með höfuð, hendur og fætur.



## Metropolis 1927

„Þó það sé ekki geimvera í Metropolis þá þjónar figúran sem allir þekkja úr þeirri mynd sama hlutverki og geimverur. Vélmennið Good Mary er eftirlíking af fagurri verkalýðs-baráttukonu og sem berst fyrir réttindum þrælanna í myrkum iðrum jarðarinnar. Vonda útgáfan af verkalýðsleiðtoganum, Bad Mary, spillir verkamönnum og gerir þá að saurlífiseggjum sem vilja ekkert annað en að ana út í rauðan dauðann í einhverskonar algleymi. Barna sjáum við svo skýrt það sem verður leiðarstef í vísindaskáldskap, skrímslið stendur alltaf fyrir eitthvað annað, það er alltaf allegoría.“



## Invasion of the Body Snatchers 1956/1978

„Eftir seinna stríð voru stóru fréttirnar kalda stríðið og þá breyttust geimverurnar í kommúnista. Nokkru síðar þegar kjarnorkusprengjan varð meiri ógn þá breyttust geimverurnar í tákmyndir fyrir þekkingu og rökvisi sem býr til geryðingarvopn. Invasion of the Body Snatchers er algjör lykilmýnd fyrir þennan tíma því hún talar inn í samtíma sinn en er samt svo óræð að túlkunin verður aldrei endanleg. Í rölegum smábæ í Bandaríkjunum þar sem allir eru vinir fer að breiða úr sér hystería á meðal kvenna sem mæta á spítalann til að segja að mennirnir þeirra séu ekki eðlilegir. Það sem er að gerast er að geimverur hafa gert lævisar árásir á bæinn, þær nota ekki vöðvana heldur hyggjuvitíð og þær líta út eins og við. Myndin spilar á vænisýkina, þú getur ekki treyst náungunum því það er illt að vera tekur yfir huga ástvína þinna. Myndin var túlkueð sem viðvörunarorð við kommúnisma en það er líka hægt að snúa sögunni við og líta á geimverurnar sem ofsekjendur kommúnista. Hún spilar inn á hatandi þróngsýn samfélög sem geta ekki liðið að einhver sé öðruvísi en það sjálft. Og þannig leið ungu kynslóðinni á þessum tíma. Myndin getur í raun talað inni hvaða pólitíska samhengi sem er.“



## The day the Earth stood still 1951

„Í þessari mynd lendir fljúgandi diskur fyrir allra augum í Washington DC og þegar hann opnast stígur út risavaxið illvígilt vélmenni. Vélmenni birtast gjarnan sem handbendi geimvera og í þessu tilfalli eru geimverurnar göðar. Þær hafa sent vélmennið til jarðar, sem sendiboða fyrir alþjóðasamfélag geimvera, til að bjóða okkur mönnum að gefa kjarnorkuna eftir og í staðinn verðum við tekin inn í alþjóðasamband geimvera. Dramað í sögunni felst í því að það treystir enginn geimverunum svo það brýst næstum því út styrjöld. Í þessari mynd er geimurinn langt í burttu en byggður af fólki eins okkur. Þetta er sama jákvæða sýnin á geiminn og birtist okkur í Star Trek. Það er engin félagsleg ógn en geimverurnar eru gáfaðri en við og af því stafar nokkur ógn því við höfum aldrei þurft að deila jörðinni með nokkrum sem er gáfaðri en við. Tilhugsunin um að hingað komi meðhöfundur með vitsmunaverum sem eru það langt á undan okkur að við myndum birtast fyrir þeim eins og indíánarnir birtust Kólumbusi árið 1492, er of erfið. Við viljum ekki birtast eins og frumstæðir villimenn því við vitum hvernig fór fyrir frumbyggjum Ameríku. Þetta er eitt af stefnum vísindaskáldsagna; okkar eigin síðferðis-brestrum er varpað á geimverurnar.“

### GLÆSILEGAR BORGIR Í A-EVRÓPU Í BEINU FLUGI

Trans - Atlantic

Við bjóðum uppá glæsilegar borgir í A-Evrópu. Tilvalið fyrir hópa, fyrirtæki og einstaklinga. Veldu tímann og farðu þegar þú vilt, 2,3,4 daga eða lengur. Verðlag er hagstætt bæði í mat og drykk. Þá er hægt að gera góð kaup á hinum ýmsu verslunum og mörkuðum. Við bjóðum uppá skoðunarferðir fyrir hópa og fyrirtæki.

**VERÐ FRÁ 87.900.-**

**DÆMI UM BORGIR**



**BÚDAPEST Í UNGVERJALANDI**  
Ein af fallegri borgum Evrópu, hún er þekkt fyrir sínar glæsi byggingar sem margar eru á minjaskrá Unesco, forna menningu og spa/heilsulindir. Þar hefur í árhundruði blandast saman ýmis menningaráhrif sem gerir borgina svo sérstaka. Floðið er tvisvar í viku allt árið.



**GDANSK Í PÓLLANDI**  
Hansaborgin Gdansk er elsta og fallegasta borg Póllands, saga hennar nær aftur til ársins 997. Glæsilegur arkitektúr, forn menning og tónlistar-hátiðir hafa gert borgina að vinsælustu ferðamannaborg Póllands. Floðið er tvisvar í viku allt árið.



**VILNIUS Í LITHÁEN**  
Vilnius er eins og margar aðrar borgir í Eystrasaltinu frá miðöldum og glæsileg eftir því. Upphaf borgarinnar má rekja til ársins 1330 og er gamla bærin á minjaskrá Unesco. Þröngar steinlagðar götur er víða að finna í gamla bænum og gamli byggingastílinn blasir hvarvetna við. Floðið er tvisvar í viku allt árið.

WWW.TRANSATLANTIC.IS SÍMI: 588 8900





# ÞREYTT Á AÐ VERA ÞREYTT?

Járnskortur getur verið ein ástæðan.  
Floradix hjálpar þér að viðhalda góðri  
heilsu og heilbrigði.

Engin  
aukaefni!



Fæst í apotekum, heilsuvörubúðum og betri matvöruverslunum

## OptiBac probiotics



### Anna G. Steinsen

heilsu- og hjálparáhrif, þjálfari, fyrirlesari og jógakennari

Ég hef notað Optibac probiotics extra strength og finn heilmikinn mun á mér þegar ég tek inn þessa góðgerla daglega.

Ef ég borða mjólkurvörur eða glútein þá finn ég fyrir óþægindum í ristlinum, ef ég tek Optibac probiotics daglega þá líður mér miklu betur og er ekki eins þaninn.

Lykilatriði að taka inn góða gerla og Optibac hentar mér frábærlega, ég mæli eindregið með Optibac probiotics vörum. Aukin vellíðan og minni óþægindi.



Fæst í apótekum og heilsu- og hjálparáhrifum

[www.facebook.com/optibaciceland](https://www.facebook.com/optibaciceland)



# Það séríslenska er ekki til

Íslenskar listamenn vekja athygli á þessari litlu þjóð hér norður í hafi, ekki bara náttúra landsins. Samt er oft erfitt að festa finger á einhverju sérstaklega íslensku í list þeirra og kannski skiptir upprunalandið alltaf minna og minna máli.

Guðni Tómasson  
gudni@frettatiminn.is

Það var boðið upp á íslenska tónlist í Hamborg í Þýskalandi á dögunum, í glænýju tónlistarhúsi sem opnað var nýlega þar í borg. Í þessu tilviki skipti miklu máli að tónlistin væri einmitt íslensk, því hún var sett undir þann þjóðernishatt á tónlistarhátíðinni sem hét Into Iceland. Íslensk tónlist naut þannig góðs af sviðsljósinu sem fylgdi opnun hússins en þar á bæ þótti tengingin liggja beint við því að þjóðverjar kunna vel að meta Ísland. Landið er vinsæll áfangastaður ungra þjóðverja og þessari stóru evrópska menningarþjóð líkar margt það sem íslenskt er.

## Þetta íslenska?

Í viðtali vegna hátíðarinnar í sjónvarpinu var finnski hljómveitarstjórinn Esa Pekka Salonen, sem stjórnaði flutningi nokkurra íslenskra tónverka á hátíðinni, spurður út í íslenska tónlist og hvað gerði hana svo spennandi. Salonen, ein af skærustu stjórnunum samtímans í sígildri tónlist,

tók hins vegar fram að hann merkti engan ákveðinn stíl sem sameinaði tónlist íslenskrar tónskálda. Hann gat, með öðrum orðum, ekki fundið með sínum næmu eyrum neinn ákveðinn íslenskan tón.

Þess í stað nefndi Salonen það sem hann skynjaði sem frelsi íslenskra listamanna, tónlistin væri ekki kredduföst og tilheyrði ekki neinum sérstökum skóla. Hann sagðist skynja að Ísland væri klárlega á milli Evrópu og Bandaríkjanna, ekki bara í landfræðilegu tilliti heldur líka menningarlegu. Og hann sagði bjart framundan í íslenskrari tónlist.

Nokkrum dögum síðar var annar heimsfrægur tónlistarmaður, af nokkuð öðru



## Upprunalandið

Á vörum sem við kaupum úti í búð kíkjum við stundum á upprunalandið. „Made in China“ er þar algengur merkimiði jafnvel þó að fyrirtækin sem bjóða fram vöruna séu vestræn og hönnun og markaðssetning hennar fari fram í okkar heimshluta.

Listir lúta oft dálítið öðrum lögmálum því að við viljum trú á því að þær séu frjálslari undan markaðsvæðingu síðustu ára en gengur og gerist um aðrar vörur á markaði. Þetta er auðvitað ekki algilt en listir eiga samkvæmt gamalli trú okkar að koma frá hjartanu. Eins og á við ýmsar vörur skiptir upprunalandið því oft nokkru máli í listum. En er til eitthvað sem er fyllilega „íslensk list“ í samtímanum? Og skiptir það yfir höfuð einhverju máli hvaðan listin kemur?

Ekki þurfum við að fara mjög mörg ár aftur í tímann í sögu íslenskra lista til að finna mýmörg dæmi um það að listir hafi átt að styðja við sjálfstæðiskröfu þjóðarinnar og leggja sitt af mörkum til að ýta undir hana. Verk listamanna voru því skoðuð sem vitnisburður um menn-

Björk er forystusauðurinn í íslenskum listum. Hún hefur gefið kynslóðum íslenskra listamanna kjark til að stækka sjónsvið sitt og leitast við að koma list sinni á framfæri við stóran heim. Kannski gat Björk hvergi komið fram nema á Íslandi. Það er ólíklegt en hver veit?

ingarlegt sjálfstæði þjóðarinnar. Stjórnmalámmenn nefndu þetta aftur og aftur í ræðu og riti. Dæmi má taka af Gylfa Þ. Gíslasyni sem var menntamálaráðherra á löngu tímabili (1956-1971) og flutti fjölmargar ræður um íslenska listamenn. Aftur og aftur setti Gylfi verk íslenskra listamanna fram sem sönnun þess að hin smæstu ríki, eins og litla Ísland, ættu sjálfsgaðan rétt á frelsi og sjálfstæði.

## Margbrotinn heimur

Í dag hefur eitthvað slaknað á þessari hugmynd, að listirnar vitni til um menningarlegt eða almennt sjálfstæði þjóðarinnar. Hugmyndin þykir ekki ganga vel upp í alþjóðavæddum samtíma. Samt virðumst við ekki alveg hafa komið okkur upp nýjum orðaforða um þessi mál. Það eimur enn eftir af þessu gamla sjónarmiði þegar Íslendingar ræða íslenskar listir og gerjun í þeim við útlendinga. Útlendingurinn kann að vera forvitinn um gerjun í íslensku listalífi, sem er vissulega mikil og við tökum undir, förum að hljóma eins og „agentar“ frá Íslandsstofu sem vilja selja landið út á sköpunarkraftinn til jafns á við þann kraft sem býr í iðrum jarðar.

Eins glittir enn í þetta í ræðum stjórnmalámmanna á hátíðarstundum þegar flagga á íslenskum listum. Í opinberri stefnumótun, til dæmis á sviði menningartengdrar ferðabjónustu, hefur líka verið farið fram á það, leynt og ljóst, að listamenn styði við ímynd þjóðarinnar út á við. En það hlutverk getur aldrei orðið eitthvað sem listamaðurinn á að taka á sér, hans skyldur eru við sjálfan sig og áhorfendur/lesendur/hlustendur - og enga aðra.

sauðahúsi, í viðtali í sama miðli. Það var breski raftónlistarmaðurinn Fat Boy Slim og eins og lög gera nánast ráð fyrir var hann spurður út í það hve vel hann þekkti til íslenskrar tónlistar. Hann sagðist alla vega þekkja hana betur en lettneska tónlist en treysti sér illa til að bera fram nafn hljómveitarinnar Sigur Rósar. Listamaðurinn sagðist hrifinn að myndrænni og íhugulli tónlist sveitarinnar þrátt fyrir að hún sé gjörólík hans eigin tóktum. Þetta taldi Fat Boy Slim nóg til að álíta sjálfan sig aðdáenda íslenskrar tónlistar.

Ragnar Kjartansson er „forsíudrengur“ íslenskrar myndlistar í dag. Sérlega „íslenska þræði“ er ekki endilega auðvelt að greina í verkum hans. Allur heimurinn liggur undir.




BOLLUDAGURINN Á MÁNUDAGINN!

## RJÓMABOLLUPRENNNA

Þrjár míní rjómabollar; hindberja, Nóa kropp og dulce de leche

# 690 kr.

**Sæta svínid**  
GASTROPUB



Landslagið íslenska er oft rækilega nýtt í íslenskum bíómyndum sem vekja athygli víða. Hjartasteinn er dæmi um það. Kannski eru kvikmyndirnar oft „íslenskastar“ í eðli sínu í samanburði við aðrar listgreinar.



**Svartími við útlönd**

Á síðustu áratugum hafa leiðir okkar Íslendinga út í heim sem betur fer orðið fjölbreyttari en áður var. Þetta hefur áhrif á listir. Til að einfalda málið má horfa til myndlistar. Seint á nítjándu öld og í upphafi þeirrar tuttugustu var línan í veikburða myndlistarlífi landsins að mestu tekin í gegnum Danmörku. Síðar varð París „umskipunarhöfn hugmyndanna“ sem hingað streymdu til lands í listgreininni, á meðan minna var um að andblær bærast frá Bandaríkjunum. Loks tók Holland við næringarhlutverkinu, því að alltaf þarf þessi menningarþjóð sína næringu að utan, það hefur ekkert breyst og mun ekki breytast.

Þjóðerni listamannsins er dálítið eins og fæðingarblettur sem einkennir hann og hans verk. Það er listamanninum síðan í sjálfsvald sett hvað hann flíkar fæðingarblettinum mikið. Eflaust eru þeir til listamennirnir íslensku sem nýta sér þjóðernið með beinum eða óbeinum hætti, en líklega er áhuginn yfirleitt kominn frá þeim sem spyrja þá út í verkin þeirra. Ísland er í sviðsljósinu, en sviðsljósin eru yfirleitt hreyfanleg.

Á síðustu árum hafa síðan gengið yfir Ísland langmestu menningarlegu breytingar í sögu landsins, líklega meiri breytingar en það þegar erlendir herir komu til landsins í seinna stríði með tyggigúmmi og nýja tónlist í farteskinu. Netíð hefur stýtt svartíma Íslands við útlönd, gert íslenskar listir og hugmyndir að-

**Þjóðerni listamannsins er dálítið eins og fæðingarblettur sem einkennir hann og hans verk. Það er listamanninum síðan í sjálfsvald sett hvað hann flíkar fæðingarblettinum mikið.**

gengilegar heiminum og öfugt. Hugmyndir ferðast hraðar en nokkru sinni fyrr.

Í listum skiptir menntun máli, það er ekki þannig að listin verði bara til vegna þjáningar listamannsins í þakherbergi, eins og rómantíska hugmyndin sagði fyrir um. Aðbúnaður í Listaháskóla Íslands er skammarlegur fyrir okkur öll og starf skólans mikilvægt í landi sem vill fjölga tækifærum og auka víðsýni ungs fólks. En aðgengi að lánsfé og möguleikar á menntun erlendis fyrir allar okkar starfsstéttir, líka listamenn, eru einnig mikilvæg atriði. Hugmyndirnar verða að koma víða að og fjölbreytileiki þeirra gerir það að verkum að hér á landi þrífst jafn fjölbreytt listalíf og raun ber vitni. Enginn er nefnilega eyland, ekki einu sinni eyjarskeggjar.

**Að gera**

„Við þurfum að gera hlutina á Íslandi,“ segir myndlistarmaðurinn Ragnar Kjartansson í nýlegu viðtali við Bloomberg sjónvarpsstöðina. Ragnar er orðinn einn þeirra listamanna sem stendur fyrir sköpunarkraftinn sem einkennir íslenskar listir. Þetta er ekki flókin hugmynd hjá honum, maður þarf að fá hugmynd og framkvæma hana. Er hægt að ímynda sér eða óska sér frjálsari listsköpun en það?

Þjóðríki eru flokkunartæki og ef það er eitthvað sem fræðimönnum og áhugamönnum um listir finnst skemmtilegt þá er það að flokka. Enn skiptir upprunaland listarinnar því einhverju máli, í alþjóðavæddum heimi þar sem hugmyndir flæða þvert á landamæri. Stundum er hægt að lesa sögu þjóðar, áhrifamátt náttúrunnar eða eitthvað álíka inn í þá hluti sem íslenskir listamenn gera. Samt er fátt sem gerist algjör-



Tungumál er það sem nátengdast er íslensku þjóðerni, fyrir utan kannski landið sjálf. Tónlistarmenn á Íslandi sækja út í heim og syngja á ýmsum tungumálum, íslensku, ensku og jafnvel tilbúna tungumálinu vonlensku, í tilvikum Sigur Rósar.

lega af sjálfu sér. Hugmyndir listamanna þurfa að nærast í opnum og áhugaverðum samskiptum, heima og heiman. Áhugi

umheimsins á menningarlífi Íslendinga kemur heldur ekki til af sjálfu sér. Sá áhugi er tilkominn út af hugmyndaflugi, hæfileikum





Byggingarlist er ein þeirra listgreina þar sem þjóðleg einkenni hafa að miklu leyti horfið í samtímanum. Framtíðarmynd af Hafnartorgi í Reykjavík er ekkert sérlega íslensk.

og dugnaði íslenskra listamanna. Afurðir menningarinnar búa þennan áhuga til og hann verður ekki til í tómarúmi. Það er okkar

allra, stjórnvalda og almennings í landinu, að næra þær rætur sem gróðurinn sprettur af.



# Hótelrúmföt og handklæði fyrir ferðapjónustuna



**Allt lín fyrir:** Hóтелиð • Gistiheimilið • Bændagistinguna • Airbnb Veitingasalinn • Heilsulindina • Þvottahúsið • Sérverslunina

## Starfsmannafatnaður fyrir hótél og veitingahús

Eigum allt fyrir:

- Þjóninn
- Kokkinn
- Gestamóttökuna
- Þernuna
- Vikapiltinn
- Hótelstjórnandann



**EDDA**  
HEILDVERSLUN



### Sudoku miðlungs

		8	4		6		2	3
						1	5	
	1		8					
							6	
3	2			6				
1					3	8		4
				5		1		
				7	4	2	8	
		2			4			9

### Sudoku þung

		3					1	4
			6					
					7	2	3	
		8			9		6	
						8		
	9	4			8	5		
	1	9		5	3			
					1			5
		5	8		4			3

### Lausn síðustu krossgátu

Allar gátur á netinu Allar krossgátur Fréttatímans frá upphafi er hægt að nálgast á vefnum [krossgatur.gatur.net](http://krossgatur.gatur.net)

### Krossgátan

	329	SÖFNUN	UNNA	ROMSA TVEIR EINS	VOPN	HEFÐAR- KONA DRYKKUR	HUGSÝNN KJAFTUR			
	RAF- KRAFTUR									
	ÓMINNI									
	SJÚK- DOMUR			ÁRANS BÁL						
	ATVIKAST				ÁTT BEIN			GYÐJA	GÓL	
	HRÓPA						MAGUR MÖGLA			
	↓	SKARÐ SUÐA	KLÍÐUR	EINS	Í RÖÐ ÚT	MATJURT BÚÐAR- HILLA			UPP- RENNANDI	
ÞREK						ÁGISKUN ÁRÉTTA				
FERÐALAG					RÍKI Í AFRÍKU			GRENJA	FLEYGI- FERÐ	
FJALL					ÁKEFÐ					
				GROBB HEITI		HELGI- TAKN				
RÖMVERSK TALA			BOR VÍTA			ÞREFA VAFRA				
ÞEFA				VATT SKRÁ			FLAN HÚRRA			
JURT		STYRKJA KYRRÐ			BÓK- STAFUR LANGUR		SPOTTI ÞAKBRÚN			
					BUKKUR ENDUR- BÆTA			TVEIR TITRA		
NET			RÁ ÓFOR- SJÁLNI			MJÖG RÍKI Í ASIU			SLITLAG	ÓSKERT
TÍMABÍLS		HINN SEINNI FJANDI				SUNDLA KOSNING				
			HÁTTUR SVALI			ÁTT DRAUP	ÆTTAR- SETUR SVALL			
ATA				NÆRÐAR EFNI			EINKAR SKART- GRIPUR			
STRITA					HEILAN KVK NAFN			BERIST TIL AD		
MEGIN										
				BÆTA VIÐ TVEIR EINS			FYRIR- GANGUR EKKI			SAMTÖK
HISSA						SKRAUT- PLANTA				
ÁVARPAR										
					SÁL			BÁRA		



# Gámaleiga

## Er gámur lausnin fyrir þig?

Búslóðageymsla ■ Árstiðarbundinn lager ■ Lager ■ Sumar-/vetrarvörur  
Frystigeymsla ■ Kæligeymsla ■ Leiga til skemmri eða lengri tíma

**HAFÐU** | **568 0100**
**SAMBAND** | [stolpigamar.is](http://stolpigamar.is)



## Stólpi Gámar

Klettagöðrum 5, 104 Reykjavík | [stolpi@stolpigamar.is](mailto:stolpi@stolpigamar.is)

Við getum líka **geymt** gáminn **fyrir þig**





1-2-3

# Vetrarkortid

á besta verðinu, kr. 36.300 til 20. maí

**Bjóðum röð af 30 mínútna krefjandi tímum í opna kerfinu**

**Kynntu þér fjölbreytt úrval af námskeiðum á [jsb.is](http://jsb.is)**

**TT1 fyrir 25+ og TT3 fyrir 16-25 ára**

Alltaf frábær árangur á þessum sívinsælu aðhaldsnámskeiðum. Mataræði, lífsstíll og líkamsrækt tekin föstum tókum.

**Fit Form 60+**

Alhliða líkamsrækt sem stuðlar að auknu þreki, þoli, liðleika og frábærri líðan.

**Einkaþjálfun**

Þjálfarar JSB eru fagmenn og vita nákvæmlega hvað þarf til að ná settum markmiðum og aðstoða við aðhald ef þess er óskað.

**Mótun BM**

Áhersla lögð á styrk, liðleika og góðan líkamsburð. Mótandi æfingar fyrir kvið, rass- og lærvöðva.

*Velkomin í okkar hóp!*

**LÍKAMSRÆKT JSB**

leggur línurnar

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • [jsb@jsb.is](mailto:jsb@jsb.is) • [www.jsb.is](http://www.jsb.is)



# Pinex<sup>®</sup> Smelt

Munndreifitöflur  
250 mg



**Actavis**

HVÍTA HÚSÍÐ / Actavis 511072

## GOTT UM HELGINA



### Aron Can í Hvíta húsinu

Tónlistarmaðurinn Aron Can heimsækir Selfoss til að trylla lýðinn þar. Vinsældir Arons eru talsverðar. Lagið „Enginn mórall“ var til dæmis vinsælasta lag ársins á Spotify á Íslandi, en því hefur verið streymt tæplega 900.000 sinnum þegar þetta er skrifað.

**Hvar?** Hvíta húsið á Selfossi.

**Hvenær?** Í kvöld kl. 23.

**Hvað kostar?** 2000 kr.

### Kammermúsíkklúbburinn 60 ára

Á stórafmæli sínu býður Kammermúsíkklúbburinn upp á tvenna tónleika þar sem Ásdís Valdimarsdóttir píanóleikari og þýski Aurynkvartertinn flytja alla strengjakvintetta Mozarts.

**Hvar?** Í Hörpu.

**Hvenær?** Í dag og á morgun kl. 17.

**Hvað kostar?** 6900 kr. fyrir báða tónleika.



## Bolluvendur og öskupokar

Undirbúningur er mikilvægur og rétt að rifja upp hvort maður kunnir að útbúa bolluvendi og öskupoka fyrir næstu viku. Ef ekki þá býður Borgarbókasafnið, í samstarfi við Heimilisíðnaðarfélag Íslands, upp á öskupoka og bolluvandagerð. Krakkar á öllum aldri geta tekið þátt í fönðursmiðunni og það má taka mömmu og pabba eða afa og ömmu með.

**Hvar?** Borgarbókasafnið Grófarhúsi.

**Hvenær?** Á morgun, sunnudag, kl. 15.

**Hvað kostar?** Ókeypis.



## Nautn í myndlistinni

Í Hveragerði hefur sýningin Nautn / Conspiracy of Pleasure staðið yfir að undanförmu. Nú á að ræða hvernig nautnin birtist í listsköpun. Spurt verður: Má sýna hvað sem er og hvaða munur er á opinberu rými og einkarými? Þátttakendur í umræðunni verða Auður Ava Ólafsdóttir, listfræðingur og rithöfundur, Ágústa Ragnarsdóttir myndlistarkennari, Markús Þór Andrésson sem skrifar texta í sýningarskrá og Salvör Nordal, forstöðumaður Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands.

**Hvar?** Listasafn Árnesinga Hveragerði.

**Hvenær?** Í dag kl. 14.

**Hvað kostar?** Ókeypis.



Jóhanna Ólafsdóttir  
Ljósmyndir / Photographs  
28.1. - 14.5.2017

Ljósmyndasafn Reykjavíkur  
Reykjavík Museum of Photography

Tryggvagötu 15 · 101 Reykjavík · Ópið 10-18 mán-fim · 11-18 fös og 13-17 um helgar · borgarsogusafn.is



### Fjölbreytt efnisskrá fyrir fiðluna

Ari Vilhjálmsson er einn allra færasti fiðluleikari þjóðarinnar. Hann býr í Finnlandi og starfar við Fílharmóníusveitina í Helsinki. Ari kemur nú til Íslands ásamt og píanóleikaranum Roope Gröndahl sem er einn frambærilegasti píanisti Finnlands og saman flytja þeir verk úr ýmsum áttum. Tónlistin er eftir tónskáldin Debussy, Pärt, Szymanowski og Prokofieff.

**Hvar?** Í Salnum í Kópavogi.

**Hvenær?** Í kvöld kl. 20.

**Hvað kostar?** 3900 kr.



## Afmæli Stórsveitarinnar

Stórsveit Reykjavíkur fagnar 25 ára afmæli um þessar mundir. Gestur sveitarinnar, þýski básúnuleikarinn Ansgar Striepens, er höfundur tónlistar og einleikari á tónleikum í Hörpu, en Andreas er einn af helstu stórsveitafrömuðum Þýskalands.

**Hvar?** Kaldalón í Hörpu.

**Hvenær?** Í dag kl. 16.

**Hvað kostar?** 3500 kr.

# LAGERSALA LÍN DESIGN

LAUGAVEGI 176

LAUGAR- OG SUNNUDAG  
KL. 10-17

Lín  
DESIGN



501 SKINNY KR.

**13.990**



Vörunúmer: 295020007

Í Danmörk kr. 15.451\*

Í Svíþjóð kr. 13.253\*

\*skv.verðskrá levi.com og gengistöflu Íslandsbanka 24.02.17

**LIVE IN**

**Levi's®**

Levi's Kringlunni - Levi's Smáralind - Levi's Glerártorgi





Það er skemmtilegt að búa öskudagsbúningana til heima.

## Frábært föndur fyrir fjölskylduna

**Heimatilbúnir öskudagsbúningar þurfa ekki að taka langan tíma og gerð þeirra er skemmtileg samverustund fyrir fjölskylduna.**

Í næstu viku eru hinir vinsælu bollu-, sprengi-, og öskudagur með tilheyrandi veisluhöldum sem lifga upp á og skóla og vinnustaði.

Ýmislegt tilstand getur þó fylgt því að finna hinn rétta öskudagsbúning fyrir börnin og búiðir keppast við að selja ýmsa búninga og figúrur sem geta kostað fúlgur fjár. Það getur því verið frábær skemmtun að búa búningana til heima fyrir með börnunum og leyfa þeim að ráða förinni. Þá verða búningarnir margskonar og örva ímyndunarafl bæði barna og fullorðinna.

Það er heldur alls ekki nauðsynlegt að vera flinkur í höndunum eða eyða miklum peningum í föndrið heldur getur einfaldur pappakassi breyst í sjónvarp, tening eða vélmenni með smá málningu. Stórar gosflöskur má klæða gömlu efni eða álpappír og fá þá nýtt hlutverk sem súrefniskútar fyrir unga geimfara og kafara. Að lokum er hægt að setja efni inn í stóra sokka, sauma þá við gamla peysu og þá ertu kominn með káta könguló. Börnin geta líka komið með frumlegar og skemmtilegar hugmyndir og breytingar á búningunum, en það er um að gera að láta ímyndunaraflið leika laust. Einfalt, skemmtilegt og frábær skemmtun um helgina. | bsp

# Konurnar á bak við leiðakerfi Strætós

Valgerður og Ragnheiður sitja sveittar allar daginn og grúska í tölum og gögnum til að auðvelda sem flestum að geta ferðast með strætó.

Sólrún Lilja Ragnarsdóttir  
solrunlilja@frettatiminn.is

Valgerður Gréta Benediktsdóttir og Ragnheiður Einarsdóttir eru konurnar á bak við leiðakerfi Strætós og sjá um að auðvelda þúsundum farþega að komast leiðar sinnar. Þær sjá um að skipuleggja leiðakerfi, tímatöflur og áætlanir fyrir 27 leiðir á höfuðborgarsvæðinu og annað eins á landsbyggðinni.

„Þetta er krefjandi og skemmtilegt verkefni og er allt gert í samráði við sveitarfélögin. Það flækir kerfið að vagnarnir þurfi að hittast á nokkrum stöðum svo fólk geti auðveldlega skipt um leiðir,“ útskýrir Ragnheiður sem unnið hefur hjá Strætó í tæp þrjú ár, en Valgerður hóf störf síðasta sumar.

### Nota minnst, kvarta mest

Þær segjast vera mjög gott teymi og eru nú á kafi í að vinna að næstu leiðakerfisbreytingu sem tekur gildi í maí. En miðað er við að gerðar séu breytingar á kerfinu tvisvar á ári. „Breytingar á leiðakerfinu eru síður en svo einfaldar og því er hagkvæmt að gera sem flestar breytingar í einu,“ segir Ragnheiður. En hvernig fá þær allar þessar tímasetningar til að passa? „Þetta getur verið mjög snúið en tíminn sem er á tímatöfl-



Það er að mörgu sem þarf að huga þegar leiðakerfi strætó er hannað.

unum er áætlaður tími. Oftast er tíminn nokkuð réttur en umferðin er breytileg sem gerir það að verkum að stundum getur brugðið út af,“ segir Valgerður. „Við mælum með að fólk noti appið til að sjá hvar vagninn er,“ bætir Ragnheiður við, spossk á svip.

Þær nota ýmsar tölur og gögn við skipulagningu á leiðakerfinu. Einnig fá þær ýmiskonar ábendingar frá farþegum.

Fólk deilir með þeim bæði jákvæðri og neikvæðri upplifun af þjónustunni, en það er þeirra reynsla að fólk sem kvartar mest, það notar Strætó oft lítið eða ekkert. „Það átta sig ekki allir á því að leiðakerfið hefur breyst mikið undanfarin ár, leiðakerfið er í sífelldri þróun.“

### Kunna ekki kerfið utan að

Þær nota strætó báðar töluvert. „Við förum stundum saman á fundi í strætó. Fórum meira að segja á fund á Selfossi með strætó um daginn,“ segir Ragnheiður. „Það er mjög gott að upplifa leiðakerfið í praxis og það hjálpar til við að beturbæta það,“ bætir Valgerður við.

Aðspurðar segja þær vini og vandamenn lítið stóla á þær hvað tímatöfluna varðar en það vekur þó yfirleitt athygli þegar þær segja hvað þær starfa við. „Þegar ég er að spjalla við fólk, til dæmis í partíum, þá hefur það alltaf einhverja skoðun. Fólk getur alltaf sagt eitthvað um strætó.“ Valgerður tekur undir þetta. „Þetta skapar oft skemmtilegar umræður þar sem maður kemur.“

Healthy and pure products!

LYFSEÐILL

Við skrifum upp á betri heilsu með hollum mat úr fersku hráefni

Happ Höfðatorgi | 105 Reykjavík | happ.is




## CUPID COPPER BORD

LÍTIÐ kr. 15.700 / MIÐ kr. 29.900 / STÓRT kr. 48.800  
EINNIG TIL Í SVÖRTU



BOW GÓLFLAMPI  
kr. 43.200

Terracotta lampi kr. 15.900



RUGGED MOTTUR 170x240 kr. 49.900

NÝTT - SKRAUTGREINAR




kr. 4.200



kr. 4.900



kr. 4.900



2.100

1.490

790

3.200

1.590

WALLS SPEGILL 50 cm kr. 10.900

# LÍNAN

BÆJARLIND 16 | KÓPAVOGI | SÍMI 553 7100 | WWW.LINAN.IS  
OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 11 - 18 | LAUGARD. 11 - 16



# Nala styttir veiku fólki stundir

**Þórdís Björg fer með reglulega með tíkina sína í heimsókn á líknardeildina, sem heimsóknarvinur hjá Rauða krossinum.**

„Við tókum hundana með okkur og spjöllum við fólk á meðan það klappar þeim og gefur nammi,“ segir Þórdís Björg sem er heimsóknarvinur með tíkina sína Nölu hjá Rauða krossinum, en áður fór hundurinn Charlie með henni. Bæði eru þau af gerðinni Standard Poodle.

Áð vera heimsóknarvinur felur í sér að fara í heimsóknir til

einstaklinga, oft þeirra sem eru mikið einir eða félagslega einangraðir, og stofnanir eins og elliheimili og líknardeildina í Kópavogi, en Þórdís fer þangað. „Ég er búin að fara á minn stað í átta ár og hitti oft deyjandi fólk. Það gefur því ótrúlega mikið að fá okkur í heimsókn. Þetta er líka mjög gefandi fyrir mig. Það er gott að geta glatt veika einstaklinga og létt þeim lund.“

Til að verða fullgildur heimsóknarvinur þurfti Þórdís að sækja tvö námskeið og hundurinn að fara í skapgerðarmat. En mikilvægt er að hann búi yfir góðri

skapgerð og þoli að láta ókunnuga fadma sig og klappa, sem Nala gerir svo sannarlega. En Þórdís segir hana spennna fyrir verkefninu og taki það mjög alvarlega.

„Þegar við förum í heimsóknir þá fær hún rauðan klút um hálsinn, merktan Rauða krossinum. Og um leið og maður setur klútinn á hundinn þá veit hann að hann að fara í vinnuna og hagar sér samkvæmt því. Nala er mikill orkubolti og hún gerir sér grein fyrir því að þegar hún er með klútinn þá verður hún að haga sér á ákveðinn hátt. Hún veit að hún má ekki hlaupa og verður ganga á



Nala veit nákvæmlega hvað hún er að fara að gera þegar klúturinn er settur á hana.

milli og leyfa fólki að klappa sér.“

Þórdís segir þónokkuð marga hunda taka þátt í verkefninu um allt land og henni finnst sérlega gaman að þetta sé leyft á Íslandi, í ljósi þess að hundar eru gjarnan bannaðir á opinberum stöðum. „Ég hef aldrei hitt einstakling sem er mótfallinn þessu, sem er alveg frábært.“

Allir geta orðið heimsóknarvinir hjá Rauða krossinum með því að skrá sig á [raudikrossinn.is](http://raudikrossinn.is) | [slr](#)



Guðrún Harpa og maðurinn hennar fóru til Nepals í haust.

## Fann samtökin eftir Instagram-like

**Íslandsdeild samtakanna Empower Nepali Girls var stofnuð í vikunni í litlu húsi í Skerjafirðinum. Samtökin styðja við nepölsku samtökin sem kosta nepalskar stúlkur til náms. Forsprakki samtakanna er Guðrún Harpa Bjarnadóttir sem fann samtökin eftir like á Instagram frá hinni írönsku Söru Safari, sem vinnur með samtökunum.**

„Ég fór í Everest Base Camp í Nepal í haust og heillaðist af fólki og umhverfi. Þarna er gríðarleg fátækt en allir eru svo glaðir og gjafmildir, þetta er alveg ótrúlegt fólk.“

Eftir heimkomuna fór Guðrún á stúfana í leit að samtökum sem hún gæti stutt við í Nepal og rakst á Empower Nepali girls samtökunum. „Svo kom þetta bara upp í

hendurnar á mér. Sara likeaði mynd hjá mér og ég fór að skoða prófílinn hennar og sá að hún er í tengslum við þessi samtök.“ Guðrún varð heilluð af Söru, sögu hennar í Nepal og samtökunum, sem eru bandarísk-nepölsk og hafði samband við Söru. Af raksturinn var því að Íslandsdeild samtakanna var stofnuð með þeim tilgangi að safna fjármunum. „Samtökin hafa styrkt um 300 stelpur en hafa bara einn starfsmann, þannig nær allir fjármunir fari beint til stúlkanna og styrkja þær til náms. Því er hægt að sporna við því að stúlkur verði giftar barnungar eða seldar í kynlífsþrælkun.“ Þann 6. mars mun fyrsti viðburður félagsins vera haldinn í HR þar sem Sara Safari sjálf mun tala. | [bsp](#)



Alice breytti nafninu sínu í Aðalheiður til að athuga hvort hún fengi betri vinnu með íslenskt nafn. Hún á þó enn eftir að láta reyna á hvort nafnbreytingin hafi virkað. Mynd | Hari

## Datt í það og breytti um nafn

Alice Bower breytti nafninu sínu í Aðalheiður Eyvör til þess að athuga hvort hún fengi ekki betri vinnu með íslenskt nafn. Hún íhugaði samt að breyta nafninu í Mjaðveig enda er það eina kvenmannsnafnið sem felur í sér tvö heiti yfir áfengi.

**Bryndís Silja Pálmadóttir**  
[bryndis@frettatiminn.is](mailto:bryndis@frettatiminn.is)

Mér leið eins og öll vinnan mín, að búa hér, læra og vinna skipti engu máli því ég er með útlenskt nafn. Svo var ég bara pirruð og full og breytti um nafn,“ segir Alice Bower sem breytti nafninu sínu í Aðalheiður Eyvör Pálsdóttir til að athuga hvort hún fengi fleiri atvinnuviðtöl. Alice er frá Bretlandi en hefur búið á Íslandi í rúmlega þrjú og hálf ár. Hún útskrifaðist nýlega með BA gráðu í þjóðfræði frá Háskóla Íslands og talar góða íslensku.

**„Kostar bara 6000 krónur“**

Upplifun Alice á íslenskum vinnu-markaði er á þann veg að vinnuveitendur lesi ekki einu sinni umsókn hennar eða ferilskrá almennilega heldur geri ráð fyrir að hún tali litla íslensku. Alice sótti því um nafnbreytingu síðasta sumar þegar henni fannst leit sín að sumarvinnu ekki ganga nægilega vel. „Þegar ég mætti í viðtöl spurði fólk mig alltaf á ensku hvort ég talaði smá íslensku og hélt að ég hefði bara flutt til landsins fyrir

vikunni. Vinkonur mínar sögðu mér að kannski myndi þetta ganga betur ef ég skipti yfir í íslenskt nafn.“

Svo eitt kvöldið, þegar Alice var vel í glasi, sótti hún um nafnbreytingu sem gekk svo í gegn í september. „Þú getur gert þetta bara á netinu og það kostar bara 6000 krónur,“ segir Alice kímín. En að hennar sögn er auðveldara að útskýra nafnbreytinguna fyrir fólki en að fá engin viðtöl yfirhöfuð.

**Vildi heita Mjaðveig**

„Ég var með allskonar hugmyndir um skemmtileg nöfn og vildi heita Mjaðveig, eins og Mjaðveig Mánadóttir kóngsdóttir.“ En Alice er, að eigin sögn, oft kölluð því viðurnefni þegar vinkonurnar fara út á lífið. „Þetta er líka eina íslenska kvenmannsnafnið sem er samansett úr tveimur orðum yfir áfengi,“ segir Alice og hlær. „Mamma var hinsvegar ekki hrifin af því og benti mér á að ástæðan fyrir því að ég væri að breyta nafninu væri að ég vildi fá betri vinnu og þá ætti ég ekki að heita Mjaðveig.“ Úr varð því nafnið Aðalheiður Eyvör en nafnið á sömu rætur og Alice og

má því segja að Alice hafi íslenskt að eigið nafn.

**Skoða ferilskrána ekki**

„Núna heiti ég nafni sem ég get ekki einu sinni borð rétt fram, ég kynnir mig samt alltaf sem Alice nema ef ég er að sækja um vinnu eða lán.“ Samkvæmt Alice er auðveldara fyrir fólk með erlend nöfn að sækja um vinnu ef það hefur alist upp hér á landi og er með tengslanet hér. „Ef allir þekka þig og þú ert með tengslanet er einfaldara að vera með útlenskt nafn. Ég þekki marga sem eru í góðum störfum og gengur mjög vel með útlensk nöfn. Það eru fáir sem þekka mig.“

Alice kveðst nefnilega ekki hafa orðið fyrir neinum fordómum á Íslandi heldur snúist nafnbreytingin fremur um tilraun á því hvort hún fái fleiri atvinnutilboð ef hún ber íslenskt nafn. Hún hefur enn ekki komist að því hvort að nafnbreytingin hafi tilætluð áhrif, þar sem hún hefur haldið sig í sömu vinnunni með skólanum. „Þetta er svona allstaðar, ég myndi ekki vilja heita Aðalheiður í Bretlandi,“ segir Alice ákveðin enda ætlar hún að halda Aðalheiðar nafninu innan Íslands.

# 15

Fimmtán krónur af hverri seldri Himneskt vöru í febrúar renna til Krafts

Láttu hjartað ráða



# KANSAS

HVÍTASUNNUDAGINN 4. JÚNÍ  
ELDBORG HÖRPU



MÍÐASALA HEFST  
Á FIMMTUDAG KL. 10!

DUST IN THE WIND · THE WALL · CARRY ON WAYWARD SON  
POINT OF KNOW RETURN · ICARUS · SONG FOR AMERICA  
HOLD ON · PLAY THE GAME TONIGHT · PORTRAIT



MÍÐASALA Á HARPA.IS/KANSAS OG Í SÍMA 528-5050  
PÓSTISTAFORSALA SENU LIVE FER FRAM DAGINN ÁÐUR: SENA.IS/KANSAS







## Óskarinn mælir með...

### Óskar Björn Bjarnason

**Kvikmynd:** Ég myndi segja að Tra-  
inspotting sé upp-  
áhalds bíómyndin mín. Hún fjallar um hóp heróínfíkla í Edinborg sem lenda í allskonar vitleysu.



**Heimildarmynd:** Cartel land sem fjallar um tvo hópa fólks í Mexíkó sem hafa tekið lögin í eigin hendur til að sporna við yfirtöku eiturfyljahringja í landinu. Virkilega flott og vel gerð.

### Óskar Steinn Jónínu- Ómarsson

**Kvikmynd:** Full Metal Jacket, eftir Stanley Kubrick, fylgir ungum manni í gegnum herþjálfun og hið hrikalega stríð í Víetnam. Hún fjallar þó í raun ekki um stríðið heldur hina flóknu baráttu milli góðs og illis sem á sér stað innan hverrar manneskju.



**Heimildarmynd:** Draumalandið eftir Andra Snæ Magnason varpar ljósi á hið sturlaða gullgrafaástand sem ríkti í íslensku samfélagi fyrir hrun og dregur upp dökka mynd af stjórnmálamenningu sem leiddi til efnahags-  
hrunsins.



## PAPPÍR

Við seljum umhverfisvænan pappír af öllum gerðum, þar á meðal ljósritunarpappír. Þjóðum sérskurð í þær stærðir sem henta. Þér er velkomið að líta við og finna þinn rétta pappír.



## OptiBac probiotics

„For Women“  
gegn sveppasýkingu, bakteríusýkingu og þvagfærasýkingu




Fæst í apótekum og heilsubúðum

## Helgarráðin... í öllu veðri

Helgin hófst með stormi og bætur við sig snjó, rigningu, sól og frosti. Því er tilvalið að halda kaffiboð heima við og nýta afgangana sem til eru í ísskápnum. Ef að sólin kíkir geta allir farið í gönguferð.



Skelltu þér í stígvélin, þau eru frábær bæði í slabbi, snjó og öllu þar á milli. Hvort sem þú ert á leiðinni í fjörugt teiti eða út í búð er ekkert jafn ómurlegt og að vera illa klæddur.



Ef snjóinn heldur sér er tilvalið að renna sér á sleða eða ruslapoka í Plútóbrekku, við Bústaðakirkju, í Ártúnsbrekku eða öðrum góðum brekkum. Ef að það fer að rigna getur ruslapokinn komið að góðum notum.



# GO CRAZY

## FÖSTUDAG, LAUGARDAG & SUNNUDAG



# 25% AF ÖLLUM VÖRUM

## RJÓMABOLLA OG KAFFI LAUGARDAG OG SUNNUDAG - 395 kr./stk.



ILVA Korputorgi, s: 522 4500 www.ilva.is

laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30

Netgiró shop online



# FJÁRMÁLALÆSI

Laugardagur 25.02.2017



Mynd | Shutterstock

## Leggja áherslu á ungt fólk

Vitundarvakning hefur orðið meðal þjóðarinnar um fjármál og einföld atriði eins og halda heimilisbókhald hefur stórbatnað hjá Íslendingum frá hruni. Í alþjóðlegri fjármálalæsisviku í næsta mánuði verður aðaláherslan lögð á ungt fólk og gildi þess að spara. Ætlunin er að reyna að vekja ungt fólk til aukinnar meðvitundar um umhverfið og öll þau gæði og auðlindir sem við erum svo rík af.



### MIKILL ÁRANGUR FRÁ HRUNI

Breki Karlsson hjá Stofnun um fjármálalæsi segir að Íslendingum fari sífellt fram.




### FJÁRMÁLA- KENNSLA FYRIR UNGT FÓLK

Fjármálavit er kennt í tíundu bekkjum grunnskóla.



### MIKILVÆGT AÐ SPARA

Góð ráð til að koma sér af stað.



## Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

[www.grantthornton.is](http://www.grantthornton.is)

Grant Thornton endurskoðun ehf. er íslenskt aðildarfélag Grant Thornton International Ltd., sem er eitt af fremstu alþjóðlegu samtökum sjálfstæðra endurskoðunar og ráðgjafarfyrirtækja. Grant Thornton endurskoðun ehf. sérhæfir sig í að aðstoða rekstraraðila við að nýta tækifæri til vaxtar og bættrar afkomu með skilvirkri ráðgjöf. Framsýnn hópur starfsmanna, undir stjórn eigenda, sem ávallt eru aðgengilegir viðskiptavinum, nýta þekkingu og reynslu sína til að greina flókin málefni og finna lausnir fyrir viðskiptavinum sínum, hvort sem það eru einkarekin, skráð félag eða opinberar stofnanir. Yfir 35.000 starfsmenn Grant Thornton fyrirtækja í meira en 100 þjóðlöndum, leggja metnað sinn í að vinna að hag viðskiptavina, samstarfsmanna og samfélagsins sem þeir starfa í.



Breki Karlsson, forstöðumaður Stofnunar um fjármálalæsi, leggur ríka áherslu á að fólk haldi heimilisbókhald. Mynd | Hari

# Fjármálalæsi og mikilvægi þess fyrir almenning



## LÍFEYRISRÉTTINDI við starfslok

Brú lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga heldur námskeið fyrir sjóðfélaga\* um lífeyrISRÉTTINDI við starfslok.

Þar verður svarað helstu spurningum sem vakna hjá fólki þegar það íhugar starfslok:

Hvar finn ég lífeyrISRÉTTINDIN mín?  
Hverjar verða tekjur mínar?  
Hvernig á að sækja um?

Nánari upplýsingar og skráning á námskeiðin er á heimasíðunni [lifbru.is](http://lifbru.is)

Næsta námskeið verður miðvikudaginn 15. mars hjá Brú lífeyrissjóði, Sigtúni 42, 105 Reykjavík.

- Starfslok úr B-deild: kl. 16.30
- Starfslok úr A-deild: kl. 17.30
- Starfslok úr V-deild: kl. 18.30

\* Sjóðfélaga í Brú lífeyrissjóði, í A-, V- og B-deild og sjóðfélaga í Lífeyrissjóði starfsmanna Reykjavíkurborgar og Lífeyrissjóði starfsmanna Kópavogsbæjar.



Sigtúni 42 | 105 Reykjavík | sími 540 0700 | [lifbru@lifbru.is](mailto:lifbru@lifbru.is)

Vitundarvakning hefur orðið meðal þjóðarinnar um fjármál og einföld atriði eins og halda heimilisbókhald hefur stórbatnað hjá Íslendingum frá hrúni. Breki Karlsson, forstöðumaður Stofnunar um fjármálalæsi, hefur rannsakað fjármálalæsi hér á landi í rúman áratug og segir hann að margt hafi breyst til batnaðar á þeim tíma. Í fjármálalæsisviku í næsta mánuði verður sérstök áhersla lögð á ungt fólk.

Margeir Gunnar Sigurðsson  
[margeir@frettatiminn.is](mailto:margeir@frettatiminn.is)

Fjármálalæsi miðar að því að almenningur nái utan um eigin fjármál, átti sig á mikilvægi þess að halda heimilisbókhald. Fjármálalæsi miðar líka að því að einstaklingar öðlist getu til þess að taka meðvitáðar og upplýstar ákvarðanir í eigin fjármálum. Með auknu fjármálalæsi hefur fólk tækifæri til þess að móta fjárhagslega framtíð sína. Fjármálalæsi stuðlar einnig að gagnrýnni og upplýstri umræðu fjármál og fær fólk til þess að hugsa betur og meira um fjármál sín.

Breki Karlsson, forstöðumaður Stofnunar um fjármálalæsi, hefur rannsakað fjármálalæsi frá árinu 2005 og er sá maður sem er ábyrgur fyrir því að kynna þetta hugtak fyrir Íslendingum.

Það fór ekki framhjá nokkrum manni þegar sjónvarpsþættirnir Ferð til fjár voru sýndir í Ríkissjónvarpinu. Þættirnir voru í umsjá Breka Karlssonar og Helga Seljan. Þegar Breki er inntur svara við því hvort þættirnir hafi haft áhrif og orðið þess valdandi að ákveðin hugarfarsbreyting hafi átt sér stað meðal landsmanna, segir Breki.

» „Aðaláherslan í ár er á börn og ungmenni, á sparnað ungs fólks og gildi þess að spara. Ekki bara að spara peninga heldur á sparnað í víðara samhengi.“

„Það er kannski erfitt að mæla það, það var náttúrliga fleira fólk sem stoppaði mann út á götu og vildi ræða þetta. En ég tel að þátturinn hafi tvímælaust haft áhrif og kveikt áhuga hjá fólki og vakið fólk til umhugsunar um þessi mál.“

### Rannsóknir um fjármálalæsi

Stofnun um fjármálalæsi hefur gert rannsóknir á fjármálalæsi Íslendinga á þriggja ára fresti. Sú fyrsta var framkvæmd í desember 2008. Það stendur svo til að fjórða rannsóknin verði framkvæmd í desembermánuði nú í ár.

„Í þessum rannsóknum kemur fram að það hefur ýmislegt breyst til batnaðar. Eitt af því ánægjulegasta er að tvöfalt fleiri Íslendingar halda nú heimilisbókhald en gerðu árið 2008. Sem er mikil breyting til

batnaðar. Árið 2014 var talan svo komin upp í 30% af Íslendingum sem halda heimilisbókhald, þannig að það eru ennþá mikil tækifæri til þess að sækja fram í þessum efnunum.“

### Mikilvægi heimilisbókhalds

Breki leggur ríka áherslu á það að sem flestir tileinki sér þann einfalda en mikilvæga sið að halda heimilisbókhald.

„Við hugsum aðeins meira um fjármál en við gerðum hér áður fyrr sem er mjög ánægjulegt. Eina leiðin til þess að vita nákvæmlega hvernig þú ert að verja peningum þínum er að halda heimilisbókhald. Þá sjáum við það að næstum tveir þriðju hlutar af Íslendingum halda ekki heimilisbókhald. Ávinningurinn af því að halda heimilisbókhald er töluverður, rannsóknir sýna að ef þú heldur heimilisbókhald þá getur þú aukið ráðstöfunartekjur þínar um 3%. Sem er um 80 þúsund krónur á ári fyrir meðalfjölskyldu. Það má nú ýmislegt gera við þá fjármuni. Fólk getur því litið á það þannig að það sé að sækja sér launahækkun með því að halda heimilisbókhald. Þetta er því einföld og áhrifarík leið til þess að auka ráðstöfunartekjur heimilisins.“

### Leggja áherslu á ungt fólk

Alþjóðleg fjármálalæsisvika verður haldin í ár, 27. mars - 2. apríl. Aðspurður segir Breki að aðaláherslan í ár verði á ungt fólk.

„Aðaláherslan í ár er á börn og ungmenni, á sparnað ungs fólks og gildi þess að spara. Ekki bara að spara peninga heldur á sparnað í víðara samhengi. Ætlunin er að reyna að vekja ungt fólk til aukinnar meðvitundar um umhverfið og öll þau gæði og auðlindir sem við erum svo rík af og opna augu ungs fólks fyrir því að margt af þeim gæðum sem umlykja okkur eru auðlindir sem eru takmarkaðar og þarf að umgangast með þau sjónarmið að leiðarljósi,“ segir Breki.

Heilræði Breka til fólks er: „Að geta tekið meðvitáðar og upplýstar ákvarðanir í fjármálum. Þannig að maður sé ánægður með þær ákvarðanir og viti hvað maður er að gera. Sá einfaldi sannleikur fellur aldrei úr gildi.“





## Fræðslufundir um peninga fyrir ungt fólk 12–16 ára

Jón Jónsson, tónlistarmaður og hagfræðingur, heldur fræðslufundi um fjármál víða um land.

Jón verður á fleygiferð í mars og apríl. Við hvetjum unglinga og aðstandendur þeirra til að grípa tækifærið þegar Jón er í nágrenninu og verða flinkari í fjármálum.

Nánari upplýsingar á [arionbanki.is/jonjonsson](http://arionbanki.is/jonjonsson)

Allir velkomnir



21. mars – Borgartún

27. mars – Egilsstaðir

29. mars – Mosfellsbær

3. apríl – Selfoss

4. apríl – Hafnarfjörður

10. apríl – Borgarnes





# Greinileg þörf á kennslu efni um fjármál fyrir ungt fólk

Fjármálavít er námsefni um fjármál fyrir unglíngastig grunnskóla. Á tveimur árum hafa yfir tvö hundruð sérfræðingar unnið verkefni með tæplega átta þúsund nemendum í tíunda bekk.

Unnið í samstarfi við Samtök fjármálafyrirtækja

**K**atrín Júlíusdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka fjármálafyrirtækja, er ánægð með viðtökurnar og segir að langtíma markmiðið sé að kennsla sem þessi verði komin inn í námskrá grunnskólanna.

„Það er eiginlega alveg ótrúlegt hversu mikill árangur hefur náðst á stuttum tíma, hvað við höfum náð til margra nemenda,“ segir Katrín Júlíusdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka fjármálafyrirtækja.

Tvö ár eru nú liðin síðan Samtök fjármálafyrirtækja kynntu Fjármálavít til sögunnar. Fjármálavít er námsefni um fjármál fyrir unglíngastig grunnskóla. Náms efnið var þróað af samtökunum í samvinnu við grunnskólakennaranema í HI og miðar að því að efla fjármálalæsi hjá unglíngum.

Samtökin hafa um árábil lagt mikla áherslu á eflingu fjármálalæsis hér á landi og hafa meðal annars fjármagnað tilraunakennslu í fjármálfræðslu í grunn- og framhaldsskólum og tekið virkan þátt í vinnuhópum stjórnvalda um eflingu fjármálalæsis. Það starf hefur varpað ljósi á að mikill áhugi og vilji er á meðal kennara og þeirra sem koma að fræðslumálum að efla fjármálfræðslu.

Í fyrra var Fjármálavít kynnt fyrir tæplega 90% af nemendum í 10. bekk í 92 skólum á landinu. Það sem af er þessum vetri eru tæplega hundruð skólar búnir að fá heimsókn og eru fleiri á dagskrá fram að vori. Á þeim tveimur árum sem



Katrín Lúðvíksdóttir, verkefnastjóri Fjármálavíts, og Katrín Júlíusdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka fjármálafyrirtækja, eru ánægðar með þann árangur sem náðst hefur á fyrstu tveimur árum Fjármálavíts. Von er á meiru og aðgengilegra efni til að efla fjármálalæsi íslenskra ungmenna. Mynd | Hari

Fjármálavít hefur verið í gangi hafa yfir tvö hundruð starfsmenn fjármálafyrirtækja unnið verkefni með tæplega 8.000 nemendum.

## Opna augu nemendanna

„Markmiðið er að reyna að auka og bæta fjármálalæsi og er áherslan á elstu nemendum í grunnskóla. Ástæðan er að þeir eru á leið í framhaldsskóla og þá fara þeir að taka aukna ábyrgð á fjármálum sínum og margir fara að setja sér markmið í lífinu,“ segir Katrín.

„Það er mikilvægt að hafa þekkingu á fjármálalegu hliðinni og verkefnið gengur út á að fara yfir með nemendum hvernig þeir setja sér markmið. Hvernig krakkarnir þurfi að bera sig að ef þau langar að fara í ferðalag, kaupa tölvu eða ökutækni eða jafnvel að fara að huga að því að fjárfesta í húsnæði. Við vekjum

athygli þeirra á því að það þarf að huga að tryggingum og fleiru. Á þessum aldri eru þau einnig mörg farin að vinna með skóla og því farin að sýna launaseðlinum áhuga og þeim fjölmörgu hugtökum sem þar eru eins og lífeyrissparnaður, persónuafsláttur, skattar, stéttarfélag svo eitthvað sé nefnt. Við reynum að opna augu nemendanna fyrir því sem framundan er svo þau séu vel í stakk búin að takast á við þann veruleika sem bíður.“

„Eitt af markmiðum verkefnisins er að krakkarnir verði upplýstari og því sterkari neytendur fjármálþjónustu í framtíðinni. Þannig eru meiri líkur á að þau taki skynsamlegar ákvarðanir, standi styrkum fótum í samtali sínu við veitendur fjármálþjónustu, trygginga og lífeyrissparnaðar. Það er stöðugt samtal á milli viðskiptavinar og fyr-

irtækja, hvort sem það er í fjármálaþjónustu, tryggingum eða almennt í verslun og viðskiptum. Og það er betra fyrir alla að viðskiptavinurinn sé vel upplýstur.

Við leggjum mikla áherslu á hlutleysi. Þeir sérfræðingar sem koma í skólana eru ekki merktir fjármálafyrirtækjum og eru bara að vinna fyrir Fjármálavít. Okkur finnst þetta skipta máli. Fjármálavít er verkefni sem þarf að njóta trausts og trúnaðar. Það hefur að mínu mati tekist enda hefur þetta verið gríðarlega vel rekið af verkefnisstjórnunum, Kristínu Lúðvíksdóttur, og stýrihópnum sem með henni vinnur að stefnumótun verkefnisins.“

## Von á Fjármálavít 2.0

Hvernig hafa viðtökurnar verið?

„Virkelega góðar, bæði hjá kennurum, nemendum og

foreldrum. Það er greinilega þörf á þessu. Krakkarnir eru kannski að fá ábendingar um eitthvað sem þau höfðu ekki gert sér grein fyrir og margir fara út með þau markmið að fara að spara. Þá höfum við náð árangri, ef þau fara að setja sér markmið og leggja fyrir. Svo læra þau eitt og annað sem gagnast þeim þegar komið er í heim hinna fullorönu.“

Hver er framtíðarsýn ykkar með Fjármálavít?

„Langtíamarkmið okkar er að kennsla sem þessi verði komin inn í námskrá grunnskólanna og verkefnið verði óþarft. En þangað til höldum við áfram og vinnum af fullum krafti. Í dag getum við boðið kennurum upp á verkefni sem nýtist í kennslu í u.þ.b. einn mánuð. Við erum að vinna að því að bæta við námsefnið svo þeir hafi meira til að vinna með. Næstu skref er að koma með efni á stafrænu formi. Það er samsagt von á Fjármálavít 2.0 með enn meira og aðgengilegra efni.“

## Landssamband lífeyrissjóða gengur til liðs við Fjármálavít

„Við erum einnig mjög spennt fyrir komandi samstarfi við Landssamband lífeyrissjóða en þeir ákváðu nýverið að ganga til liðs við Fjármálavít. Við munum skrifa undir samstarfssamning á næstunni. Samstarfið mun styrkja verkefnið mjög mikið því lífeyrismálin eru jú eitt af þeim grunnatriðum sem skipta máli í fræðslu um fjármál og ég leyfi mér að fullyrða að ekki sé vanþörf á að gera sér snemma grein fyrir mikilvægi þess að búa í haginn fyrir framtíðina. Því fyrr því betra.“

## Áhugaverð fræðsla sem breytir hugsunarhætti manns um fjármál

Helga Björg og Marius Máni voru ánægð með heimsókn Fjármálavíts í skólann.

**H**elga Björg Frímansdóttir er 16 ára nemandi í Grunnskóla Grindavíkur. Hún og samnemendur hennar fengu heimsókn frá Fjármálavít á dögnum.

„Mér fannst þetta mjög áhugaverð fræðsla. Ég hafði aðeins fengið smá fjármálfræðslu í lífsleikni í tíunda bekk en ekki mikið fyrir það. Ég hefði verið til í að fá meiri svona fræðslu í gegnum grunnskólagönguna. Maður veit svo lítið um skatta og slík hugtök,“ segir hún.

Helga Björg vinnur í Bláa lóninu meðfram skóla og æfir fótbolta. Hún segir það misjafnt eftir mánuðum hvað hún eyði miklum peningum. „Ég kaupi mest af fötum og snyrtivörum og svo fer ég stundum til útlanda,“ segir Helga þegar hún er spurð um í hvað hún eyði peningum sínum.

Breytir þessi heimsókn Fjármálavíts því hvernig þú hugsar um peninga?

„Já, þetta sýndi mér hvað það er miklu hagstæðara að byrja að safna fyrir því sem mann langar í. Til dæmis fyrir bíl eða íbúðarkaupum. Ég er búin að vera að vinna síðan ég var 14 ára og ef ég hefði lagt allt fyrir sem ég hefði unnið mér inn

hefði ég getað keypt mér bíl þegar ég verð 17 ára.“

Ætlaðu að byrja að spara fyrir einhverju?

„Ég hef ekki verið að spara, ekki beint, en ég reyni að passa upp á peningana til að geta keypt mér bíl síðar.“

## Hugsar öðruvísi um peninga

Marius Máni Karlsson er sömuleiðis í tíunda bekk í Grunnskóla Grindavíkur. Hann segir að heimsókn Fjármálavíts hafi verið mjög áhugaverð. „Þetta var góð fræðsla og breytti miklu fyrir mig. Ég fattaði til dæmis að ég væri að eyða alltof miklu í sjálfan mig. Ég þarf að minnka það til dæmis að vera alltaf að fá mér gos og skyndibita,“ segir hann.

Marius æfir fótbolta fimm sinnum í viku og stundar líkamsrækt með vinum sínum.

„Svo er ég stundum í tölvunni,“ segir hann aðspurður um hvað hann geri eftir skóla.

Hann segist hafa eytt þeim peningum sem hann vann sér inn síðasta sumar, í föt og sitthvað fleira. Hann viðurkennir að hann hugsar öðruvísi um peninga nú þegar hann hefur fengið fræðslu um þá. „Ég hef verið að pæla svolítið í þessu í kjölfarið. Ég hef alltaf hugsað þegar ég hef eignast peninga í hvað ég eigi að eyða þeim. Núna veit ég að gæti sparað með því að safna þeim á einn stað.“

Marius hefur reyndar sparað eitthvað í gegnum tíðina, hann lagði megnið af fermingarpeningunum sínum inn á bók og safnar klinki í bauk sem hann fer með í bankann þegar hann fyllist.

„Mig langar að kaupa mér bíl en ég veit líka að ég þarf að safna fyrir íbúð í framtíðinni. Ég er byrjaður að hugsa um þessa hluti.“



Helga Björg og Marius Máni eru í tíunda bekk í Grunnskóla Grindavíkur. Þau segjast hugsa öðruvísi um peninga og fjármál eftir heimsókn Fjármálavíts á dögnum.



Með Fjármálavít eru Samtök fjármálafyrirtækja að nýta samtakamatt aðildarfélaganna til að stuðla að bættu fjármálalæsi, en styrkur Fjármálavíts er fyrst og fremst stafsólkið um allt land sem heimsækir nemendur með námsefnið og vinnur með þeim verkefni. Horft er til systursamtakanna í Evrópu, sem mörg hafa undanfarin ár boðið upp á kennslu efni og heimsótt skóla við góðar undirtektir.

## Ummæli kennara

„Afar vel að þessu staðið hjá ykkur og greinilega metnaður í gangi sem gagnast grunnskólanemendum.“

„Það er alveg deginum ljósara að þetta verkefni sem þið standið að er gríðarlega mikilvægt. Krakkarnir voru mjög ánægðir og þeir sem stjórnðu hópavinnunni náðu vel til þeirra.“ sótt skóla með fjármálfræðslu við góðar undirtektir nemenda.flæði.

## Ummæli nemenda

„Mér fannst skemmtilegt að vinna í hópum og sjá mismunandi lausnir á sama verkefninu.“

„Það var gaman að fá að pæla í hlutunum sjálf og vinna verkefni í staðinn fyrir að það sé bara verið að tala við okkur.“

„Það var gagnlegt að sjá hvað maður þarf að borga í allskonar kostnað.“




# KERFIS- OG NETSTJÓRNUN MIKIL STARFSTÆKIFÆRI

ÖFLUGT STARFSNÁM Í SAMSTARFI VIÐ MÖRG AF  
FREMSTU FYRIRTÆKJUM LANDSINS.

TÖLVUVIDGERÐIR  
NETKERFI & ÖRYGGI  
WINDOWS & LINUX  
STÝRING OFFICE 365 KERFA  
MCSA- KERFISSTJÓRNUN  
CISCO CCNA  
CCNP

HEFST  
13. OG 14. MARS  
KVÖLD OG MORGUNNÁM Í BOÐI

KYNNING FYRIR ÁHUGASAMA  
FIMMTUDAGINN 2. MARS KL. 17:00.  
KYNNIÐ YKKUR MÁLIÐ Á NTV.IS  
EÐA Í SÍMA 544-4500.



NTV skólinn sérhæfir sig í hagnýtu og starfsmiðuðu námi í samvinnu við mörg af leiðandi fyrirtækjum landsins. Kennsla í NTV er verkefnamiðuð og fer fram í litlum hópum í nánu samstarfi við kennara. NTV er viðurkenndur fræðsluaðili af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu og er alþjóðleg prófamiðstöð.

[www.ntv.is](http://www.ntv.is)

**ntv**

Nýi tölvu-og  
viðskiptaskólinn



# Eina kreditkortíð á Íslandi sem er ekki gefið út af banka

iKort er nýr og spennandi valmöguleiki á íslenskum greiðslukortamarkaði.

## Unnið í samstarfi við iKort

Kort er alþjóðlegt Mastercard inneignarkort sem kom á markað á Íslandi árið 2013. Kortið er hægt að nota eins og önnur kreditkort um allan heim.

Hægt er að fá tvær tegundir af iKortum. Annars vegar ópersónugert iKort, en það er hægt að fá strax, annað hvort hjá iKort í Skipholti 25 eða á næsta pósthúsi. Ópersónugerðu kortin eru ekki með nafni en um leið og kort er virkjað fær korthafi PIN númer og getur byrjað að nota kortið.

„Við mælum alltaf með því að fólk skrái sig fyrir kortinu öryggisins vegna þó að nafn korthafa sé ekki á kortinu sjálfu,“ segir Guðbjörg Dögg Snjólfsdóttir, þjónustustjóri hjá iKortum. „Hins vegar er svo hægt að fá persónugert kort. Þá er kortið hefðbundnara útlits, með upphlyptum stöfum og nafn korthafa er á kortinu. Það tekur um 10 virka daga að fá þannig kort.“

**Aðspurð um aðalmarkhóp iKorta segir Guðbjörg:**

„Ég myndi segja að okkar aðal markhópur væri fólk sem kys að nota fyrirframgreidd kort frekar en þessi hefðbundnu sem eru greidd eftir á. Okkar viðskiptavinir vilja almennt fylgjast vel með því sem þeir eyða og þeim finnst mikið öryggi fylgja því



Guðbjörg Dögg Snjólfsdóttir þjónustustjóri, Ingólfur Guðmundsson framkvæmdarstjóri, Þórlaug Braga Stefánsdóttir þjónustufulltrúi. Þau sjá mörg spennandi tækifæri framundan á greiðslukortamarkaði. Mynd/Hari

að eiga fyrir því sem þeir eru að kaupa, frekar en að borga það um næstu mánaðarmót og eyða þannig aldrei meiru en þeir eiga fyrir.

Ungt fólk, sem er að fá sér sitt fyrsta kreditkort, virðist til dæmis hugsa út í þetta og vill ekki vera að skuldsetja sig að öþrfu.

„iKort er eina kreditkortíð á Íslandi sem er ekki gefið út af banka. Kortið er gefið út af breska fyrirtækinu Prepaid Financial Services en dreifingaradili kortsins á Íslandi er iKort ehf. Það er hins vegar hægt að hlaða beint inn á kortið úr öllum heimabönkum á Íslandi,“ segir Guðbjörg.

„Það eru engin færslugjöld þegar iKort er notað þannig að það kostar ekki neitt að nota kortið í posum og á netinu. Kortið sjálft kostar 1.985 krónur og svo er greitt mánaðargjald sem er 725 krónur. Mánaðargjaldið er talsvert lægra en margir borga í færslugjöld af sumum kortum. Ef farið er í

hraðbanka er tekið gjald, eins og með önnur kreditkort þannig að það borgar sig alltaf að nota kortið sem mest beint í verslunum. Einnig er hægt að skuldfæra föst útgjöld af kortinu með boðgreiðslum og korthafi getur sjálfur lokað kortinu ef það týnist og opnað það aftur ef hann finnur það aftur.“

Það færir sífellt í vöxt að fólk noti greiðslukort á netinu. Er hægt að nota iKort á netinu?

„Já, það mjög þægilegt að nota iKort á netinu og í því felst mikið öryggi. Margir söluaðilar á netinu eru að taka upp svokallað 3D öryggi á netinu. Mastercard ásamt Prepaid Financial Services hafa innleitt það ferli fyrir iKortin líka. Í fyrsta skipti sem verslað er á síðu sem er komin með þetta öryggi þarf korthafinn að skrá upplýsingar um sig og velja sér lykilorð sem hann notar svo framvegis þegar verslað er á netsíðum með 3D öryggi. Gallinn við kreditkort almennt er að á þeim eru allar upplýsingar til að versla á netinu, (kortanúmer, gildistími og öryggisnúmerið aftan á kortinu). En með því að velja lykilorð líka þá getur enginn notað kortið sem ekki veit lykilorðið. Þetta eykur öryggi á netinu til muna. Það eru ekki allir söluaðilar á netinu búnir að innleiða þetta en það er alltaf að aukast.

**Allar nánari upplýsingar er að finna á [www.ikort.is](http://www.ikort.is)**

## Erum alltaf að bæta okkur

Fjármálalæsi Íslendinga hefur verið rannsakað í þriggja ára frágang frá hrúni, með spurningalistum sem lagðir voru fram í desember 2008, 2011 og 2014. Fyrir ári síðan voru niðurstöður nýjustu rannsóknarinnar kynntar í skýrslu um fjármálalæsi Íslendinga á vegum Stofnunar um fjármálalæsi og sálfræðisviðs viðskiptadeildar Háskólans í Reykjavík.

Niðurstöður rannsóknarinnar gefa til kynna að fjármálalæsi Íslendinga hafi farið batnandi frá árinu 2011. Árið 2014 skorðuðu þátttakendur hærra að meðaltali á öllum þáttum fjármálalæsis, þekkingu, viðhorfum og hegðun. Íslenskir þátttakendur komu einnig vel út ef miðað er við niðurstöður sambærilegra kannana í 14 OECD ríkjum árið 2012.

*Helstu niðurstöður rannsóknarinnar sem kynnt var í janúar 2016:*

• Íslendingar skora hærra en áður í öllum þremur þáttum fjármálalæsis; þekkingu, viðhorfum og hegðun.

• Meðaltal réttra svara í þekkingarhlutanum var 67%, en var 47% árið 2011 og 53% árið 2008.

• Nærri tvöfalt fleiri halda heimilisbókhalda þá en 2011 (30% en var 16%).

• Jafnmargir höfðu tekið lán til að ná endum saman síðastliðna 12 mánuði og í síðustu rannsókn eða fjórðungur. Meðaltal OECD var hins vegar innan við fimmtungur árið 2012.

• Ekki er samband milli þekkingar og hegðunar í fjármálum.



OPNI HÁSKÓLINN  
Í HÁSKÓLANUM Í REYKJAVÍK



### STJÓRNENDUR FRAMTÍÐARINNAR

Hefst: 8. mars

Ný námslína fyrir þá sem eru að stíga sín fyrstu skref sem stjórnendur eða vilja efla sig í stjórnendahlutverkinu.

- Stjórnun og forysta
- Áætlanagerð í rekstri
- Verkefna- og tímastjórnun
- Mannauðsstjórnun
- Persónuleg þróun stjórnandans

Frekari upplýsingar og skráning: [hr.is/opnihaskolinn](http://hr.is/opnihaskolinn)







Þórdís Yngvadóttir, verkefnastjóri hjá Brú lífeyrissjóði, hvetur fólk til þess að sækja sér fræðslu um lífeyrisréttindi sín.  
Mynd | Hari

# Fræðsla um lífeyrisréttindi þegar líður að starfslokum

Brú lífeyrissjóður hefur boðið upp á fróðleg námskeið fyrir sjóðfélaga sína sem nálgast starfslok og vilja kynna sér lífeyrisréttindi sín.

Unnið í samstarfi við Brú lífeyrissjóð

Það er að mörgu að hyggja þegar hilla fer undir lok starfsferilsins. Fólk þarf að huga að sinni fjárhagslegu afkomu en það að eiga áhyggjulaust ævikvöld er eitthvað sem flesta dreymir um.

Brú lífeyrissjóður er sjóður fyrir fólk sem starfar hjá sveitarfélögum. Sjóðurinn fékk nýtt nafn árið 2016 en hét áður Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga. Sjóðurinn rekur þrjár samtryggingardeildir, A, V og B deild en auk þess eru Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar og Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogsbæjar í rekstrarumsjón hans.

Þórdís Yngvadóttir er verkefnastjóri hjá Brú lífeyrissjóði og hefur umsjón með starfslokánámskeiðum fyrir sjóðfélaga ofangreindra sjóða.

Þórdís segir að því miður hugsu fólk oft en ekki lítið um lífeyrisréttindi sín fyrr en að líða fer að starfslokum. „Þá vakna upp spurningar sem snerta afkomu eftir starfslok en margir vita ekki hvar hægt er að finna upplýsingar um lífeyrisréttindi sín. Það er nú sem betur fer hægt að finna á einum stað, Lífeyrisgáttinni [www.lifeyrisgattin.is](http://www.lifeyrisgattin.is), en þar eru upplýsingar um áunnin réttindi sem hafa verið samkeyrðar frá lífeyrissjóðum landsins,” segir Þórdís. „Á námskeiðunum er farið yfir helstu réttindi sjóðfélaga, t.d. hvenær sjóðfélaginn

geti byrjað á lífeyri, makalífeyri en mismunandi reglur gilda á milli sjóða. Þá er líka sýnt hvernig á að sækja um lífeyri hjá sjóðnum á umsóknargátt.“

Námskeiðin eru haldin að jafnaði einu sinni í mánuði yfir vetrartímamann en þau eru kynnt á heimasíðu sjóðsins. Þá hafa sveitarfélög og stéttarfélög haldið starfslokánámskeið fyrir sitt fólk og boðið sjóðnum að flytja fræðsluerindi um lífeyrismál.

„Sjóðfélagar eru að sjálf-sögðu alltaf velkomnir á skrifstofu sjóðsins í Sigtúni 42 til að fá frekari upplýsingar um lífeyrisréttindi sín.“

**Allar nánari upplýsingar má finna á heimasíðu sjóðsins, [www.lifbru.is](http://www.lifbru.is).**

# Persónuleg bókhaldspjónusta

Réttskil er bókhaldspjónusta sem veitir einstaklingum aðstoð og ráðgjöf við skattskil. Það getur margborgað sig að láta fagaðila sjá um bókhaldið, bæði sparar maður tíma og fyrirhöfn.

Unnið í samstarfi við Réttskil

Bryndís Björk Karlsdóttir, bókarí hjá Réttskilum, segir að aukin umsvif í samfélaginu kalli á aukna eftirspurn eftir bókhaldspjónustu.

„Við erum mikið með einstaklinga og lítil fyrirtæki sem eru að dafna og vaxa hratt,” segir Bryndís en uppgangur í ferðapjónustu og byggingariðnaði hefur ekki farið framhjá henni. „Leiðsögumenn, fólk með heimastöngingu og fleiri tengdir ferðamannabransanum leita til okkar og sjáum við um öll skil til ríkisskattstjóra og lífeyrissjóða auk skattframtala þeirra.“

## Rafræna byltingin

Skattskil einstaklinga hafa stórbatnað á undanförunum árum og er það mikið til að þakka rafrænum skilum sem hafa einfaldað margt varðandi skattskil.

„Það eru ítarlegar upplýsingar inni á [skattur.is](http://skattur.is) og þar geta einstaklingar fylgst með skuldastöðu sinni og inneign. Þá er allt

komið inn á skattskýrsluna, laun og lán, en skattskýrslan getur verið flókin ef einstaklingurinn er með rekstur. Þá þarf að skila inn rekstrarskýrslu samhliða þínu persónulegu skattframtali og getur það vafist fyrir mörgum hvernig það er gert. Eins ef um íbúðarkaup og sölu sumarhúsa og eignar eins og bíla og fleira er að ræða,” segir Bryndís.

Aðspurð segir Bryndís að Íslendingar standi sig almennt mjög vel þegar kemur að skattskilum. Rafræn skil hafi einfaldað hlutina til muna og stór hópur fólks vilji hafa allt sitt í lagi. Ef skýrslan sé rétt út fyllt komi engir bakreikningar frá skattinum, enda geti fólk reiknað út skattana eftir að það hefur fyllt út skýrsluna.

## Fræðsla við unga fólk

Þó Íslendingar standi sig almennt vel þegar kemur að skattskilum telur Bryndís að þörf sé á aukinni upplýsingagjöf um fjármál. Sér í lagi fyrir ungt fólk.

„Það ætti að kenna ungu fólk í skóla að geta lesið launaseðlana sína og vita hvers vegna þú ert að greiða í lífeyrissjóð. Einnig hvað gjalddagi og eindagi reiknings er,” segir hún.

Bryndís segir að mikið hafi borið á því að ungt fólk stofni fyrirtæki samhliða fastri vinnu, eins og með leigu á gistiaðstöðu.

„Það hugsar með sér að sniðugt sé að leigja út íbúðina sína og hirða gróðann en því miður er það ekki svona einfalt og ætti unga fólk að kynna sér út í hvað það er að fara áður en bakreikningur kemur frá ríkisféhírði upp á dágóða upphæð sem það hefur ekki staðið skil á. Það setur unga fólk í slæma stöðu að þurfa að fara borga til ríkisféhírðis vexti og gjöld sem það hefur ekki hugmynd um hvers vegna það þarf að greiða. Þetta er ekki eins einfalt eins og það lítur út fyrir að vera og er Ríkisskattstjóri með námskeið um þessi málefni. Lykilatriði í þessu öllu saman er fræðsla.“

Bryndís Björk Karlsdóttir hjá Réttskilum segir að fræðsla við ungt fólk sé afskaplega mikilvæg.





# Nokkur góð sparnaðarráð

Mikilvægi sparnaðar og þess að fylgast vel með því í hvað peningarnir mínir fara.

- Ekki eyða meiru en þú aflar. Einfaldur sannleikur sem fellur aldrei úr gildi.

- Losaðu þig við yfirdráttinn, mjög óhagstæðir vextir sem geta verið íþyngjandi.

- Haltu heimilisbókhald, það marg borgar sig að hafa góða yfirsýn yfir fjármálin.

- Skipulegðu matarinnkaup-



in vel, ekki fara svangur út í búð og kaupu meira í einu og sjaldnar.

- Hjólaðu frekar en að keyra, það er góð hreyfing, gott fyrir umhverfið og gott fyrir fjárhaginn.

- Farðu vel yfir fasta útgjalda-liði heimilisins og fáðu tilboð í tryggingarnar þínar, farsímann og þar fram eftir götunum.

- Drekktu vatn, frekar en gos eða aðra sykraða drykki. Gott fyrir líkamlega og fjárhagslega heilsu.

- Afþreying er oft stór útgjalda-liður, vertu sniðug/ur og farðu í sund, fjallgöngu eða eitthvað sem kostar ekki mikla peninga.



## Námsefni fyrir börn um fjármálalæsi

Með aukinni meðvitund um fjármálalæsi undanfarin ár hefur verið horft til grunnskólanna. Nú er svo komið að fjármálalæsi er komið inn í aðalnámskrá grunnskóla.

Aflatún er námsefni fyrir börn á aldrinum 6 - 14 ára sem hefur verið þróað af Háskólanum í Reykjavík og Stofnun um fjármálalæsi. Sparnaður og skilningur á fjármálum skipa stóran sess í náms-efninu. Einnig er rík áhersla á að börnin öðlist þekkingu á mannréttindum, umhverfisvernd og samfélagslegri ábyrgð. Þá er lögð sérstök áhersla á frumkvæði og meðvitund um mikilvægi nýsköpunar og eitt af meginmarkmiðum er að nemendur taki sig saman og skipuleggi og framkvæmi samfélagslegt eða fjárhagslegt framtak sem hefur jákvæðar breytingar að leiðarljósi.

[www.fe.is/aflatun](http://www.fe.is/aflatun)



## Oft getur verið gagnlegt að einfalda hlutina

Þótt fólk sé langskólagengið í hagfræði eða viðskiptafræði er lítið sem ekkert kennt um heimilisbókahald eða rekstur heimilisins í þeim fræðum. Þá er oft gott að leita til í brunn ömmuhagfræðinnar. Ekki flækja hlutina, einfalt er oft best.

Ömmuhagfræði gengur út á að einfalda hlutina eins og mögulegt er og þannig að sem flestir skilji þá.

Að eyða aldrei um efni fram, fara sparlega með hlutina sem maður á og umgangast hlutina af virðingu. Aldrei að henda matar-afgöngum, heldur nota þangað til þeir eru fullnýtir. Lagfæra fót sem koma göt á í stað þess að henda þeim.

Næst þegar þú ert velta fyrir þér þínum eigin fjármálum skaltu hafa ömmuhagfræðina í huga og spyrja sjálfan þig spurningarinnar. Hvað hefði amma gert?

# Lækkaðu símakostnaðinn



## LEIGA Á SÍMKERFI - ÓTRÚLEGA EINFALT

### Heildarlausn fyrir þitt fyrirtæki

Þú lækkar símakostnað verulega með því að leigja símkerfi hjá okkur og láta okkur fara yfir síma- og fjarskiptamál fyrirtækisins - **Hentar öllum stærðum fyrirtækja.**



- Lægri símtalskostnaður
- Hægt að tengjast kerfi óháð staðsetningu
- Hægt að nota í farsíma
- Yfirsýn yfir símsvörun fyrirtækisins
- Öflugt skýrslukerfi
- Hjálparsvörun og þrepaval
- Hægt að taka upp öll símtöl
- Samtenging við Outlook, G-mail o.fl.
- Hóteleining

### UMSAGNIR ÁNÆGÐRA VIÐSKIPTAVINA

Í yfir 20 ár hefur Boðleið séð okkur fyrir símkerfisþjónustu með einstakri þrýði. 3CX hefur opnað fyrir okkur möguleikann til að starfa og hafa númer í nær hvaða landi sem er. Starfsmenn geta verið í innanhús símasambandi hvar sem er í heiminum á nær hvaða mobile tæki sem er, sem hefur minnkað símakostnað innanlands og til útlanda til muna. Einnig höfum við geta boðið viðskiptavinum og samstarfsaðilum mun lægri kostnað á innhringingum. Kerfið hefur tekið miklum framförum frá því við tókum það í gagnid og virðast þeir skilja vel að til þess að komast á toppinn þarf að hlusta vel á viðskiptavini og endursöluaðila. Allar leiðbeiningar fyrir notkun og stýringu á kerfinu er frítt og hægt að nálgast á vefnum þeirra. Umsjón með kerfinu, dreifing á clientum, uppsetning og varakerfi er loksins á færi kerfisstjóra fyrirtækja en ekki í höndum fátta sérfræðinga og kostnaðurinn á kerfinu er ótrúlega lítill miðað við virkni þess. Starfsmenn Boðleiðar hafa sýnt fram á gríðalega þekkingu á kerfinu og hafa alltaf verið til staðar þegar þörf hefur verið á.

**3CX er tær snilld.**

Sveinn Kristinsson  
Netstjóri / Network administrator  
VALITOR

Þantaðu fund með ráðgjafa og sjáðu hvað þitt fyrirtæki sparar  
Sími: 535 5200



BODLEIÐ ÞJÓNUSTA EHF. | AKRALIND 8 | 201 KÓPAVOGUR | SÍMI 535 5200 | [BODLEI@BODLEI.IS](mailto:BODLEI@BODLEI.IS) | [WWW.BODLEI.IS](http://WWW.BODLEI.IS)